

Staða innflytjenda á erfiðleikatímum – raddir og viðhorf

Rannsókn MIRRA – Miðstöðvar InnflytjendaRannsókna ReykjavíkurAkademíunni og Rauða kross Íslands



Hallfríður Þórarinsdóttir

Sólveig H. Georgsdóttir

Berglind L. Hafsteinsdóttir



MIRRA

Hallfríður Þórarinsdóttir

Sólveig H. Georgsdóttir

Berglind L. Hafsteinsdóttir

Staða innflytjenda á erfiðleikatímum – raddir og viðhorf

Rannsókn MIRRA – Miðstöðvar InnflytjendaRannsókna
ReykjavíkurAkademíunni og Rauða kross Íslands



MIRRA

MIRRA – Miðstöð InnflytjendaRannsókna ReykjavíkurAkademíunni.
2009 MIRRA

MIRRA – Miðstöð InnflytjendaRannsókna ReykjavíkurAkademíunni.

September 2009.

Heiti: Staða innflytjenda á erfiðleikatímum – raddir og viðhorf

Útgefandi: MIRRA – Miðstöð InnflytjendaRannsókna ReykjavíkurAkademíunni

Hringbraut 121, 4. h.

107 Reykjavík

Sími: 517 8484

Netfang: mirra@mirra.is

Veffang: www.mirra.is

Umbrot og textavinnsla: Ingólfur Júlíusson - 30 Þjófar

© 2009 MIRRA

ISBN: 978-9979-9872-1-5

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	5
Formáli og þakkir	7
I. Inngangur	8
I.I. Tilgangur og skipulag rannsókna – rannsóknarspurningar	10
I. II. Skipulag rannsóknarskýrslu	10
1. Undirbúningur, framkvæmd og úrvinnsla rannsókna	12
1.1. Undirbúningur	12
1.2. Framkvæmd	13
1.2.1. Aðferðafræði	14
1.2.1.1. Spurningalistar	14
1.2.1.2. Rýnihópar	14
1.2.1.3. Viðtöl	15
1.2.1.4. Textarýni	15
1.2.2. Úrvinnsla rannsókna	15
1.2.2.1. Afritun rýnihópafunda og viðtala	15
1.2.3. Spurningalistar	15
1.2.4. Úrvinnsla tölulegra gagna	15
1.2.5. Úrvinnsla ritaðra heimilda	15
2. Innflytjendur á Íslandi	17
2.1. Opinber stefna í málefnum innflytjenda	19
2.2. Atvinnumál	21
3. Landshlutar	24
3.1. Höfuðborgarsvæðið: Reykjavík og nærliggjandi sveitarfélög	24
3.1.1. Rýnihópafundir á höfuðborgarsvæðinu	34
3.1.1.1. Reykjavík 5.02.2009	27
3.1.1.2. Reykjavík 25.02.2009	27
3.1.1.3. Hafnarfjörður 03.03.2009	27
3.2. Suðurnes	27
3.2.1. Rýnihópafundur á Suðurnesjum 23.03.09	29
3.3. Vesturland	29
3.4. Vestfirðir	32
3.4.1. Rýnihópafundur á Vestfjörðum 09.03.09	34
3.5. Norðurland vestra	34
3.6. Norðurland eystra	36
3.6.1. Rýnihópafundur á Norðurlandi 04.03.09	37
3.7. Austurland	38

3.7.1. Rýnihópafundur á Austurlandi 23.02.09	40
3.8. Suðurland	40
3.8.1. Rýnihópafundur á Suðurlandi 11.02.09	42
4. Þessu svöruðu þau / niðurstöður spurningakönnunar	43
4.1. Uppruni og fjölskylduhagir	43
4.2. Menntun og störf	44
4.3. Fjárhagslegir þættir og afkoma	47
4.3.1. Sparnaðarleiðir	47
4.4. Áhrif kreppunnar á líðan þátttakenda	48
5. Raddir rýnihópa	49
5.1. Kreppan	49
5.1.1. Hefur þú reynslu af kreppu?	51
5.2. Lífið á Íslandi – einkum fram að kreppu	53
5.2.1. Reynsla af vinnumarkaði, upplýsingar um réttindi og skyldur	55
5.2.2. Upplifun af Íslendingum fram að kreppu	56
5.3. Hugsanlegar breytingar í kjölfar kreppu – almennt	58
5.4. Hugsanlegar breytingar í kjölfar kreppu – fjölskyldan	59
5.4.1. Afkomuótti og fjölskyldusameining eftir kreppu	60
5.4.2. Fordómar í garð barna og viðbrögð stofnana	61
5.4.3. Fordómar í garð þeirra sjálfra	62
5.5. Félagslegt umhverfi og „coping“ í kreppuástandi	65
5.5.1. Ótti við aukna þjóðernishyggu á Íslandi	67
6. Þetta vissu þau um Rauða kross Íslands	71
7. Niðurstöður rannsóknar	73
Heimildaskrá	76
Viðaukar – töflur og gröf	79
VIÐAUKI I	80
VIÐAUKI II	81
VIÐAUKI III	85
VIÐAUKI IV	88

Formáli og þakkir

Rannsóknarskýrsla þessi, Staða innflytjenda á erfiðleikatímum – raddir og viðhorf, er byggð á samnefndri rannsókn MIRRA – Miðstöðvar InnflytjendaRannsóknna ReykjavíkurAkademíunni – og er samvinnuverkefni milli MIRRA og Rauða kross Íslands – RKÍ.

Í kjölfar bankahruns í byrjun október 2008 og efnahagskreppu sem fylgdi í kjölfarið vaknaði áhugi hjá MIRRA og Rauða krossi Íslands á að kanna líðan og stöðu innflytjenda á Íslandi. Þrátt fyrir ólíkan menningarlegan uppruna og stéttarstöðu eru innflytjendur minnihlutahópur, en þeir eiga oft í vök að verjast á viðsjárverðum tímum eins og í þeim efnahagsþrengingum sem íslenskt samfélag gengur nú í gegnum. Til að komast að því hver upplifun þeirra og reynsla væri í raun og veru var nauðsynlegt að heyrja í þeim sjálfum. Forstöðumaður MIRRA og fulltrúar RKÍ hittust í nóvember í því skyni að leggja drög að hugsanlegri rannsókn þar að lútandi. Ákveðið var að hefja rannsókn þegar á nýju ári og skrifaði MIRRA undir verkefnissamning við RKÍ í byrjun janúar 2009.

Undirbúningur rannsóknar hófst seint á haustdögum 2008 en viðtöl við innflytjendur og fólk sem starfar að innflytjendamálum fóru fram frá lokum janúar og fram í apríl. Í apríl og maí fór úrvinnsla gagna fram og skýrsluskrif. Rannsókninni stýrði dr. Hallfríður Þórarinsdóttir fyrir hönd MIRRA, í samvinnu við Rauða kross Íslands. Hittust fulltrúar MIRRA og Rauða kross Íslands reglulega á meðan á rannsókninni stóð.

Rannsóknin var að stærstum hluta unnin fyrir styrktarfé en MIRRA lagði til húsnæði, alla aðstöðu og tækjakost. Styrkir til rannsóknarinnar komu frá Rauða krossi Íslands og Þróunarsjóði innflytjendamála.

Fjölmarginir lögðu hönd á plóg til að veita rannsókn þessari brautargengi. Aðstandendur rannsóknarinnar þakka þeim fjölmörgu aðilum sem veittu ómetanlegan stuðning við útvegum viðmælenda, skipulagninu rýnihópafunda og öflunar ýmissa upplýsinga. Hér ber fyrst að nefna starfsmenn Rauða kross Íslands, Helgu G. Halldórsdóttur sviðsstjóra innanlandssviðs og verkefnastjórana Gentiana Collaku og Sólborgu Pétursdóttur, sem allar vinna í höfuðstöðvum RKÍ í Reykjavík. Auk þeirra lögðu svæðisfulltrúarnir, Þóra Kristín Ásgeirsdóttir í Reykjavík, Jóhanna F. Róbertsdóttir á Suðurlandi og Suðurnesjum, María Helena Haraldsdóttir á Austurlandi, Bryndís Friðgeirsdóttir á Vestfjörðum og Guðný

Þjörnsdóttir á Norðurlandi, rannsókninni ómetanlegt lið með öflun þátttakenda, skipulagningu rýnihópafunda og móttöku á hverjum stað.

Ennfremur þakka aðstandendur rannsóknar því fjölmarga fólk sem góðfúslega veitti MIRRA ýmsar upplýsingar, hvort heldur sem um var að ræða töluleg gögn eða upplýsingar í öðru formi. Þetta eru meðal annarra starfsmenn Fjölmenningsseturs á Ísafirði, Alþjóðahúss í Reykjavík, Vinnuámalastofnunar Íslands og Hagstofu Íslands, auk fjölmargra starfsmanna stéttarfélaga víðs vegar um landið og annarra einstaklinga sem unnið hafa að málefnum innflytjenda. Án óeingingjarns liðsinnis þessa fólks hefði rannsóknin orðið verulega torsótt.

Síðast en ekki síst fá allir þeir innflytjendur sem tóku þátt í rannsókninni ómældar þakkir. Þeir gáfu tíma sinn, orku og ómetanlega innsýn inn í líf sitt á Íslandi og áskoranir í nýju landi, og deildu reynslu sinni frá heimalandinu í þeim umræðum sem fram fóru í rýnihópunum á hverjum stað. Framlag þeirra verður seint fullþakkað.

Yfirumsjón og ábyrgð rannsóknar var í höndum forstöðumanns MIRRA, dr. Hallfríðar Þórarinsdóttur. Auk hennar tóku Sólveig H. Georgsdóttir MA, sérfræðingur hjá MIRRA og Berglind L. Hafsteinsdóttir MA í alþjóðasamskiptum og millimennningarlegum tjáskiptum þátt í rannsókninni og úrvinnslu hennar. Katrín Snæhólm Baldursdóttir kom að afritun og Anna Wojtynska doktorsnemi í mannfræði við Háskóla Íslands vann við þýðingu á spurningalista á pólsku. MIRRA kann þeim bestu þakkir fyrir.

Fyrir hönd rannsóknarinnar þakkar MIRRA Helgu G. Halldórsdóttur sviðsstjóra innanlandssviðs og öðrum starfsmönnum Rauða kross Íslands fyrir mjög gott samstarf við framkvæmd rannsóknarinnar.

Vert er að taka fram að rannsóknarvinnu og skrifum skýrslu lauk að stærstum hluta í lok júní. Ákveðið var að bíða með kynningu á rannsókninni þar til í september þar eð ljóst var að erfitt yrði að halda hana í sumarleyfismánuðunum júlí og ágúst. Ekki reyndist ráðrúm til að uppfæra tölur en hins vegar var það samdóma álit aðstandenda rannsóknarinnar að setja inn í kaflann Landshlutar, almenna umfjöllun um landshlutana Vesturland og Norðurland vestra þó rannsókn hafi ekki náð til þessara svæða.

Hallfríður Þórarinsdóttir
Reykjavík september, 2009

I. Inngangur

Snemma í október 2008 urðu vatnaskil í íslensku samfélagi þegar þrjár stærstu viðskiptabankar Íslands urðu gjaldþrota og voru yfirteknir af íslenska ríkinu. Fæstir áttuðu sig á umfangi eða afleiðingum þessa hruns, en ljóst var frá upphafi að þarna var á ferðinni eitthvert umfangsmesta efnahagshrun af manna völdum í sögu þjóðarinnar.¹ Engum duldist þó að efnahagskreppa væri yfirvofandi með ófyrirsjáanlegum afleiðingum og gera mætti ráð fyrir miklum þrengingum, atvinnuleysi og aukinni hörku í samskiptum fólks. Fljótlega varð ljóst að sveitarfélög, heilbrigðisstofnanir og aðrir opinberir aðilar sem tryggja eiga velferð borgaranna þyrftu að gera neyðaráætlarnir til að bregðast við. Jafnframt blasti við að sumir þjóðfélags hópar voru í viðkvæmri stöðu. Meðal þessara hópa eru innflytjendur.

Margir hagfræðingar, erlendis sem innanlands, hafa haldið því fram að efnahagshrunið á Íslandi eigi sér ekki hliðstæðu á veraldarvísu, hvorki hvað varðar umfang né mátt.² Meðal fyrstu afleiðinga kreppunnar var geysilegur samdráttur, nánast hrun, í byggðingariðnaði með tilheyrandi uppsögnum, þar sem áður hafði verið gífurleg uppsveifla undangengin velsældar- og þensluár. Fjölmargir starfsmenn af erlendum uppruna unnu við byggingastarfsemi og er áætlað að þeir hafi um tíma verið um 40% allra starfsmanna.³ Margir þessara starfsmanna, einkum þeir sem voru hér án fjölskyldu og höfðu dvalið hér í tiltölulega skamman tíma, héldu þegar á haustdögum á brott frá Íslandi.⁴ En meginþorrinn var og er ekki á förum.⁵ Það kom í ljós að fólk sem verið hefur búsett á Íslandi um einhvern tíma og hefur bundist fjárhags- og

fjölskylduböndum er ekki á leið að yfirgefa landið. Það var þessi hópur innflytjenda – sem eðli málsins samkvæmt er ákaflega sundurleitir innbyrðis – sem vakti áhuga Rauða kross Íslands og MIRRA á að leita eftir samstarfi um könnun sem fæli í sér kortlagningu á liðan hópans á þessum efnahagslegu samdráttartímum.

Á aðeins örfáum árum hefur íslenskt samfélag tekið gífurlegum stakkaskiptum. Í aldaradur og allt fram á síðustu ár var það eitt af einsleitustu og fámennustu samfélögum á Vesturlöndum. Þó stéttamunar hafi vissulega gætt, einkenndist samfélagið af fáheyrðri einsleitni, bæði í málfarslegu, menningarlegu og trúarlegu tilliti. Þessi einsleitni heyrir nú sögunni til.

Frá því um miðja 20. öld og fram til 1997 voru erlendir ríkisborgarar á Íslandi innan við 2% af heildarmannfjölda en fór upp úr því að fjölga.⁶ Um miðjan áttunda áratuginn fór að koma til landsins fólk frá öðrum löndum en Norðurlöndunum, fólk sem þurftu atvinnuleysi. Á áttunda og langt fram á níunda áratuginn má segja að fólk af erlendum uppruna sem kom til starfa á Íslandi hafi fyrst og fremst sótt í fiskvinnslu. Í lok níunda áratugarins fór þetta að breytast þegar fyrirtæki í öðrum atvinnugreinum, s.s. í iðnaði og í umönnun, fóru að sækjast eftir því að fá til sín erlenda starfsmenn (Hampiðjan, Sláturfélag Suðurlands, Ríkisspítalar, hjúkrunarheimili o.fl.).⁷ Á þessu sama tímabili var hlutfall erlendra ríkisborgara helmingi hærra víðast hvar á Norðurlöndunum, að Finnlandi undanskildu.

Ísland varð sem kunnugt er hluti af Evrópska Efnahagssvæðinu (EES) árið 1994 og með því þurftu íslenska ríkið að taka upp sameiginlega löggjöf þess, m.a. þá sem felur í sér frjálst flæði fólks/vinnuafis á milli aðildarlanda EES og Evrópusambandsins (ESB). Í kjölfar EES-aðildar fór fólk af erlendum uppruna smám saman að fjölga hér á landi.

Upp úr síðustu aldamótum varð fjölgunin sífellt hraðari og var hlutfallið komið í 3,5% árið 2004. Frá 2005 má síðan tala um fjölskyldasprengringu því á aðeins þremur árum fjölgaði erlendum ríkisborgurum um helming og voru þeir orðnir 7,4% af heildarmannfjölda í árslok

1 Efnahagskreppan á Íslandi tengist alþjóðlegri efnahagskreppu en deilt er um að hve miklu leyti kreppan á Íslandi stafi af heimagerðum vanda. Pólítísk orðræða í íslensku samfélagi frá því á haustdögum 2008 hefur m.a. einkennst af átökum um þetta.

2 Sjá m.a. „The Collapse of a Country“ eftir Jón Daniélsson og Gylfa Zoega. Greinina má finna á: http://www.hi.is/files/skjol/felagsvisindasvid/GZ_og_JDeng-published-3-jdgz-final.pdf. Sjá einnig *Sofandi að feigdabósi* eftir Ólaf Arnarson, Reykjavík, JPV útgáfa, apríl 2009 og grein eftir hagfræðinginn Robert Wade „A Crisis of ‘The System’“ í *International Herald Tribune* 13. desember 2008.

3 Vinnuálastofnun: Karl Sigurðsson – glærur frá fyrirlestri *Erlent starfsfólk á íslenskum vinnumarkaði*. Ráðstefna Alþjóðahúss og Mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar um atvinnumál útendinga, haldin í Ráðhúsi Reykjavíkur í nóvember 2008.

4 „Mikið hefur dregið úr aðflutningi erlendra ríkisborgara síðustu misseri og fyrstu þrjú mánuði ársins var flutningsjöfnuður þeirra neikvæður um 317 manns“, segir í fréttatilkynningu á vef Hagstofu Íslands 16. apríl 2009. Þar er einnig tekið fram að tólf geti verið á því að íbúar séu felldir af íbúaskrá. Sjá: <http://www.hagstofa.is/Pages/95?NewsID=4014&templateid=8>.

5 „Útendingar snúa aftur til Íslands. Betra að vera atvinnulaus hér á landi.“ Morgunblaðið, 8. maí 2009.

6 Allar tölur sem vitnað er til í inngangi eru fengnar af vefsíðu Hagstofu Íslands: www.hagstofa.is úr talnagrunni um mannfjölda. Miðað er við nýjustu tölulegar upplýsingar, nema annað sé tekið fram.

7 Sjá t.d. Reykjavíkurbref Morgunblaðsins 30. ágúst 1987.

2008. Þessi fólksfjöldasprenging hélst í hendur við stækkun Evrópusambandsins – þegar tíu ný aðildarríki bættust við 1. maí 2004 og urðu þar með hluti af vinnumarkaðssvæði ESB og EES. Þó að íslenska ríkið hafi nýtt sér tveggja ára aðlögunartíma, sem fól í sér að allir borgarar þessara nýju aðildarríkja þurftu eftir sem áður að fá atvinnuleysi til að geta starfað á Íslandi – atvinnuleysi sem var alfarið í höndum atvinnurekanda – var fólksstreymið til landsins umtalsvert. Þann 1. maí 2006 var þessum takmörkunum aflétt og árið 2007 var hlutfallið komið í 6,0%. Á hinn bóginn hélst fólksfjöldasprenging erlendra ríkisborgara í hendur við sífellt kröftugri efnahagsþenslu með tilheyrandi eftirspurn eftir vinnuafli.

Þann 1. janúar 2009 voru erlendir ríkisborgarar á Íslandi 7,6% af heildarmannfjölda eða 24.379. Yfirgnæfandi meirihluti þeirra, eða um 85%, koma frá Evrópulöndum. Vert er að geta þess að á tímabilinu 1991–2008 var tæplega 7.000 erlendum ríkisborgurum veitt íslenskt ríkisfang og þar af hafa að jafnaði um 700 einstaklingar fengið íslenskt ríkisfang árlega frá árinu 2004 (Hagtidindi, 2009:1, 20. janúar 2009).

Streymi innflytjenda til Íslands er hluti af hnattrænu ferli alþjóðlegra búferlaflutninga sem eiga sér djúpar rætur í sögunni en Ísland er nýr áfangastaður á landakorti þessara fólksflutninga (Castles og Miller 2003; Massey et al. 1998; Unnur D. Skaptadóttir 2006). Þessa miklu búferlaflutninga til landsins má rekja til gífurlegrar efnahagsþenslu sem kallaði á þúsundir nýrra starfsmanna á vinnumarkaðinn. Samfélagið einkenndist af þenslu sem náði nánast til allra sviða samfélagsins, til landsins streymdi fólk í þúsundatali, langsamlega flestir frá Póllandi. Kjör voru góð á Íslandi og hægt að afla tiltölulega mikilla tekna á stuttum tíma. Þar lögðust á eitt mikil vinna – löng vinnuvika – og hagstætt gengi íslensku krónunnar gagnvart erlendum myntum. Um mitt ár 2008 fór að draga úr þenslunni og sem fyrr segir endaði hún í hruni þriggja stærstu einkareknu banka landsins í byrjun október. Efnahagskreppa skall á í kjölfarið.

Þegar á haustmánuðum 2008 varð gífurlegur samdráttur í atvinnulífi og miklar uppsagnir á vinnumarkaði. Í árslok var atvinnuleysi komið í tæp 5% og í marslok 2009 var það orðið tæp 9% á landsvísi en þá var atvinnuleysi meðal erlendra starfsmanna 13%. Mest er atvinnuleysi meðal erlendra starfsmanna sem áður störfuðu í mannvirkjagerð eða sem nemur 40% allra atvinnulausra í þeirri grein.⁸ Þegar efnahagsþenslan var hvað mest

árið 2007 voru erlendir ríkisborgarar hátt í 53% allra starfsmanna í mannvirkjagerð og iðnaði.⁹

Eftir því sem atvinnuleysi fer vaxandi og hagar heimilanna fer versnandi¹⁰ vakna upp spurningar meðal ráðamanna, greinenda og almennings um stöðu innflytjenda/erlendra ríkisborgara. Áhrif efnahagskreppunnar á stöðu innflytjenda ætti ekki að vanmeta. Hlutfall þeirra á vinnumarkaði á Íslandi hefur verið fast að tíu prósentustigum undanfarin ár, þó það hafi lækkað eitthvað nú á vormánuðum 2009.¹¹ Niðursveiflan er líkleg til að hafa áhrif á hverjir koma og hverjir fara. Eins er líklegt að sumar atvinnugreinar verði harðar úti en aðrar í kreppunni, eins og þegar hefur komið fram varðandi mannvirkjagerð en þar voru starfsmenn af erlendum uppruna einmitt mjög fjölmennir.

Að sama skapi er sennilegt að hluti erlendra starfsmanna, einkum þeir sem koma frá löndum utan ESB/EES og hafa ekki dvalið nógu lengi á landinu til að eiga rétt á búsetuleysi lendi nú í afar viðkvæmri stöðu.¹² Dvalarleyfið, sem gefið er út til árs í senn, er bundið við atvinnu og í höndum atvinnurekanda en ekki einstaklings. Verði einstaklingur á tímabundnu dvalarleyfi atvinnulaus, heimila íslensk lög ekki að hann fái greiddar atvinnuleysisbætur. Hér getur verið um að ræða fólk sem búið er að dvelja í landinu í einhver ár við vinnu og hefur jafnvel fjárfest í húsnæði. Segja má að þetta fólk sé nánast í fjötrum. Það getur ekki framlengt dvalarleyfi sín nema það geti sýnt fram á framfærslu og hefur því lögum samkvæmt ekki heimild til að dvelja í landinu. Það er bundið fjárhagsskuldbindingum en getur ekki losað sig úr þeim með góðu móti þar sem fasteignamarkaður er nánast frosinn.¹³ Þetta er sennilega sá hluti erlendra ríkisborgara á Íslandi sem er í hvað viðkvæmasti stöðu. Ofan á þetta bætist svo að þessir einstaklingar geta heldur ekki sótt um

9 Áætlað hlutfall erlendra starfsmanna í almennum iðnaði og mannvirkjagerð var 53% af öllum starfsmönnum í þessum greinum. Ætla má að stærstur hluti þeirra séu karlmenn (Erlent starfsfólk á íslenskum vinnumarkaði: Vinnumálastofnun 19.okt. 2007).

10 Í riti Seðlabanka Íslands Peningamál (7. maí 2009:2:41) segir orðrétt: „Samkvæmt grunnspánni sem birt er í þessu hefti Peningamála mun atvinnuleysi enn aukast á síðari hluta ársins og ná hámarki í 11% á fyrri helmingi ársins 2010. Gert er ráð fyrir að atvinnuleysi verði yfir 10% í um 1½ ár, frá síðasta fjórðungi þessa árs fram til fyrsta ársfjórðungs 2011, og verði áfram mjög mikið fram til 2013–2014.“ (<http://www.seðlabanki.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=6993>).

11 Vinnumálastofnun: Karl Sigurðsson – gætur frá fyrirlestri *Erlent starfsfólk á íslenskum vinnumarkaði*. Ráðstefna Alþjóðahúss og Mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar um atvinnumál útlendinga, haldin í Ráðhúsi Reykjavíkur í nóvember 2008.

12 Búsetuleyfi fæst eftir fjögurra ára dvöl í landinu. Sjá: <http://www.utl.is/leyfi/ees/eydublod>

13 Jafnvel þó svo væri ekki, koma gjaldþyrshöft í veg fyrir kaup og flutning á erlendum gjaldþyrri milli landa, nema sem nemur framfærslu á ferðalagi að upphæð 500.000 ISK gegn framvísun farseðils. Hér er ekki um löggjöf að ræða heldur hafa bankarnir komið sér saman um þetta fyrirkomulag, að sögn heimildamanns í Fjármálaráðuneyti.

8 Staða á vinnumarkaði VMST nr. 3/2009 auk upplýsinga frá Karli Sigurðssyni VMST til MIRRA apríl 2009.

félagslega framfærslu, því með því fyrirgera þeir rétti sínum til að sækja um ríkisborgararétt ef til þess kæmi.¹⁴

Bæði í Evrópu og Bandaríkjunum hafa innflytjendur og staða þeirra verið afar eldfimur málaflokkur og víða miðlægur í allri pólitískri orðræðu. Enn sem komið er, er varla hægt að tala um að svo hafi verið á Íslandi. Á tímum hagsældar og mikils atvinnuframboðs eins og hér hefur ríkt til skamms tíma eru árekstrar milli heimamanna og innfluttra ólíklegri en ella. Varla er heldur hægt að segja að innflytjendur hafi náð eyrum og áhuga stjórnmalamanna. Hér er vert að benda á að þrátt fyrir fjölda innflytjenda hérlendis – þeir eru fleiri en allir íbúar Vestfjarða, Norðurlands vestra og Austurlands samanlagt – þá hafa fæstir þeirra kosningarétt til þingkosninga þar sem meginþorrinn er erlendir ríkisborgarar. Ef til vill endurspeglast sú staðreynd líka í almennu áhugaleysi stjórnmalamanna.

Á tímum efnahagsþrenginga eins og þeirra sem hrjáð hafa íslenskt samfélag síðan haustið 2008 er ekki ósennilegt að viðhorf almennings í garð innflytjenda breytist og þá stjórnmalamanna sömuleiðis. Hér er full ástæða til að vera á varðbergi. Í könnun frá því í júní 2008, sem ASÍ gerði meðal ungs fólks, kom fram að margir töldu að útlendingar ættu að fá lægri laun en Íslendingar. Hér var um að ræða könnun sem gerð var áður en kreppuástand skall á.¹⁵ Þegar slík viðhorf finnast á hagsældartímum er afar brýnt að halda vöku sinni þar sem hætta er á að þeim vaxi fiskur um hrygg þegar harðnar á dalnum.

Enn sem komið er hefur sem betur fer ekki borið á slíkum viðhorfum. Sú gremja sem ólgaði í íslensku samfélagi eftir að kreppan skall á og birtist í margskonar andófi borgaranna og skipulögðum mótmælum sem náðu hámarki í s.k. búsáhaldabyllingu í Reykjavík í lok janúar 2009, beindist fyrst og fremst gegn ríkisvaldi og ráðamönnum í stjórnslunni, auk mikillar gremju í garð íslenskra auðmanna sem margir álíta helstu gerendur í efnahagshruninu. Andúð í garð erlendra ríkisborgara og/eda innflytjenda almennt hefur ekki verið sýnileg í því borgaralega andófi sem einkenndi íslenskt samfélag fyrstu mánuðina eftir að efnahagskreppan skall á.

Engu að síður er hætta á að innflytjendur, sem margir hverjir eru í viðkvæmri stöðu, finni meira fyrir neikvæðum viðhorfum af hálfu heimamanna og að harka í þeirra garð fari vaxandi samfara auknu atvinnuleysi

og versnandi lífskjörum. Áhyggjur af því að þeir taki störf frá innfæddum heimamönnum og verði byrði á velferðakerfinu, sem þegar er undir miklu álagi, geta líka vaxið. Reynsla frá öðrum löndum hefur sýnt það (Papademetriou og Somerville 2009).

Hvort sem þessi ótti á við rök að styðjast eða ekki, þá er möguleikinn fyrir hendi, að efnahagskreppa leiði til andúðar í garð innflytjenda, sem haft getur skaðleg áhrif á allt samfélagið (Papademetriou og Somerville 2009). Það var þessi vitneskja, samfara áhyggjum af velferð innflytjenda á Íslandi við þessar breyttu samfélagsaðstæður sem urðu kveikjan að rannsókninni Staða innflytjenda á erfiðleikatumum (hér eftir SIET).

I.I. Tilgangur og skipulag rannsóknar – rannsóknarspurningar

Við undirbúning rannsóknarinnar var áhersla lögð á að setja hlutina í samhengi og því var talið nauðsynlegt að kanna hvaða þættir hafa fram til þessa virkað best og hjálpað innflytjendum að finna sig í íslensku samfélagi. Ennfremur var talið mikilvægt að kanna hvort sömu hlutir hafi virkað fyrir mismunandi innflytjendahópa eða hvort munur sé á milli hópa hvað þetta varðar. Einnig var ákveðið að athuga hvaða hindranir hafi helst staðið í vegi fyrir félags- og efnahagslegri samlögun innflytjenda fram að þeim tíma er fjármálakerfið hrundi. Síðast en ekki síst var talið áhugavert að kanna hvernig innflytjendur hafa upplifað þær efnahagssviptingar sem gengið hafa yfir samfélagið og afleiðingar þeirra.

Með þessar hugmyndir að leiðarljósi leituðu rannsakendur meðal annars svara við því hvaða áhrif breytt staða krónunnar, bankanna og fjármálaumhverfisins alls hefur haft á daglegt líf innflytjenda og viðhorf þeirra til búsetu í landinu. Auk þess var skoðað hversu vel upplýsingaflæði opinberra aðila og fjölmiðla skilaði sér til innflytjenda, hvert innflytjendur leituðu helst eftir upplýsingum og aðstoð og hvaða úrræði þeir sjá fyrir sér í erfiðri stöðu. Jafnframt var talið mikilvægt að taka púlsinn á hvernig fólk upplifir sig í samfélaginu og hvernig almenn samskipti við heimamenn og traust til þeirra hefur þróast, m.a. hvort eða hvernig innflytjendur upplifi breytt viðhorf og viðmót af hálfu Íslendinga.

I. II. Skipulag rannsóknarskýrslu

Auk formála og inngangs samanstendur skýrslan af

14 Lög um ríkisborgararétt. 1952. Nr. 100, 23. desember - 9. gr. 5. tl.

15 Sjá: *Ungt fólk, samfélagið og verkaldshreyfingin. Viðhorfskönnun í maí til júlí 2008*. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. September 2008. Könnunina má finna á vef ASÍ: http://www.asi.is/Portaldata/1/Resources/documents/ASI_sk_rsla.pdf

sjö köflum. Fyrst er sagt frá undirbúningi, framkvæmd, aðferðafræði og úrvinnslu rannsóknar. Því næst er sjónum beint að búferlaflutningum til Íslands og þeir settir í sögulegt og hnattrænt samhengi og ljósi varpað á opinbera stefnu stjórnvalda í málefnum innflytjenda. Í kafla sem ber heitið Landshlutar er fókusinn þrengdur og þeir landshlutar sem rannsóknin náði til skoðaðir nánar með tilliti til íbúa- og atvinnuþróunar og þróun búsetu fólks af erlendum uppruna fléttuð inn í frásögnina. Þessu svöruðu þau – niðurstöður spurningakönnunar er kafli sem inniheldur greiningu á flokkuðum upplýsingum úr skriflegum spurningalistum sem voru lagðir fyrir þátttakendur í rýnihópa fundum. Raddir rýnihópa er sá kafli sem er sýnu stærstur. Þar er ítarleg umfjöllun um inntak samtala í rýnihópum auk beinna tilvitnana í þátttakendur Næstsíðasti kafli, Viðhorf til Rauða krossins, inniheldur úrvinnslu úr svörum við spurningum Rauða kross Íslands

og lúta að viðhorfum og vitneskju viðmælenda til starfsemi hans. Í lokakafla eru niðurstöður dregnar saman.

Heimildaskrá er svo að finna í lok rannsóknarskýrslu, auk viðauka þar sem m.a. er að finna spurningalista, bréf og kynningarefni, ásamt ýmsum töflum.

Það er von aðstandenda þessarar rannsóknar að afrakstur verkefnisins dýpki þekkingu á því hvernig innflytjendur upplifa ástandið í þjóðfélaginu og þau ferli sem eru í gangi. Þekking er undirstaða aðgerða Rauða kross Íslands og annarra aðila til að efla samfélagslega þátttöku innflytjenda. Rannsóknin er samstarfsverkefni milli RKÍ og MIRRA og kemur stærstur hluti fjármögnunar frá RKÍ. Auk þess hefur verkefnið hlotið styrk frá Félags- og tryggingamálaráðuneyti, auk fjárframlags MIRRA.

1. Undirbúningur, framkvæmd og úrvinnsla rannsóknar

1.1. Undirbúningur

Í samstarfi RKÍ og MIRRA við undirbúning rannsóknarinnar var ákveðið að hún yrði byggð á vinnu með rýnihópum á sjö mismunandi stöðum á landinu, þ.e. á höfuðborgarsvæði og á landsbyggðinni, eins og greint var frá í inngangi. Í Reykjavík voru tveir hópar og var annar þeirra s.k. „pilot-hópur“ eða prufuhópur sem rannsóknin var prufukeyrð á. Einn hópur var í Hafnarfirði. Utan höfuðborgarsvæðis voru valin fimm svæði: Vestfirðir, Norðurland eystra, Austurland, Suðurland og Suðurnes. Upphaflega var gert ráð fyrir fimm til sex hópum en þeir urðu samtals átta. Við val á stöðum var leitast við að finna samfélög sem eru mismunandi að stærð og íbúasamsetningu til að fá fram fjölbreytni.

Ákveðið var að leggja ákveðnar spurningar til grundvallar umræðum í rýnihópunum. MIRRA gerði tillögu að spurningum sem lesnar voru af nokkrum starfsmönnum RKÍ sem gerðu gagnlegar athugasemdir og lögðu til breytingar.

Spurningar sem lagðar voru fyrir þátttakendur skiptust í tvo flokka. Annars vegar voru nafnlausir spurningalistar þar sem leitað var eftir grunnvitneskju, s.s. kyni, ríkisfangi, lengd búsetu í landinu o.s.frv. Auk þess var spurt um atvinnu/atvinnuleysi og um ýmsar persónulegar aðstæður og erfiðleika sem fólk er ef til vill ekki endilega tilbúið að ræða í hóp. Ennfremur voru fjórar spurningar beint frá RKÍ sem lutu að vitneskju þátttakenda um starfsemi Rauða krossins hérlendis og almennt. Leitast var við að taka tillit til þess hve misjafnt það getur verið á milli menningarhópa hvað þykir tilhlýðilegt að tala um í áheyrn annarra og ókunnugra og hvað ekki (sjá viðauka II).

Hins vegar voru útbúnar spurningar sem lagt var upp með til umræðna í rýnihópunum. Þær spurningar voru ekki lagðar í hendur þátttakenda en voru notaðar af rannsakanda sem stjórnaði umræðum. Þessar spurningar voru ýmist lagðar fram á íslensku eða ensku eftir því hvaða tungumál var notað í hverjum hóp. Þessar spurningar voru jafnframt tiltækar á pólsku ef vera kynni að einhver Pólverji ætti erfitt með að skilja hin tungumálin.

Í rýnihópaumræðunum var reynt að fá fram hvernig

fólk upplifði þjóðfélagsástandið, hvað því fyndist hafa verið vel gert í innflytjendamálum, fyrir kreppu og eftir að hún skall á. Ennfremur var lögð áhersla á að fram kæmi hvað fólkinu þætti helst ábótavant og hvar það sæi fyrir sér lausnir, og hvert hlutverk RKÍ gæti verið í því sambandi.

Við undirbúning rannsóknar var ákveðið að samstarf RKÍ og MIRRA fælist m.a. í ákveðinni verkaskiptingu. Þann 30. janúar 2009 var haldinn fundur í aðalstöðvum RKÍ við Efstaleiti þar sem mættir voru allir sex svæðisfulltrúar RKÍ. Ákveðið hafði verið að fela fulltrúum RKÍ á hverju svæði að útvega þátttakendur í rýnihópum. Margir þeirra höfðu þegar töluverða reynslu af samskiptum við innflytjendur á sínu svæði og tóku vel í þessa ráðstöfun. Hluttur svæðisfulltrúanna var ómetanlegur og gegndu þeir lykilhlutverki við framkvæmd rannsóknarinnar. Vegna þess hve innflytjendur eru oft viðkvæmur hópur er ekki sjálfgefið að þeir séu tilbúnir að taka þátt í rannsóknum, hvað þá að tjá sig um fjárhagsstöðu, fordóma og fleiri viðkvæm mál sem hér voru til umræðu.

Svæðisfulltrúum var jafnframt falið að ákveða fundarstaði og tíma og verða rannsakendum innan handar. MIRRA sendi þeim fyrirmæli um tilhögun funda með þátttakendum. Þar var m.a. tilgreind stærð hóps og æskileg samsetning hvað varðar aldur, kyn og þjóðerni og áhersla lögð á að hafa sem mesta breidd í hópunum hvað þessa þætti varðar. Eða eins og segir í upphafi fyrirælananna:

Æskilegt er að hver hópur samanstandi af 6-8 manns hámark og kynjahlutfall sé í jafnvægi. Miðað er við að þátttakendur hafi ekki búið skemur á Íslandi en tvö og hálf til þrjú ár. Áætlað er að hver hópur hittist einu sinni í rúmlega tvo tíma, auk kaffipásu (úr tölvupósti sem MIRRA sendi öllum svæðisfulltrúum þann 19. janúar 2009).

Þá var svæðisfulltrúum sent kynningarbréf til að senda fyrirhuguðum þátttakendum. Kynningarbréfið var á íslensku, ensku og pólsku og þar var tilgangur rannsóknar tilgreindur, staður hennar og stund og umgjörð. Áhersla var lögð á að upplýsa þátttakendur um að í rannsókninni

væri gætt algjörRAR nafnleyndar þannig að svör þeirra yrðu aldrei persónugreinanleg í rannsóknarskýrslunni.

Upphaflega hafði verið gert ráð fyrir að á rýnihópafundum yrðu túlkar fyrir allt að fjögur tungumál ef þörf krefði en fljótlega kom í ljós að slíkt yrði illfrákvæmanlegt. Í fyrsta lagi blasti við að notkun túlka yrði hreinlega of kostnaðarsöm miðað við fjárhagsáætlun verkefnins. Í öðru lagi varð skipuleggjendum ljóst að notkun túlka myndi tefja allan framgang í samræðum og stöðva flæði umræðna. Þess vegna var fallið frá þeirri ráðstöfun og þess í stað ákveðið að miða við að þátttakendur gætu tjáð sig samilega vel annað hvort á íslensku eða ensku. Spurningalistar voru útbúnir á þessum tungumálum, auk pólsku, þar sem fyrirséð var að sökum fjölda Pólverja í landinu yrðu þeir að öllum líkindum tiltölulega fjölmennir í rannsókninni. Það gekk eftir.

1.2. Framkvæmd

Á fyrrgreindum samráðsfundi með svæðisfulltrúum RKÍ voru dagsetningar fyrir rýnihópafundi ákveðnar og dreifðust þær á seinni hluta febrúarmánaðar og fram í mars. Jafnframt var ákveðið að fundirnir skyldu haldnir seinni hluta dags, þ.e. að loknum hefðbundnum vinnudegi, til að gefa sem flestum tækifæri til þátttöku.

Svæðisfulltrúar RKÍ unnu svo ötullega að því að útvega þátttakendur í rannsóknina en það gekk þó misvel. Úti á landi reyndist almennt auðvelt að fá fólk til þátttöku. Á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesjum reyndist hins vegar örðugra að fá fólk til að vera með og fyrir kom að fólk sem hafði lofað að vera með dró sig til baka á síðustu stundu. Þetta olli því að breyta þurfti dagsetningum sumra fundanna og var síðasti fundur haldinn þann 23. mars. Ástæður fyrir þessu eru sjálfsgagt fleiri en ein. Eðlilegt er að plön fólks breytist en líka er hugsanlegt að einhverrar hræðslu hafi gætt hjá sumum þeirra sem ákváðu að draga sig í hlé. Hafa verður í huga að á þessum umbrotatímum hafa atvinnuuppsagnir verið úðar og ekki loku fyrir það skotið að einhverjir hafi fengið bakþanka um að þátttaka í rannsókninni gæti komið sér illa fyrir þá og þess vegna dregið sig í hlé.

Eins og fyrr greindi voru hóparnir alls átta að tölu og var heildarfjöldi þátttakenda í rannsókninni 57 manns. Töluverð kynjaslagsíða reyndist vera í þátttakendahópnum en konur voru 39 alls á meðan karlar voru aðeins 18. Þátttakendur áttu uppruna sinn í 25 löndum og allar heimsálfur utan Norður-Ameríka áttu sér fulltrúa. Frá Evrópu voru þátttakendur frá Albaníu, Bretlandi,

Frakklandi, Króatíu, Litháen, Póllandi, Portúgal, Serbíu, Slóvakíu, Tékklandi og Þýskalandi. Frá Asíu var fólk frá Filippseyjum, Indlandi, Japan, Mongólíu, Palestínu, Taílandi og Víetnam. Frá Suður-Ameríku kom fólk frá Chile, Ekvador, El Salvador og Kolumbíu. Frá Afríku voru þátttakendur frá Kenía og Tansaníu og frá Eyjaálfu voru þátttakendur frá Ástralíu. Fjöldi þátttakenda í hverjum hóp var allt frá fjórum upp í ellefu.

Að undanskildum fundi með prufuhópi, sem haldinn var í Reykjavík um miðjan dag, hófust fundir að jafnaði kl. 18 síðdegis og stóðu mislengi, yfirleitt ekki skemur en þrjá tíma og allt að þremur og hálfum tíma, eftir stærð hópa. Allsstaðar tóku svæðisfulltrúar RKÍ rausnarlega á móti rannsakendum og voru þeim innanhandar ef með þurfti. Starfsmenn MIRRA voru oftast tveir á hverjum stað með örfáum undantekningum. Í þeim tilvikum fengu þeir aðstoð frá fulltrúum Rauða krossins.

Fyrirkomulag rýnihópafundanna var þannig að byrjað var á kynningu, þar sem þátttakendur MIRRA kynntu sig og sögðu frá rannsókninni og tilgangi hennar. Því næst kynntu þátttakendur sig með nafni og sögðu stuttlega frá lengd dvalar sinnar á Íslandi og ef þeir vildu sögðu þeir örstutt frá starfi sínu og högum. Ekkert af þessum upplýsingum var hljóðritað. Því næst voru spurningalistar (á íslensku, ensku og pólsku eftir því sem við átti) lagðir fyrir með leiðbeiningum og þátttakendum tilkynnt að ef eitthvað væri óljóst mættu þeir spyrja. Tekið var hlé í samráði við þátttakendur og þá snæddur léttur kvöldverður í boði RKÍ. Ef svo bar undir var einnig tekið stutt hlé síðar. Áður en hinar eiginlegu umræður rýnihópanna hófust voru þátttakendur númeraðir. Í umræðunum voru þeir síðan ávarpaðir með númeri í stað nafns. Þetta var gert til að tryggja nafnleynd þeirra og til að auðvelda vinnu við afritun. Umræðurnar voru allar hljóðritaðar.

Mismunandi var eftir stöðum hvort einhverjir þátttakenda þekktust innbyrðis. Á minni stöðunum var það mun algengara en á stærri stöðunum. Ennfremur voru nokkur tilvik þar sem vinir mættu saman – þó ekki endilega af sama þjóðerni – og í einum þremur tilvikum voru hjón í hópnum. Áberandi var að á allflestum stöðum voru þátttakendur varir um sig til að byrja með og fóru varlega í að tala um eitthvað sem gæti virkað neikvætt. Eftir því sem leið á fundina urðu þeir öruggari með sig og áráðnari, bæði í því að tala til og segja frá hlutum sem gátu verið neikvæðir og einnig við að skiptast á skoðunum innbyrðis og jafnvel deila hverjir við aðra, þó alltaf á

vinsamlegum nótum. Fyrir kom að þátttakendur þurftu að fara áður en fundi lauk, þannig að í sumum tilvikum tóku ekki allir þátttakendur fullan þátt í umræðum. Allir svöruðu spurningalistum.

Eins og komið hefur fram var tekinn fjöldi viðtala til viðbótar umræðunum í rýnihópunum. Allt í allt voru þetta 20 viðtöl. Viðmælendur voru m.a. fulltrúar Rauða kross Íslands víðsvegar um landið og auk þeirra starfsmenn Fjölmenningssetursins á Ísafirði, Alþjóðahúss í Reykjavík, Vinnumálastofnunar Íslands og fulltrúar stéttarféлага. Lengd viðtala var á bilinu 15 mínútur að einum klukkutíma. Um þriðjungur viðtalanna var hljóðritaður og afritaður, en í hinum tók rannsakandi niður glósur. Viðtölin fóru ýmist þannig fram að starfsmaður MIRRA hiti viðmælendur augliti til auglitis eða ræddi við þá í síma.

1.2.1. Aðferðafræði

Auk einstaklingsviðtala voru viðtöl við rýnihópa meginrannsóknaraðferðin sem notuð var til gagnaöflunar í könnuninni. Rýnihópur sem rannsóknaraðferð fellur undir s.k. eigindlegar rannsóknaraðferðir (enska: qualitative research method) og er notuð bæði ein og sér og í tengslum við aðrar aðferðir, einkum notkun spurningalista og kannana sem flokkast undir s.k. meginlegar aðferðir (enska: quantitative research method). Í rannsókninni Staða innflytjenda á erfiðleikatímum voru báðar aðferðirnar notaðar, auk úrvinnslu ritadra heimilda.

Alls voru rýnihóparnir átta talsins á sjö stöðum á landinu. Staðirnir voru valdir í samráði við RKÍ og miðuðust að mestu leyti við landshlutaskiptingu hans. Þetta voru Suðurnes, Vestfirðir, Suðurland, Austurland, Norðurland eystra, Hafnarfjörður og Reykjavík þar sem talað var við tvo hópa. Hóparnir voru misstórir, allt frá fjórum þátttakendum upp í ellefu. Skriflegir spurningalistar voru lagðir fyrir hvern einstakling í rýnihópi. Einnig voru tekin viðtöl við einstaklinga, þ.e. fulltrúa RKÍ, og aðra sem vinna með innflytjendum. Auk þess var textarýni beitt í rannsókninni, unnið var úr rituðum gögnum sem lúta að innflytjendum á Íslandi. Þetta eru m.a. gögn frá Hagstofu Íslands, Vinnumálastofnun Íslands, auk annarra greina, skýrslna og ritgerða.

1.2.1.1. Spurningalistar

Þátttakendur fengu spurningalista með 40 spurningum, þar sem ýmist þurfti einungis að haka við möguleg svör eða svara með nokkrum orðum. Spurningalistar voru útbúnir á þremur tungmálum;

íslensku, ensku og pólsku. Spurningarnar skiptust í fjóra flokka eftir efni:

- Almenn grunnatriði eins og aldur, kyn, hjúskaparstaða, upprunaland, atvinnuþátttaka, lengd búsetu í landinu o.fl.
- Félagsleg tengsl og umhverfi
- Tungumálafærni og tungumálanotkun
- Persónulegar fjárhagslegar aðstæður og áhrif á fjölskylduna

Í sumum tilvikum var um að ræða spurningar sem þóttu of viðkvæmar til að ræða í áheyrn annarra. Í spurningalistanum voru auk ofangreindra þátta fjórar spurningar frá Rauða krossi Íslands um viðhorf þátttakenda og vitneskju um starfsemi samtakanna, bæði á Íslandi og í heimalandi viðkomandi (Sjá viðauka II).

1.2.1.2. Rýnihópar

Á undanförunum árum hafa rýnihópar og hópviðtöl rutt sér til rúms og notið vinselda innan félagsvísinda sem aðferð í eigindlegum rannsóknum. Þó þessi aðferð í félagsvísindalegum rannsóknum eigi sér rætur allt aftur til fjórða áratugar síðustu aldar var hugtakið rýnihópur (enska: focus group) almennt ekki notað fyrr en löngu seinna. Notkun rýnihópa blómstraði lengst af bak við tjöldin í hagnýtum markaðsrannsóknum og kom tæpast fyrir almenningssjónir fyrir en eftir 1980 og hafa vinsældir aðferðarinnar farið stigvaxandi æ síðan í félagsvísindagreinum (Lindsay og Hubley 2006; Morgan 1996).

Rýnihópur er rannsóknaraðferð sem felst í því að gagna er aflað með því að fá valinn hóp fólks í skipulagðar umræður um tiltekin málefni. Umræðuefnið er ákveðið af rannsakanda, sem jafnframt stýrir umræðunum. Þetta er ef til vill við skilgreining en í fyrsta lagi felur hún í sér að rýnihópur er rannsóknaraðferð sem miðar að gagnasöfnun. Í öðru lagi staðsetur þessi skilgreining samskiptin í hópnum sem uppsprettu gagnanna og í þriðja lagi undirstrikar hún virkni rannsakandans í því að móta umræðurnar fyrir gagnasöfnunina.

Samanburður á rýnihópaaðferðinni við aðrar hefðbundar rannsóknaraðferðir í félagsvísindum sýnir að styrkur rýnihópaliggur ekki einungis í rannsókn á skoðunum fólks heldur gefa þeir líka innsýn í uppsprettu flókinnar hegðunar og hvata. Það sem gerir umræður í rýnihópi einkar athyglisverðar er sú staðreynd að þátttakendur geta þar spurt hverjir aðra og sömuleiðis útskýrt mál sitt fyrir öðrum. Umræður í rýnihópi jafngilda því ekki

bara summu viðtala við nokkra einstaklinga (Morgan 1996). Samskiptin innan hópsins á meðan á umræðum stendur gefa líka vísbendingar um fjölbreytileika skoðana þátttakenda. Veikleiki rýnihópa felst líkt og styrkurinn í því að umræðum er stýrt, sem vekur upp spurningar um hlutverk umræðustjóra og áhrif hans á efnistöð og þátttakendur. Vissulega hefur umræðustjórnandinn mikil áhrif í rýnihópi en færast aðferðir í félagsvísindum koma algerlega í veg fyrir áhrif rannsækenda á viðföng sín.

1.2.1.3. Viðtöl

Auk viðtalanna í rýnihópunum voru tekin einstaklingsviðtöl við u.þ.b. 15 manns. Þetta voru m.a. fulltrúar Rauða kross Íslands víðsvegar um landið og auk þeirra starfsmenn Fjölmenningssetursins á Ísafirði, Alþjóðahúss í Reykjavík, Vinnumálastofnunar Íslands og fulltrúar stéttarféлага. Viðtölin fóru ýmist þannig fram að starfsmaður MIRRA hitti viðmælendur augliti til auglitis eða ræddi við þá í síma.

1.2.1.4. Textarýni

Ennfremur var aflað tölfræðilegra upplýsinga þar sem það var hægt og átti við. Tölfræðileg gögn voru m.a. sótt til Hagstofu Íslands, Vinnumálastofnunar Íslands (VMST), og á heimasíður sveitarfélaga í þeim landshlutum sem til skoðunar voru. Jafnframt var leitað fanga í prentuðum gögnum sem lúta að innflytjendum á Íslandi, m.a. ýmsum skýrslum, fræðigreinum innlendum og erlendum, lokaprófsritgerðum, blaðgreinum og öðrum þeim ritum sem talið var að kynnu að gagnast rannsókninni.

1.2.2. Úrvinnsla rannsókna

1.2.2.1. Afritun rýnihópafunda og viðtala

Eins og greint var frá að ofan voru allir rýnihópafundirnir hljóðritaðir. Lengd hvers fundar var á bilinu þrjú til þrjú og hálfur tími en lengd hljóðritana var skemmri þar sem hluti af tímanum fór í að svara spurningalistum. Hljóðupptökur af rýnihópafundum námu alls þrettán klukkustundum og hljóðrituð viðtöl voru um þrjár klukkustundir að lengd.

Strax að loknum fyrsta rýnihópafundinum – fundi prufuhóps í Reykjavík – var hafist handa við afritun á upptökum. Gífurleg vinna fólst í afritun en lauslega má áætla að það taki um eina klukkustund að afrita tíu mínútna upptöku. Þessi vinna krefst mikillar einbeitingar

og er ákaflega lýjandi. Þetta þýðir í reynd að afritun á klukkuámalangri upptöku er meira en dagsverk. Auk fastra starfsmann MIRRA, þeirra Hallfríðar Þórarinsdóttur og Sólveigar H. Georgsdóttur, voru fengnir utanaðkomandi starfsmenn til að sinna afritun. Berglind L. Hafsteinsdóttir, sem aðstoðað hafði við umræður í rýnihópum, tók ennfremur að sér að afrita fjölda rýnihópafunda og viðtala og Katrín Snæhólm Baldursdóttir afritaði einn rýnihópafundinn. Eins og komið hefur fram fóru samræður í rýnihópum ýmist fram á íslensku eða ensku eða þá að bæði tungumálin voru notuð í bland eftir því sem hentaði hverju sinni.

Þegar upp var staðið nam afrakstur þessara afritana hátt í eitt þúsund síðum. Næst var tekið til við að flokka svör einstaklinga við einstökum spurningum og þau síðan sett saman í eitt skjal. Síðan var unnið úr hverju þessara skjala og dregin fram helstu áhersluatriði, hvar þátttakendur voru sammála og hvar þá greindi á. Úrvinnslu umræðna í rýnihópum er að finna í 5. kafla.

1.2.3. Spurningalistar

Allir 57 þátttakendurnir í rýnihópunum fylltu út spurningalista áður en hópsamtölin hófust. Við úrvinnslu svaranna var ákveðnum upplýsingum teft saman til þess að fá sem fyllsta mynd úr gögnunum. Skoðuð var samsetning hópsins m.t.t. aldurs, kynja, upprunasvæða, þ.e. innan eða utan ESB, einnig voru fjölskylduhagir þátttakenda skoðaðir, svo og ástæður þess að flutt var til Íslands. Aðrar upplýsingar, s.s. um menntun, atvinnuhagi, fjárhagslega afkomu og úrræði, svo og áhrif kreppunnar á heilsu og líðan, voru síðan flokkaðar eftir þeim breytum sem eru taldar hér að ofan. Úrvinnslu spurningalistanna er að finna í 4. kafla.

1.2.4. Úrvinnsla tölulegra gagna

Eins og fram hefur komið eru opinberar tölulegar upplýsingar um fólk af erlendum uppruna á Íslandi í langflestum tilvikum miðaðar við erlenda ríkisborgara. Mjög mikil vinna fór í að greina og flokka þessi gögn. Auk þess liggja að baki þeirra tölulegu upplýsinga sem fram koma í þessari skýrslu fjölmargir útreikningar, s.s. á ýmsum hlutfallstölum er varða erlenda ríkisborgara í mannfjöldatölum Hagstofu Íslands, gögnum frá Vinnumálastofnun og fleirum.

1.2.5. Úrvinnsla ritaðra heimilda

Í rannsókninni var stuðst við fræðigreinar,

háskólaritgerðir og rannsóknarskýrslur ásamt blaðagreinum til að auka og dýpka sýn á sögu og stöðu innflytjenda, bæði í alþjóðlegu og íslensku samhengi. Enn

hefur enginn skráð sögu þróunar innflytjenda á Íslandi þó til séu ýmis gögn og ritgerðir um einstaka hópa og tímabil.

2. Innflytjendur á Íslandi

Þann 1. janúar 2009 voru erlendir ríkisborgarar á Íslandi 24.379 eða 7,6% af heildarmannfjölda. (Hag tíðindi, 2009:1 20. janúar 2009).¹⁶ Eins og fram hefur komið hefur fjöldi erlendra ríkisborgara tvöfaldast á aðeins fimm árum, þ.e. síðan 2004. Til 2008 voru öll opinber gögn um búsetu og flutning fólks erlendis frá skráð eftir ríkisfangi, þannig að um leið og erlendir ríkisborgari hlaut íslenskt ríkisfang „hvarf“ hann/hún inn í hóp íslenskra ríkisborgara.

Í ársbyrjun 2009 gaf Hagstofa Íslands í fyrsta sinn út tölur þar sem flokkað er eftir hugtakinu innflytjandi. Þar er „innflytjandi skilgreindur sem einstaklingur sem fæðist erlendis og á foreldra sem báðir hafa erlendan bakgrunn, þ.e. eru fæddir erlendis og eiga sjálfir foreldra sem fæddir eru erlendis.“ (Hag tíðindi 2009:1, bls.3). Annarrar kynslóðar innflytjendur teljast þeir sem fæddir eru á Íslandi en eiga forelda sem báðir teljast til innflytjenda. Samkvæmt þessari flokkun voru innflytjendur og afkomendur þeirra (önnur kynslóð) 8,6% af heildarmannfjölda í landinu í janúar 2008. Í Danmörku er samsvarandi tala 9,1%, í Noregi 9,7% og Hollandi 14% (ibid:7). Á þessu sést að Ísland er orðið hliðstætt nágrannalöndunum hvað varðar hlutfall innflytjenda af heildaríbúafjölda. Hagstofan heldur ennfremur til haga tölum um fjölda þeirra sem eru fæddir á Íslandi en eiga annað foreldri af erlendum uppruna og hitt af íslenskum, sá hópur var 3% af heildarmannfjölda þann 1. janúar 2008 (ibid.). Vegna þess hve stutt er síðan Hagstofa Íslands tók upp breytuna innflytjandi í þekkingarbanka sinn, verður í þessari skýrslu stuðst við breytuna erlendir ríkisborgari þegar vísað er í töluleg gögn, nema annað sé tekið fram.

Á undangengnum árum hafa alþjóðlegir búferlaflutningar heimshorna á milli farið stigvaxandi og straumur fólks af erlendum uppruna til Íslands er hluti af því hnattræna ferli. Alþjóðlegir búferlaflutningar eru ekki bara nútímamafyrirbæri heldur eiga þeir sér langa sögu sem ekki verður rakin hér.

Þegar lítið er á alþjóðlega búferlaflutninga á síðustu áratugum er ljóst að orsakir þeirra eru margvíslegar. Ójöfn skipting gæða, stríð, pólitísk átök, umhverfisslys, pólitísk kúgun og vanvirðing á mannréttindum eru allt þættir sem


hafa áhrif í þá átt að hvetja fólk til búferlaflutninga. Aukið læsi, hraðari og skilvirkari samskipti og samgöngur milli heimsálfa og ekki síst þróun hnattrænna fjölmiðla eiga stóran þátt í því að upplýsa fólk í stríðshrjáðum og fátækum löndum í Afríku, Asíu, Austur-Evrópu og Rómönsku Ameríku um aðra möguleika á betri lífskilyrðum. Alþjóðlegir búferlaflutningar í stærri stíl en nokkru sinni fyrr eru nú mögulegir fyrir þá sem tók hafa á slíku og eru tilbúnir að leggja það á sig (Castles og Miller 2003).

Viðamestu búferlaflutningar á níjándu og framan af tuttugustu öldinni voru flutningar frá Evrópu til Norður-Ameríku. Ef aðeins er lítið til Evrópu þá fór þessi þróun að breytast upp úr miðri tuttugustu öldinni þegar miklir fólksflutningar hófust innan álfunnar, aðallega frá löndum sunnan til í álfunni og norður á bóginn.¹⁷ Meðal orsaka þessara búferlaflutninga var að móttökulöndin sóttust eftir erlendu vinnuafli í störf sem ekki var hægt að fylla með innlendu vinnuafli. Þessi lönd í Norður-Evrópu (Þýskaland, Holland, Bretland, Frakkland o.fl.), voru ólík hefðbundnum innflytjendalöndum á borð við Bandaríkin, Kanada, Ástralíu og fleiri innflytjendalönd, að því leyti að í Evrópulöndunum skortu allveg hefð fyrir innflytjendum og hugmyndafræði sem lagði áherslu á langtímabúsetu. Evrópsk yfirvöld sóttust því eftir „tímabundnu“ starfsfólki, eða „gestavinnuafli“ (þýska: Gastarbeiter) eins og það var kallað. Hugmyndin var sú að þessir starfsmenn myndu snúa aftur til síns heima þegar efnahagslegar forsendur komu þeirra til móttökulandsins breyttust (Massey et al., 2005).

Sagan sýnir að þegar sú stund rann svo upp að mati ráðamanna í móttökulandinu, kom í ljós að „gestirnir“ sneru bara alls ekki til baka. Þvert á móti vildu þeir gjarnan vera um kyrrt og hófust handa við að fá fjölskyldur sínar til nýja landsins. Þó að hlutfall erlendra starfsmanna hækkaði ekki, stækkuðu samfélög útlendinga í viðkomandi löndum. Í kjölfarið hertu yfirvöld þessara landa öll skilyrði fyrir búsetu erlendra ríkisborgara upp úr miðjum áttunda áratugnum. Þrátt fyrir þá staðreynd að ríki Vestur-Evrópu hafi á s.l. þrjátíu árum sett upp og viðhaldið hamlandi innflytjendastefnu, hefur hreyfing fólks á milli heimshluta

¹⁶ „Tölum ber að taka með þeim fyrirvara að það getur dregist að útlendingar sem fá dvalarleyfi séu skráðir í íbúaskrá og á sama hátt getur orðið töf á því að einstaklingar sem flytjast af landi brott séu felldir af íbúaskrá.“ (Fréttir Nr. 50/2009 – 16.03.09 Hagstofa Íslands).

¹⁷ Benda má á *The Age of Migration* eftir Castles og Miller (2003) og bók Massey et al. (2005) *Worlds in Motion: Understanding International Migration at The End of The Millennium*. Báðar þessar bækur rekja sögu alþjóðlegra búferlaflutninga á síðari tímum.



Mynd 1: Erlendir ríkisborgarar á Íslandi 1. janúar 2009.

ekki minnkað. (Papademetriou 2006; Massey et al. 2005; Castles og Miller 2003). Árásirnar á Bandaríkin 11. september 2001 og stríðsátök í Írak og Afganistan hafa haft geysimikil áhrif á alla öryggisgæslu víðs vegar í heiminum og hafa áhrif á streymi innflytjenda. Gífurleg ásókn er í að komast til Evrópu, ekki síst meðal fólks frá Afríkulöndum sunnan Sahara, og fjölmörg dæmi eru um að fólk hætti lífi sínu í þeim tilgangi, m.a. hafa illa búnir bátar ofhlaðnir fólki farist á leið sinni til „fyrirheitna“ landsins (Bendel, 2007).

Rétt er að minna á að í reglum Evrópusambandsins og EES er kveðið á um frjálst streymi ríkisborgara á milli aðildarlanda og þurfa þeir því ekki að sækja um atvinnuleyfi innan ESB/EES. Hins vegar hefur ESB/EES ekki samþykkt neina heildarstefnu í innflytjendamálum varðandi innflytjendur frá löndum utan svæðisins. Sama máli gegnir um pólitík í innflytjendamálum, hún er rekin á þjóðríkisgrundvelli. Hvert ríki rekur því sína stefnu í þessum efnum (sjá m.a. Ette og Faist 2007).

Eins og greint var frá í inngangi hófst flutningur erlendra ríkisborgara til Íslands mun seinna en verið hafði í nágrennlöndunum. Þó erlendir ríkisborgarar

hafi vissulega flust til Íslands framan af tuttugustu öldinni er varla er hægt að tala um að stórir hópar erlendra ríkisborgara hafi farið að flytjast hingað í einhverjum mæli fyrr en á síðustu tveimur áratugum aldarinnar, með einni undantekningu þó. Þetta var hópur Þjóðverja sem hingað kom árið 1949 á vegum Búnaðarfélags Íslands.¹⁸

Það sem einkennt hefur vöxt búferlaflutninga til landsins á síðustu áratugum er hversu hraður og ákafur hann hefur verið. Fyrir utan óvenjuhraðan vöxt eru aðrir þættir sem vert er að gefa gaum. Fólkið sem streymt hefur til landsins kemur alls staðar að úr heiminum og eru fæðingarlönd þeirra vel yfir 170 að tölu. Þó eru langflestir frá Evrópu (þ.m.t. frá Norðurlöndum) eða um 85% allra erlendra ríkisborgara.¹⁹ Næst á eftir Evrópu kemur fólk frá Asíu, einkum frá Filippseyjum, Taílandi og Víetnam. Í janúar 2008 var hlutfall asískra ríkisborgara í landinu um 11%, afgangurinn deilist á hinar álfurnar. Af einstökum þjóðernum eru Pólverjar fjölmennasti hópur erlendra ríkisborgara á Íslandi eða 46%. Næstir í röðinni eru Litháar sem eru rúmlega 7% og svo Þjóðverjar, um

18 Sjá: Þýska landnámið (2008) eftir Pétur Eiríksson.

19 *Mannfjöldi eftir ríkisfangi og fæðingarlandi 1. janúar 2009*. Nr. 50/2009: Hagstofa Íslands.

5%. Tæplega 7.000 einstaklingum var veittur íslenskur ríkisborgararéttur á árunum 1991–2008.

Benda má á fleiri atriði sem einkenna hóp innflytjenda á Íslandi. Í fyrsta lagi er það búsetudreifing þeirra um landið. Ólíkt því sem gerist viðast í nágrennalöndum okkar, þar sem flestir innflytjendur búa í fjölmennum samfélögum í borgum, er dreifing innflytjenda hérlendis fremur jöfn yfir allt landið, þó vissulega séu þeir hlutfallslega flestir þar sem mestur efnahagsuppgangur hefur verið. Í Reykjavík er hlutfall erlendra ríkisborgara um 9% af mannfjölda, aðeins yfir landsmeðaltali.

Í öðru lagi má nefna kynjaskiptingu innflytjenda á Íslandi. Ef lítið er aftur um tíu til fimmtán ár, höfðu konur ætíð vinninginn yfir karla en á tímabilinu 2004–2008 snerist það við og erlendir karlar urðu mun fleiri en konur og varð hlutfallið 60% karlar og 40% konur. „Í ársbyrjun 2009 bar hins vegar svo við að erlendum körlum fækkaði frá árinu áður um 308. Erlendum konum fjölgaði aftur á móti um 1.266 frá fyrra ári.“ (Hagstofa Íslands: Fréttir Nr. 50/2009 – 16.03. 2009). Þessi mikla kynjagslasiða helgaðist af atvinnuframboði. Eins og þegar hefur verið bent á birtist efnahagsþenslan sem einkenni íslenskt samfélag á árunum 2004–2008 m.a. í gífurlegum vexti í hvers konar mannvirkjagerð, hvort heldur við byggingu virkjana, verksmiðja eða íbúðabygginga þar sem hlutfall hefðbundinna karlastarfa var mjög hátt. Á árinu 2007 var áætlað hlutfall erlendra starfsmanna í almennum iðnaði og mannvirkjagerð 53% af öllum starfsmönnum í þessum greinum. Ætla má að stærstur hluti þeirra hafi verið karlmenn (Erlent starfsfólk á íslenskum vinnumarkaði: Vinnumálastofnun 19. okt. 2007).

Í þriðja lagi er vert að benda á aldursdreifingu meðal innflytjenda og erlendra ríkisborgara. Langflestir innflytjendur á Íslandi eru á þrítugs- og fertugsaldri og innflytjendur af annarri kynslóð eru flestir undir tíu ára aldri (sjá töflu um aldursdreifingu í viðauka IV). Skýringin á þessu misræmi er fyrst og fremst sú að hingað hafa karlar komið í stórum stíl einir síns liðs og skildu þá fjölskylduna eftir heima. Einnig er um að ræða ungt barnlaust fólk (konur og karla) og svo eru mörg tilvik þar sem börnin eru skilin eftir í heimalandinu fyrst um sinn en koma svo gjarnan síðar þegar foreldrarnir hafa komið ár sinni fyrir borð í nýjum heimkynnum.

Þó flestir innflytjendur á Íslandi séu af evrópskum uppruna er rétt að undirstrika að innflytjendur eru ákaflega fjölskrúðugur hópur hvað varðar menningarlegan bakgrunn, stéttarstöðu, trúarbrögð, tungumál og reynslu.

Háskólamenntuð kona frá Mongólíu sem starfar í sínu fagi, hagfræðingur frá Perú sem vinnur í almennri umönnun á hjúkrunarheimili, þýskur líffræðingur sem starfar í sínu fagi og filippseygur blaðamaður sem vinnur í býtbúri á spítala eiga ef til vill fátt sameiginlegt annað en það að vera innflytjendur á Íslandi. Stór hluti erlendra ríkisborgara á íslenskum vinnumarkaði hefur unnið störf sem ekki krefjast sérmenntunar. Upplýsingar um menntunarstig innflytjenda eru takmarkaðar og óvíst hversu margir sérmenntaðir vinna sem ófaglærðir. Ljóst er að þekkingu á bakgrunni ólíkra innflytjendahópa á Íslandi – hvort sem lítið er á menntun, gildi og viðhorf til ýmissa samfélagslegra þátta – er stórlega áfátt og þarfnast rannsókna.

2.1. Opinber stefna í málefnum innflytjenda

Fram undir lok 20. aldar var stefna íslenskra stjórnvalda í málefnum innflytjenda fyrst og fremst miðuð við þarfir Íslendinga og þá sérstaklega þarfir vinnumarkaðarins. Aðalsjónarmiðið var að veita útlendingum leyfi til dvalar ef þeirra væri þörf á vinnumarkaði og þannig þjónuðu þeir sem „studþúði“ fyrir atvinnulífið, til að brúa bilið milli framboðs og eftirspurnar (Íris Ellenberger 2003:89).

Ef þetta einkenni stefnu íslenskra stjórnvalda á seinni helmingi tuttugustu aldarinnar mætti spyrja hvort afstaðan hafi breyst á nýrri öld.

Í janúar 2007 var í fyrsta sinn sett fram opinber stefna í málefnum innflytjenda á Íslandi undir heitinu Stefna ríkisstjórnarinnar um aðlögun innflytjenda, í samræmi við stjórnarsáttmála þáverandi ríkisstjórnar. Í stefnunni er m.a. lögð töliverð áhersla á mikilvægi íslenskukennslu fyrir innflytjendur og er íslenskukunnátta talin geta ráðið úrslitum um aðlögun innflytjenda að íslensku samfélagi. Áhersla er lögð á að „samfélagið í heild [þurfi] að vera í stakk búíð til að bregðast við nýjum og breyttum aðstæðum, á vinnumarkaði, í skólakerfinu, heilbrigðisþjónustu og annarri velferðarþjónustu ríkis og sveitarfélaga“ (Stefna ríkisstjórnarinnar um aðlögun innflytjenda 2007:2). Þessari stefnu var svo fylgt eftir í maílok 2008, þegar Alþingi samþykktu þingsályktun um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda (<http://www.althingi.is/alttext/135/s/1226.html>).

Í frétt frá Félags- og tryggingamálaráðuneytinu dagsettri 3. apríl 2008, segir:

Pingsályktunartillagan byggir á stefnumörkun í 16 liðum sem hver um sig felur í sér eina eða fleiri aðgerðir. Meðal helstu verkefna áætlunarinnar eru:

Að samin verði löggjöf um aðlögun innflytjenda sem meðal annars kveði á um atriði sem almenn löggjöf á einstökum sviðum tekur ekki til og móti stjórnkerfi innflytjendamála.

Að innflytjendur á vinnumarkaði njóti sömu kjara, réttinda og vinnuverndar og aðrir.

Að upplýsingaöflun, rannsóknir um innflytjendamál og miðlun upplýsinga til innflytjenda verði efl.

Að skráningar dvalar- og atvinnuleyfa verði einfaldaðar og samræmdar.

Að réttur til túlkabjónustu verði skýrður.

Að fyrirmyndir að móttökuáætlunum sveitarfélaga verði samdar og hlutverk ríkis og sveitarfélaga í málaflokknum skýrð.

Að mat og viðurkenning á erlendri starfsmenntun og námi verði einfaldað.

Að efnit verði til átaks gegn fordómum og mismunun og fordómafræðsla aukin.

Að íslenskukennsla og samfélagsfræðsla verði efl.²⁰

Í Stefnu ríkisstjórnarinnar um aðlögun innflytjenda eru sveitarfélög hvött til að móta stefnu í málefnum innflytjenda. Samband íslenskra sveitarfélaga samþykkti í janúar 2009 stefnumótun í málefnum innflytjenda og gaf í kjölfarið út Stefnumótun Sambands íslenskra sveitarfélaga í málefnum innflytjenda.²¹ Þar er m.a. kveðið á um verkaskiptingu og samstarf ríkis og sveitarfélaga um upplýsingagjöf og móttöku innflytjenda og lagt til að ríkið beri ábyrgð á upplýsingagjöf en einstök sveitarfélög taki að sér að annast móttöku innflytjenda.²²

Stefna ríkisstjórnarinnar um aðlögun innflytjenda og Stefnumótun Sambands íslenskra sveitarfélaga í málefnum innflytjenda eru hvor tveggja fagnaðarefni, því ljóst er að ábyrgð yfirvalda í málefnum innflytjenda er lykilatriði í farsælu sambýli heimamanna og aðfluttra. Þegar kemur að samlögun/aðlögun vega viðhorf heimamanna afar þungt. Jákvæð viðhorf innflytjenda sjálfra duga skammt

ef móttökur, viðmót og meðferð heimamanna á þeim ber á einhvern hátt merki vanvirðingar og mismununar. Einn mikilvægasti þátturinn í þessu sambandi er að innflytjendumséu tryggð öll sömu grundvallarmannréttindi og innfæddum borgurum landsins, eins og áhersla er lögð á í fyrrgreindu plaggi, Stefna ríkisstjórnarinnar um aðlögun innflytjenda.

Þegar afstaða íslenskra stjórnvalda er borin saman við önnur lönd er samanburðurinn ekki hagstæður. Í nýlegri lokaritgerð í stjórn málafræði frá Háskóla Íslands segir höfundur:

Óhætt er að segja að við löggjöf um komu útlendinga hingað til lands hafi fyrst og fremst verið lítið til þarfa íslensks atvinnulífs og um leið tryggt að innflytjendur myndu ekki verða baggi á samfélaginu. Sjónarmið eins og ábyrgð Íslands í alþjóðasamfélaginu eða mannúðarsjónarmið hafa ekki verið fyrirferðarmikil. Enda sker Ísland sig frá öðrum löndum hvað varðar samsetningu innflytjenda, þar sem þeir sem hingað koma hafa svo til eingöngu komið til að fylla störf sem ekki tókst að manna með innlendu vinnuafli. (Dröfn Haraldsdóttir 2007:33).

Þessi afstaða er óeitanlega keimlík áður nefndu „Gastarbeiter“ viðhorfi sem ríkjandi var í mörgum Evrópuríkjum fyrir nokkrum áratugum. Vert er að benda á að væntingar stjórnvalda til erlendra starfsmanna höfðu ekki breyst á árinu 2008 og væntu þau þess að þeir erlendu starfsmenn sem misstu vinnu sína, ekki síst þeir sem unnu í byggingariðnaði, sneru aftur til síns heima. Það hefur ekki gengið eftir eins og vonir stjórnvalda stóðu til. Eins og bent var á í inngangi hafa sumir starfsmenn af erlendum uppruna, t.d. Pólverjar sem fóru til síns heima á haustmánuðum, jafnvel snúið aftur til Íslands þar sem afkoma á atvinnuleysisbótum á Íslandi er betri en í Póllandi (Morgunblaðið 8. maí 2009).

Það hefur sætt töluverðri gagnrýni að allt fram til ágúst 2008 voru atvinnuleyfi allra þeirra sem hingað frá löndum utan ESB, í höndum vinnuveitenda. Þótti mörgum sem þarna væri vegið að grundvallarrétti fólks, þar sem dvalarleyfi þeirra var háð atvinnu og atvinnuleyfið í höndum tiltekins atvinnurekanda en ekki í höndum einstaklingsins sjálfs.

Reglurnar um atvinnuleyfi eru algerlega sniðnar að þörfum vinnumarkaðarins og má helst líkja aðstæðum þeirra sem hingað koma með atvinnuleyfi við vistarband eins og tíðkaðist hér í sveitum áður fyrr. Ef viðkomandi er ekki sáttur í starfi er oft ekki um annað

20 <http://www.felagsmalaraduneyti.is/frettir/frettatilkynningar/nr/3750>.

21 Sjá: http://www.samband.is/files/Stefnumotun_innflytjendur_336399185.pdf.

22 Ekki verður rakið hér hvaða sveitarfélög á landinu hafa mótað sér heildarstefnu í málefnum innflytjenda en benda má að á að Reykjavíkurborg hefur nýverið samþykkt stefnumótun í málaflokknum; sjá: „*Horft til framtíðar – Stefnumótun og aðgerðaráætlun í málefnum innflytjenda*.“ Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar. Reykjavík, mars 2009 (www.reykjavik.is).

að ræða en halda árið út, ellegar fara aftur heim (Dröfn Haraldsdóttir 2007:33).

Höfundur bendir jafnframt á að „[v]eiting atvinnuleysis [sér] flókið og seinlegt ferli sem felur í sér miklar skjalakröfur [...] fólk fyrir utan EES sem vill starfa á Íslandi þarf að finna íslenskan atvinnurekanda sem er tilbúinn að sækja um leyfið“ (ibid). Í ágúst 2008 tóku gildi lagabreytingar á lögum um atvinnuleysi, sem felast í því að efiurleiðis er atvinnuleysið gefið út á nafn einstaklings þ.e., útlendingis sem ætlar að starfa á Íslandi, en atvinnuleysið er eftir sem áður bundið hjá tilteknum atvinnuveitanda.²³

Eins og kom fram í inngangi eru ríkisborgarar landa utan ESB einna verst settir varðandi atvinnuleysi.

[Það er] nokkuð ljóst að fáir sem ekki hafa einhver tengsl við Ísland koma þennan veginn. Auk þess sem hert var verulega á reglunum gagnvart þriðju ríkisborgurum, þ.e. íbúum utan EES-landa (minna tillit tekið til fjölskyldusameininga o.fl.) um leið og undanþáguákvæði aðildarsamningsins var aflétt í maí 2006. Í raun má segja að landið sé lokað fyrir aðra en EES borgara (ibid.).

Einn viðmælenda í SIET rannsókninni, sem lengi hefur starfað við rekstur fiskvinnslu þar sem hlutfall erlendra ríkisborgara hefur lengi verið hátt, var líka á þessari skoðun. Þegar hann var spurður hvort honum fyndist að girðingar hefðu verið settar upp gagnvart fólki sem kemur frá löndum utan ESB sagði hann:

Nei, það er sko bara múr. Það er meira en girðing. Þetta er bara orðið meiriháttar mál það er bara alltaf verið að flækja kerfið. Við vorum að lenda í svona með strák hérna frá Bosníu-Hersegóvínu, hann sótti sem sagt um ríkisborgarétt hér í fyrri, þá var sagt að hann hefði haft bráðabirgðaleyfi í eitt og hálf ár, það var búið að breyta reglunum og það telst ekki með, þannig að hann þurfi að vera í ár í viðbót til þess að sækja um. Svo kemur hann aftur núna í haust þegar þetta ár er komið, en þá var búið að lengja þetta um eitt ár í viðbót, þú veist! (NN í viðtali við MIRRA 23. febrúar 2009).

Ofangreind ummæli um viðhorf íslenskra stjórnvalda til innflytjenda eins og þau birtast í afstöðu og löggjöf eru verðug umhugsunar. Ljóst er að verulegur munur er á afstöðu stjórnvalda til fólks innan ESB og utan. Það eru

tilmæli frá ESB að fólk úr aðildarríkjunum eigi að hafa forgang til atvinnu og búsetu, en þau tilmæli eru ekki bundin í lög. Hverju aðildarríki er í sjálfvald sett að túlka þessi tilmæli. Hér á landi hafa þau verið túlkuð mjög strangt.

Í upphafi árs 2007 kom út þriðja skýrsla um Ísland frá ECRI – European Commission against Racism and Intolerance – Evrópunefndar gegn rasisma og skorti á umburðarlyndi. Nefndin gerði nokkrar athugasemdir og taldi m.a. að hér á landi skorti rannsóknir á mismunum og stöðu minnihlutahópa. Ennfremur vantaði stofnun sem tæki á kynþáttamisrétti og sömuleiðis gerði ECRI athugasemd við það að úmabundin atvinnuleysi væru í höndum atvinnuveitenda, það væri auðmýkjandi og yki líkur á mismunum og væri viðsjárvert sérstaklega á samdráttartímum (ECRI – European Commission against Racism and Intolerance – www.coe.int/ecri).


Fullyrða má að Staða innflytjenda á erfiðleikátímum hafi ekki náð til þess hóps innflytjenda sem hvorki talar íslensku né ensku, þar sem skilyrði fyrir þátttöku voru að kunna annað hvort þessara tungumála nógu vel til að geta tjáð sig. Þessi hópur er að mati starfsmanna Alþjóðahúss og Fjölmenningsarseturs einna verst settur hvað varðar aðgang að upplýsingum og einnig verst settur á vinnumarkaði. Tungumálaörðugleikar gera þessum hópi erfitt fyrir og ennfremur eiga ríkisborgarar landa utan ESB/EES sem ekki hafa fengið búsetuleysi ekki rétt á atvinnuleysisbótun og geta heldur ekki fengið dvalarleyfi sitt framlengt nema þeir sýni fram á að þeir geti framfleytt sér. Þeir sem eiga hér maka eru betur settir, þar sem makinn getur veitt þeim framfærslu meðan hinir eiga yfir höfði sér brottvísun úr landi. Það kom ítrekað fram í rýnihópunum víðs vegar um landið að viðmælendur álitu að rannsakendur næðu ekki til þessa hóps. Sumir þátttakendur höfðu orð á því að jafnvel þótt fólk gæti talað ensku eða íslensku væri mjög líklegt að það væri hrætt og jafnvel í felum ef það væri búið að missa vinnu og væri frá landi utan ESB. Erfitt er að henda reiður á stærð þessa hóps.

2.2. Atvinnumál


Komið hefur í ljós að skráð atvinnuleysi meðal erlendra ríkisborgara er meira en meðal íbúa í heild í öllum landhlutum, að Norðurlandi eystra undanskildu, og líka herra en landsmeðaltal (sjá mynd 2).

Ljóst er að atvinnuleysi kemur illa niður á öllum sem

23 Sjá: Lög um breytingu á lögum nr. 97/2002, um atvinnuréttindi útlendinga, og lögum nr. 47/1993, um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins, með síðari breytingum. <http://www.althingi.is/altext/stjt/2008.078.html>



Mynd 2: Hlutfallslegt atvinnuleysi í lok mars 2009, erlent vinnuafli og allir.



Mynd 3: Atvinnuleysi erlendra ríkisborgara eftir starfsgreinum í lok mars 2009.

fyrir því verða en það kemur skelfilega niður á þeim sem eiga engan rétt á atvinnuleysisbótum. Þetta er sá hópur sem halda verður eins vökulu auga yfir og hægt er, ekki síst ef um er að ræða fjölskyldufólk með börn. Hafa verður í huga að ólíklegt er að þessi „ósýnilegi“ hópur sækir sér aðstoð nokkurs staðar þar sem skráning er nauðsynleg vegna áðurnefndra skilyrða fyrir endurnýjun dvalarleyfis.

Aðrir erlendir ríkisborgarar á atvinnuleysissskrá eru misvel settir. Þeir sem eru félagslega vel tengdir í gegnum fjölskyldu eða vini eru að líkindum mun betur settir en þeir sem eiga fáa eða enga að. Þetta er því líka hópur sem þarf að gæta að.


Eins og bent var á í inngangi hafa málefni innflytjenda fengið lítið rými í pólitískri orðræðu hérlendis, ólíkt því sem verið hefur bæði í Evrópu og Norður-Ameríku á undanförunum árum og jafnvel áratugum. Víða erlendis hefur samlögum (integration) gengið illa og sumsstaðar

komið til mikilla átaka.²⁴ Hér á landi hafa engin slík átök átt sér stað. Leiða má líkur að því að hátt atvinnustig hafi skipt þar miklu máli og hins vegar er ekki ólíklegt að samsetning hóps innflytjenda á Íslandi – flestir frá Evrópu, kristnir og ljósir á höfund – skipti máli í þessu sambandi líka, einkum hvað varðar viðhorf heimamanna til innflytjenda.

Þessi staða getur hæglega breyst ef áhrif efnahagskreppunnar sem skall á haustið 2008 aukast. Nauðsynlegt er að ítreka mikilvægi þess að staðinn verði vörður um réttindi og stöðu innflytjenda og að stjórnvöld beiti sér fyrir að svo verði.

24 Hér má benda á Frakkland haustið 2005 þegar miklar óeirðir brutust út í borgarúthverfum þar sem hlutfall innflytjenda er hátt. Sömu sögu er að segja frá Danmörku þar sem mikil spenna hefur ríkt, einkum á milli heimamanna og múslímskra innflytjenda, sem keyrði um þverbak þegar dagblaðið Jyllandsposten birti skopmyndir af Múhamed spámanni snemma hausts 2005 með þeim afleiðingum að mótmæli og óeirðir brutust út, ekki bara í Danmörku heldur víðsvegar um heiminn og þónokkrir létu lífið. Víða annars staðar gætir mikillar spennu milli innfæddra og innflytjenda.

3. Landshlutar



Mynd 4: Fjöldi erlendra ríkisborgara eftir landshlutum 1. desember 2008.

Í þessum kafla verður dregin upp mynd af öllum átta landshlutum landsins með tilliti til íbúðapróunar, hlutfalls erlendra ríkisborgara og helstu atvinnuhátta. Í rannsókninni Staða innflytjenda á erfiðleikatímum voru haldnir rýnihópafundir í sex landshlutum. Þetta eru höfuðborgarsvæði, Suðurnes, Vestfirðir, Norðurland eystra, Austurland og Suðurland. Þó ekki hafi verið haldnir rýnihópafundir á Vesturlandi eða Norðurlandi vestra er engu að síður að finna samskonar yfirlit yfir þá landshluta.


Hér er engan veginn um tæmandi úttekt að ræða, heldur er gerð tilraun til að draga fram þá þætti sem máli skipta og geta dýpkað skilning á stöðu innflytjenda á viðkomandi svæðum. Helstu atriði sem stiklað er á eru þessi: fólksfjöldaþróun, hlutfall erlendra ríkisborgara, helstu atvinnuvegir, helstu atvinnugreinar með hátt hlutfall erlendra starfsmanna, atvinnleysi almennt og meðal fólks af erlendum uppruna og að lokum er leitast við að draga fram helstu sérkenni svæðisins, viðfangsefni og vandamál sem það á við að glíma. Vert er að benda á að ekki eru til neinar heildarrannsóknir eða yfirlit um sögu og þróun innflytjenda á Íslandi og er augljóst að slíkar rannsóknir sárvantar.

3.1. Höfuðborgarsvæðið: Reykjavík og nærliggjandi sveitarfélög

Þetta svæði er eina borgarsamfélagið í landinu og samanstendur af sjö sveitarfélögum þar sem ríflega 60% landsmanna búa, eða 201.559 manns. Reykjavíkurborg er sýnu stærst með tæplega hundrað og tuttugu þúsund íbúa, Kópavogsbær telur rétt tæplega þrjátíu þúsund, Hafnarfjarðarkaupstaður tæplega tuttugu og sex þúsund, Garðabær ríflega tíu þúsund, Mosfellsbær hálft níunda þúsund, Seltjarnarneskaupstaður hálft fimmta þúsund og sveitarfélagið Álftanes hálft þriðja þúsund.

Höfuðborgarsvæðið hefur í áratugi verið annar tveggja póla í byggðapróun Íslands, sem einkennst hefur af togstreitu milli þess og landsbyggðar. Alla tuttugustu öldina hefur verið fólksfjölgun á svæðinu á kostnað fólksfækkunar á landsbyggðinni. Á árunum 1997 til 2008 var fólksfjölgun ríflega átján prósent (18,4%), eða sem nemur rúmlega þrjátíu og sjö þúsund manns (sjá viðauka III).

Þriðjungur landsmanna býr í Reykjavík og 1. janúar 2009 voru 9% íbúanna erlendir ríkisborgarar sem er ívið hærra en meðaltal erlendra ríkisborgara á höfuðborgarsvæðinu öllu, sem er 7,8%. Miklu munar á milli sveitarfélaga, á Álftanesi,



Mynd 5: Hlutfall erlendra ríkisborgara á höfuðborgar-svæðinu á síðustu 10 árum.

smæsta sveitarfélaginu, er hlutfallið sýnu lægst, 3,3%, en næsthæst í Hafnarfirði, þriðja stærsta sveitarfélaginu, 7,2%.

Innan Reykjavíkur er dreifing erlendra ríkisborgara nokkuð misjöfn. Ekki er þó beinlínis hægt að tala um innflytjendahverfi eins og þekkjast víða í borgum erlendis. Þó er ljóst að í sumum hverfum borgarinnar er hlutfall erlendra ríkisborgara og annarra innflytjenda augljóslega herra en það er að meðaltali í allri borginni. Kjalarnes, þar sem innan við tvö hundruð manns búa, er eina dreifbýlið og um leið allra fámennsta „hverfið“ eða borgarhlutinn, en þar er hlutfall erlendra ríkisborgara langsamlega hæst, eða 31%. Í Austurbænum er næsthæsta hlutfallið, rúmlega 15%, og í Breiðholti og Vesturbæ eru erlendir ríkisborgarar yfir 11% af íbúum hverfanna.²⁵ Hlutfall fólks af erlendum uppruna gæti þó verið mun herra ef teknir eru með í reikninginn allir þeir sem hlotið hafa íslenskan ríkisborgararétt. Eins og mynd 5 ber með sér, fjölgaði erlendum ríkisborgurum á höfuðborgarsvæðinu næstum um helming frá 2006 til ársbyrjunar 2009.

Á árinu 2008 bjuggu rúmlega 65% allra þeirra sem starfandi voru á vinnumarkaði á Íslandi í Reykjavík og sveitarfélögunum þar í kring (www.hagstofa.is). Eðli málsins samkvæmt er fjölbreytni í atvinnulífi mest á höfuðborgarsvæðinu. Þar eru allar helstu stofnanir ríkisins

Höfuðborgarsvæðið		
	Alls	% af erl.
Pólland	6228	39,7
Litháen	1329	8,5
Þýskaland	690	4,4
Danmörk	614	3,9
Portúgal	581	3,7

Tafla 1: Upprunalönd fjölmennustu innflytjendahópanna á höfuðborgarsvæðinu 1.1.2009.

og jafnframt stærstu vinnustaðir landsins, bæði stofnanir á vegum hins opinbera og fyrirtæki í einkarekstri. Hér má nefna stærsta vinnustað landsins, Landspítala háskólasjúkrahús (LHS) með tæplega fjögur þúsund stöðugildi og rúmlega fimm þúsund manns í vinnu.²⁶ Samkvæmt heimildarmanni LHS var hlutfall erlendra ríkisborgara af starfsmönnum LHS rétt tæp 6% í marslok 2009.²⁷

Framaðbankahrúnióktóber 2008 og efnahagskreppunni sem fylgdi í kjölfarið hafði atvinnulíf á svæðinu einkennst af geysilegri þenslu, ekki síst í byggingariðnaði og fjölgaði erlendu starfsfólki mjög mikið.²⁸ Hagvöxtur á svæðinu á

25 Þessar hlutfallstölur eru fengnar af vef Hagstofu Íslands. Hagstofa gefur ekki upp hvaða póstrúmer liggja á bak við þessa hverfaskiptingu. Sjá nánar: <http://www.hagstofa.is/?PageID=626&src=/temp/Dialog/varval.asp?ma=MAN04211%26ti=Elendir+r%EDkisborgarar+%ED+Reykjav%EDk+cfur+hverfum+2002%2D2009+%26path=../Database/mannfjoldi/Rikisfang/%26lang=3%26units=Fj%F6ldi%20/%20Hlutfall>

26 [http://www4.landspitali.is/lsh_ytri.nsf/pages/lsh_yfirlitstolur2/\\$FILE/lykiltolur_lsh_080509.pdf](http://www4.landspitali.is/lsh_ytri.nsf/pages/lsh_yfirlitstolur2/$FILE/lykiltolur_lsh_080509.pdf). Sjá ennfræmur: [http://www4.landspitali.is/lsh_ytri.nsf/pages/frettir_4685/\\$FILE/arsskyrsla_lsh_2008.pdf](http://www4.landspitali.is/lsh_ytri.nsf/pages/frettir_4685/$FILE/arsskyrsla_lsh_2008.pdf).

27 Upplýsingar gaf Hildur Magnúsdóttir hjúkrunarfræðingur og verkefnastjóri á skrifstofu mannaúsmála í samtali við MIRRA, 4. júní 2009. Af erlendum starfsmönnum á Landspítala háskólasjúkrahúsi voru 65% í almennum störfum sem ekki krefjast sérmenntunar, s.s. ræstingu og bítubúri, en 35% í störfum sem krefjast sérmenntunar, þ.á.m., hjúkrunarfræðingar.

28 Um helmingur þess fólks sem fékk útfærna kennitölu hjá Þjóðskrá frá 1. ág. 2006 til 31. júlí 2007, eða rétt um sjö þúsund manns, voru á höfuðborgarsvæðinu (Vefrit Dóms- og kirkjumálaráðuneytisins 2007:6).

tímabilinu frá 1998–2005 var sá mesti á landinu, eða 53% á móti 40% á landinu öllu (Bygðastofnun 2007).

Atvinnuþátttaka fólks af erlendum uppruna hefur verið mikil á höfuðborgarsvæðinu. Líkt og víða annars staðar eru fiskvinnslufyrirtækin að stórum hluta mönnum innflytjendum. Þeir eru og fjölmennir í ýmiss konar smáidnaði, í matvælaidnaði, s.s. kjötidnaði, brauðgerð, kexverksmiðjum o.fl., auk starfa við ýmiss konar þjónustu tengdri iðnaði og verslun. Þá hefur fólk af erlendum uppruna í mörg ár verið afar fjölmennt í ræstingu, eldhúsi og við umönnun á spítólum, hjúkrunar- og öldrunarheimilum. Í ferðaþjónustu, einkum á hótélum, gistiheimilum og veitingastöðum, starfa fjölmargir, einkum við þrif og í eldhúsi. Ennfremur hafa fyrirtæki sem starfa á alþjóðavettvangi, s.s. Marel, Össur, Íslensk erfðagreining og fleiri ráðið til sín erlenda sérfræðinga. Eftir því sem efnahagsþenslan varð meiri, urðu erlendir starfsmenn sífellt meira áberandi í framlínu við afgreiðslu í matvöruverslunum og á veitingastöðum.²⁹

Síðast en ekki síst streymdu erlendir iðnaðar- og verkamenn, mest karlmenn, til starfa í byggingariðnaði en þar má fullyrða að alger sprenging hafi orðið þegar þenslan var hvað mest en að sama skapi hefur atvinnugreinin nánast hrundið saman eftir að efnahagskreppan skall á í október 2008.

Ljóst er að ekki hafa allir erlendir starfsmenn verið skráðir í stéttarfélög, hvorki fyrir efnahagskreppu né eftir að hún skall á. Heimildarmenn þessarar rannsóknar sem MIRRA hafði samband við hjá stéttarfélagum hafa upplýst að t.d. á veitingahúsum, þar sem starfsmannaveita er oft mikil, séu margir utan stéttarféлага. Engu að síður má ætla að aðild að stéttarfélagum gefi nokkuð skýra mynd af dreifingu erlendra ríkisborgara á starfsgreinar á höfuðborgarsvæðinu.

Þegar lítið er til stærstu stéttarfélaganna á svæðinu kemur í ljós að hlutfall erlendra ríkisborgara er sýnu hæst í Eflingu-stéttarfélagi. Um mitt ár 2008, nokkru fyrir bankahrun og efnahagskreppu, var hlutfall félagsmanna af erlendum uppruna hjá Eflingu-stéttarfélagi um 40% (inni í þessari tölu eru bæði erlendir ríkisborgarar og innflytjendur sem öðlast hafa íslenskan ríkisborgarrétt). Ætla má að félagsmenn Eflingar-stéttarfélags séu á milli tuttugu og tvö til tuttugu og þrjú þúsund en erfitt er að henda nákvæmar reidur á tölu félagsmanna, m.a. sökum mikils hreyfanleika starfsmanna, mikilla uppsagna og gjaldþrota margra fyrirtækja síðan kreppan skall á.³⁰ Að teknu tilliti til þessa má

ætla að félagsmenn af erlendum uppruna hjá Eflingu séu í kringum níu þúsund manns.

Í Eflingu-stéttarfélagi eru m.a. starfsmenn á stærstu vinnustöðunum hjá Reykjavíkurborg, hjá fjármálaráðuneyti, skipafélagunum, Landsspítala-háskólásjúkrahúsi, Securitas, ISS, olíufélagunum og Kópavogskaupstað og eru launagreiðendur yfir 2000.³¹ Félagsmenn Eflingar-stéttarfélags starfa víða, eins og segir á heimasíðu félagsins:

Starfsmenn með félagsaðild að Eflingu vinna almenn störf verkafólks á sviðum flutninga, byggingarvinnu, við vegagerð og hafnarvinnu, landbúnaðarstörf og ýmsa vélavinnu sem tengist verklegum framkvæmdum. Þá vinna félagsmenn Eflingar í fjölda starfa í þjónustu ríkis og sveitarfélaga s.s. í umönnunarstörfum, þ.á.m. í heimaþjónustu, á leikskólum, í sjúkrahúsum og stofnunum, þvottahúsum og saumastofum sjúkrastofnana. Félagsmenn eru einnig starfsmenn í mótuneytum og starfa við ræstingar og hvers konar hreinlætisstörf, í efnalaugum og þvottahúsum. Almenn störf á veitinga- og gististöðum eru unnin af félagsmönnum Eflingar. Einnig eru þeir sem vinna við öryggisvörslu og fjármagnsflutninga í Eflingu-stéttarfélagi. Þá eru almenn störf í iðnaði og verksmiðjum, við vinnslu sjávarafurða og landbúnaðarafurða í Eflingu. (http://www.effling.is/um_felagid/)

VR er fjölmennasta stéttarfélagið á landinu með um 25 þúsund fasta félagsmenn. Þar var hlutfall starfsmanna með erlent ríkisfang 5% í árslok 2008. Félagssvæði VR nær til Akraness, Vestmannaeyja og Austfjarða en meginþorri félagsmanna er á höfuðborgarsvæðinu. Yfir 4000 vinnuveitendur eru með starfsmenn í VR og dreifast starfsmenn með erlent ríkisfang á margskonar störf, allt frá þeim sem ekki krefjast sérþekkingar, s.s. afgreiðslustörf í matvöruverslunum og bakaríum, til starfa í tölvufræði, líffræði og fleiri störfum sem krefjast sérfræðiþekkingar.

(<http://www.vr.is/index.aspx?GroupId=476861>).

Hjá öðrum stórum stéttarfélagum á höfuðborgarsvæðinu má nefna að á árinu 2007 voru 3% starfsmanna hjá Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar af erlendum uppruna og um 2% hjá SFR-stéttarfélagi í almannapágu (Upplýsingar til MIRRA frá SFR í september 2008).

Atvinnuleysi á höfuðborgarsvæðinu var 9,5% í marslok 2009 (www.vmst.is) og voru erlendir ríkisborgarar um 14% atvinnulausra á svæðinu.

29 Sjá m.a. Fréttablaðið (25. sept. 2007). „Neita að láta erlent fólk afgreiða sig“ (bls. 1), „Útlemsku starfsfólki sýndur dónaskapur“ (bls. 8), Leiðari: „Tvítýngdur hversdagsleiki“ (bls. 14).

30 Þessar tölur eru fengnar frá Hörpu Ólafsdóttur hagfræðingi og forstöðumanni kjaramálasviðs hjá Eflingu-Stéttarfélagi í samtali við MIRRA 4.

júní 2009.

31 http://www.effling.is/um_felagid/?ew_news_onlyarea=SubNewsArea&ew_news_onlyposition=2&cat_id=22793&ew_2_a_id=114185.

Ógerlegt er að spá um framtíðarhorfur í atvinnumálum á höfuðborgarsvæðinu í því óvissuástandi sem ríkir í íslensku efnahags- og atvinnulífi nú á vormánuðum 2009 þegar þessi skýrsla er unnin.

3.1.1. Rýnihópafundir á höfuðborgarsvæðinu

3.1.1.1. Reykjavík 5.02.2009

Áður en fundir eiginlegra rýnihópa hófust var kallaður til valinn hópur innflytjenda í Reykjavík sem margir hverjir hafa starfað ótulllega að innflytjendamálum. Tilgangur þessa fundar var að prufukeyra rannsóknarspurningarnar, auk þess sem framlag þessara þátttakenda var talið mikilvægt. Hópurinn samanstóð af fjórum konum og einum karlmanni frá þremur Evrópulöndum og einu Asíulandi. Þátttakendur voru á aldrinum 24 til 50 ára. Hópurinn hittist í höfuðstöðvum RKÍ í Efstaleiti þann 5. febrúar. Rannsakendur af hálfu MIRRA voru Hallfríður Þórarinsdóttir og Berglind L. Hafsteinsdóttir. Við prufukeyrsluna komu fram örliðir hnökrar sem lagfærðir voru, og rannsakendur fengu aðrar góðar ábendingar. Við þessa prufukeyrslu var meðal annars hægt að mæla tímamann sem fór í hvorn hluta rannsóknar.

3.1.1.2. Reykjavík 25.02.2009

Í Reykjavík hittist stór hópur fólks í húsakynnum Reykjavíkurdeildar RKÍ við Hlemm. Erfiðlega hafði gengið að fá fólk til þátttöku en úr því réttist heldur betur, því á endanum mættu þar tíu manns. Þar tók Ása Hauksdóttir, framkvæmdastjóri Garðabæjardeildar RKÍ, vel á móti tveimur starfsmönnum MIRRA, þeim Hallfríði Þórarinsdóttur og Berglindi L. Hafsteinsdóttur. Í hópnum voru sex konur, þrjár frá tveimur löndum í Asíu, tvær frá sama landi í Evrópu og tvær frá tveimur löndum í Afríku. Þrjú karlar komu frá tveimur Evrópulöndum og einn frá landi í Asíu. Umsamið var að fá þátttakendur frá Akranesi á þennan fund, þar sem enginn rýnihópafundur var haldinn á Vesturlandi. Fjórir þátttakendur í hópnum komu þaðan en þeir urðu að fara áður en fundi lauk og tóku því ekki fullan þátt í umræðum. Þátttakendur voru á aldrinum 27 til 52 ára.

3.1.1.3. Hafnarfjörður 03.03.2009

Fundurinn í Hafnarfirði var haldinn í húsakynnum RKÍ við Strandgötu og þar tók Þóra Kristín Ásgeirsdóttir RKÍ-fulltrúi höfuðborgarsvæðis vel á móti tveimur starfsmönnum MIRRA, þeim Hallfríði Þórarinsdóttur og Berglindi L. Hafsteinsdóttur. Erfiðlega hafði gengið að fá fólk til þátttöku og rýnihópurinn í Hafnarfirði var sá minnsti af öllum, aðeins

fjórir þátttakendur, þrjár konur, tvær frá Eyjaálflu, ein frá Suður-Ameríku og einn karl frá Asíu. Þátttakendur voru á aldrinum 26 til 69 ára.

3.2. Suðurnes

Fjöldi íbúa á Suðurnesjum var rúmlega 21.500 í árslok 2008. Landshlutinn Suðurnes nær yfir Reykjaneskaga, sunnan við höfuðborgarsvæðið. Á Suðurnesjum eru fimm sveitarfélög mismunandi fjölmenn. Vestan við Hafnarfjörð er Sveitarfélagið Vogar sem inniheldur þorpið Voga auk dreifbýlis á Vatnsleysuströnd, þar búa rúmlega 1.200 manns. Næstur til vesturs er Reykjanesbær, sem er fjölmennastur með ríflega fjórtán þúsund íbúa.³² Í sveitarfélaginu Garði sem er yst og nyrst á skaganum býr tæplega hálf túsund. Í Sandgerðisbæ sunnan og vestan við Garð búa ríflega fimmtán hundruð. Grindavíkurbær er eina bæjarfélagið á sunnanverðum Reykjaneskaga og þar búa tæplega þrjú þúsund manns.


Á árabílinu 1997 til 2008 fjölgaði fólki á Suðurnesjum um tæplega sex þúsund eða sem nemur um 28%. Hægt er að tala um fólksfjöldasprengingu á tímabilinu 2004 til 2008 en þá hækkaði íbúatala svæðisins um 21%.³³ Langstærstur hluti þeirra sem settust að á svæðinu í fólksfjöldasprengingunni eru erlendir ríkisborgarar. Þeim fjölgaði úr 4,5% af heildarmannfjölda á árinu 2004 í 10% í desember 2008.

Hlutfall erlendra ríkisborgara á Suðurnesjum í ársbyrjun 2009 er það næsthæsta á landinu á eftir Austurlandi. Tölurverður munur er á milli sveitarfélaga, hæst er hlutfallið í sveitarfélagunum Garði með 15% og Sandgerði með 14,5% en lægst er það í Grindavík 7,5%. Pólverjar eru fjölmennastir meðal erlendra ríkisborgara á Suðurnesjum líkt og annars staðar á landinu, eða tæp 67%, sem er hæsta hlutfall Pólverja í íslensku sveitarfélagi. Þess má geta að landsmeðaltal er 46%.

Helstu atvinnuvegir á Suðurnesjum falla undir þjónustu ýmiss konar og gnæfir þar yfir hin margvíslega þjónusta í tengslum við Keflavíkurflugvöll, sem farið hefur sívaxandi undanfarin ár. Ferðaþjónusta er og vaxandi atvinnugrein, en Bláa lónið sem er einn vinsælasti ferðamannastaður á landinu er í héraðinu. Sjávarútvegur sem áður var ein helsta

³² Reykjanesbær varð til þegar sveitarfélögin Njarðvík, Keflavík og Hafnir sameinuðust árið 1994.

³³ Sjá fólksfjöldapróun á Suðurnesjum í viðauka III.



Mynd 6: Hlutfall erlendra ríkisborgara á Suðurnesjum á síðustu 10 árum.

Suðurnes		
	Alls	% af erl.
Pólland	1394	66,7
Litháen	112	5,4
Taíland	78	3,7
Danmörk	73	3,5
Filippseyjar	64	3,1

Tafla 2: Upprunalönd fjölmennustu innflytjendahópanna á Suðurnesjum 1.1. 2009.

atvinnugrein svæðisins hefur dregist mjög mikið saman undanfarna tvo áratugi, einkum í Keflavík og Njarðvík – sem nú tilheyrir Reykjanesbæ – en þar hefur löndun og landvinnsla nánast horfið. Sömuleiðis hefur orðið mikill samdráttur í fiskvinnslu í Garði, Sandgerði og Vogum og víða hætt að landa, þó enn sé þar einhver vinnsla. Í Grindavík er hins vegar öflugur sjávarútvegur. Enginn landbúnaður er á svæðinu. Fjölmargir Suðurnesjamenn sækja enn fremur vinnu á höfuðborgarsvæðið.

Aðstreymi aðkomufólks á sér aldalanga sögu á Suðurnesjum, þar sem gjöful fiskimið og verstöðvar um allt nesið drógu til sín vermenn allstaðar að af landinu. Þorp og síðan kaupstaðir uxu fyrst og fremst í kringum útgerðina og þangað flutti fólk af öllu landinu. Koma Bandaríkjahers og tilkoma herstöðvar NATO á Keflavíkurflugvelli eftir 1950 dró sömuleiðis til sín fjölda innlends aðkomufólks sem sótti í vinnu ýmist beint hjá bandaríska hernum, hjá íslenskum fyrirtækjum sem störfuðu fyrir herinn eða við störf sem á

einn eða annan hátt tengdust alþjóðlegum flugrekstri eða þjónustu við hann.

Íbúar svæðisins bjuggu í rúm 50 ár í nánú sambýli við Bandaríkjamenn á herstöðinni á Miðnesheiði, sem var um fimm þúsund manna samfélag þegar kalda stríðið stóð sem hæst á sjöunda og áttunda áratugnum. Á þessum tíma voru íbúar svæðisins u.þ.b. helmingi færri en nú. Félags- og menningarleg áhrif hersins á samfélagið, einkum þau samfélög sem voru næst herstöðinni, eru umdeild og að einhverju leyti ennþá viðkvæmnismál. Sambýli við erlendan her var vissulega ólíkt því sem gerist almennt um sambýli heimamanna og innflytjenda, enda af allt öðrum toga, en það breytir ekki þeirri staðreynd að sambýli Suðurnesjamanna við bandaríska herinn gefur svæðinu allnokkra sérstöðu á landsvísi hvað varðar kynni af fólki af erlendum uppruna og annarri menningu. Hvort eða hvaða áhrif það kann að hafa á viðhorf og sambýli við síðari tíma innflytjendur á svæðinu er rannsóknarefni í sjálfu sér og bíður betri tíma.

Hagvöxtur á Suðurnesjum á árunum 1998–2005 var 17% en á sama tímabili var hann að meðaltali 40% á landinu öllu (Bygðastofnun 2007). Hagvöxtur á Suðurnesjum á þessu tíma tengdist að hluta auknum umsvifum við sístækkandi alþjóðaflugvöll á Keflavíkurflugvelli. Þrátt fyrir það hafa Suðurnes búið við mesta atvinnuleysi á landsvísi um árabíl. Á þessu hlutfallslega mikla atvinnuleysi eru einkum tvær skýringar.

Í fyrsta lagi var herstöð NATO endanlega lögð niður haustið 2006 að undangengnum áralöngum samdrætti. Við það hvarf önnur tveggja meginstöða atvinnulífs í héraðinu

um árabíl. Hina meginskýringuna er að finna í miklum samdrætti í sjávarútvegi. Geysilega öflug útgerð hafði verið í öllum sveitarfélögum svæðisins um áratuga skeið en eins og áður er getið er hún að mestu horfin, nema í Grindavík. Á árunum 2002 til 2007 var atvinnuleysi á Suðurnesjum frá 4,2 og lækkaði niður í 2,4% meðan það fór úr 3,0% og niður í 0,8% á landinu öllu.³⁴

Eftir að herinn fór hefur verið vöxtur í tengslum við þróun skóla og annarra þjónustustofnana á fyrrum herstöðvarsvæði. Meginuppistöðuna í atvinnulífinu, að sjávarútvegi frátöldum, er að finna í þjónustu. Þar ber hæst starfsemi í tengslum við Leifsstöð og Keflavíkurflugvöll. Í september 2008 var atvinnuleysi á Suðurnesjum 2,6% en 1,3% á landsvísu. Í lok desember 2008 var atvinnuleysi komið í 9,7% en var þá 4,8% á landsvísu. Í marslok 2009 var atvinnuleysi á Suðurnesjum það mesta á landinu eða sem nam 14,3% en var tæp 9% á landsvísu á sama tíma. Alls voru þá 1.554 skráðir atvinnulausir á svæðinu og var hlutfall erlendra ríkisborgara 16% sem eru rétt innan við 250 manns. Af þessum hópi atvinnulausra erlendra ríkisborgara var áttundi hver Pólverji.

Líkt og annars staðar á landinu er allt óljóst um þróun atvinnumála á Suðurnesjum. Vonir hafa verið bundnar við byggingu álvers í Helguvík en styrr hefur staðið um byggingu þess. Framkvæmdin hefur hlotið samþykki stjórnvalda en enn er óvíst um fjármögnun í verkefnið (sjá: www.althingi.is heimild til samninga um álver í Helguvík / Mál nr. 394).

3.2.1. Rýnihópa fundur á Suðurnesjum 23.03.09

Á Suðurnesjafundinum sem haldinn var í Keflavík í húsakynnum Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum, tók Jóhanna F. Róbertsdóttir svæðisfulltrúi RKÍ á Suðurlandi á móti starfsmönnum MIRRA, þeim Hallfríði Þórarinsdóttur og Sólveigu H. Georgsdóttur. Þar hittu starfsmenn MIRRA einnig Sveindísi Valdimarsdóttur sem starfað hefur mikið með innflytjendum á svæðinu, meðal annars við íslenskukennslu, og ræddu þær heilmikið við hana og fræddust um hagi innflytjenda. Boðað hafði verið til fundar á Suðurnesjum í febrúar og hafði hópur fólks samþykkt þátttöku en dró sig af einhverjum ástæðum til baka. Tíma tók að útvega annað fólk en á endanum rættist afar vel úr, því á fundinn mættu níu manns. Hópurinn samanstóð af sex konum, þar af voru fimm frá Evrópu og fjórar frá sama landi. Ein kona var frá Suður-Ameríku. Þrír karlar voru frá

þremur Evrópulöndum. Þátttakendur voru á aldrinum 28 til 52 ára.

3.3. Vesturland


Í árslok 2008 var fjöldi íbúa á Vesturlandi 15.720. Vesturland er víðfemt og þar eru tíu sveitarfélög, sem ná frá Hvalfirði í suðri að Vestfjarðarkjálka í norðri. Sveitarfélögin í landshlutanum eru talið frá suðvestri: Akraneskaupstaður, Hvalfjarðarsveit, Skorradalshreppur og Borgarbyggð. Á Snæfellsnesi eru Eyja- og Miklaholtshreppur, Snæfellsbær, Grundarfjarðarbær, Helgafellssveit og Stykkishólmsbær og svo Dalabyggð í Dölum. Akraneskaupstaður er fjölmennasta sveitarfélagið og bjuggu þar 6.630 manns í árslok 2008. Fámennustu sveitarfélögin á Vesturlandi eru Skorradalshreppur og Helgafellssveit sem telja hvort um sig innan við sextíu íbúa. Í sveitarfélaginu Borgarbyggð eru allar uppsveitir Borgarfjarðar, dreifbýli á Mýrum auk Borgarness og þéttbýlanna á háskólasetrunum á Bifröst og Hvanneyri. Á Snæfellsnesi eru þrjú stór sveitarfélög. Snæfellsbær er stærsta sveitarfélagið með yfir 1.700 íbúa, Grundarfjarðarbær með rétt innan við eitt þúsund manns og Stykkishólmsbær sem telur ríflega ellefu hundruð manns. Eyja- og Miklaholtshreppur er þriðja fámennasta sveitarfélagið í héraðinu með rúmlega 130 íbúa. Í Dalabyggð eru rétt yfir 700 íbúar og þar af um 240 í Búðardal, sem er eina þéttbýlið í Dölum.

Frá árslokum 1997 til ársloka 2008 fjölgaði fólki á Vesturlandi um rúmlega 11% en fjölgunin er nær eingöngu bundin við Borgarfjarðar- og Mýrarsýslu, þ.e þann hluta svæðisins sem næstur er höfuðborgarsvæðinu. (Sjá viðauka III um íbúaþróun eftir landshlutum). Fólksfjölgun hefur verið óveruleg á utanverðu Snæfellsnesi, en töluverð fækkun á innanverðu nesinu að norðan. Í Dölum hefur fjölgað lítillega.

Í ársbyrjun 2009 bjuggu 1259 erlendir ríkisborgarar á Vesturlandi og voru þeir 8,0% af öllum íbúum landshlutans. Tala þeirra rúmlega þrefaldaðist frá árinu 1999, sem er í samræmi við fjölgun á landsvísu á tímabilinu. Fjölgunin er þó nokkuð misjöfn eftir sveitarfélögum. Afgerandi mestar breytingar eru á sunnanverðu svæðinu, þar sem efnahagsþenslan og fólksfjölgunin hefur verið mest.

Ef lítið er fyrst á syðstu byggðirnar kemur í ljós að í Skorradalshreppi voru engir erlendir ríkisborgarar skráðir, hvorki árið 1999 né árið 2009. Í Hvalfjarðarsveit, sem er nýtt sveitarfélag, var hlutfall erlendra ríkisborgara

34 Allar tölur um atvinnuleysi eru fengnar af vef Vinnuálagstofnunar Íslands úr mánaðarlegum skýrslum um atvinnuástand sjá: http://www.vinnuálagstofnun.is/utgefing/efni_og_talnaefni/skyrsla_um_atvinnuastand/



Mynd 7: Hlutfall erlendra ríkisborgara á Vesturlandi á síðustu 10 árum.

5.7% árið 2009.³⁵ Á Akranesi var hlutfallið undir tveimur prósentum allt fram til ársins 2007, þá fjölgaði erlendum ríkisborgurum skyndilega um rúmlega helming milli ára og hefur hlutfall þeirra tvöfaldast síðan þá og var í upphafi árs 2009, tæp 7%. Sömu sögu er að segja frá Borgarbyggð, þar voru erlendir ríkisborgarar helmingi færri en að meðaltali í landshlutanum árið 1999. Frá árinu 2005 hefur hlutfall erlendra ríkisborgara fimmfaldast í Borgarbyggð og var 8% í upphafi árs 2009.

Á Snæfellsnesi hefur þróun verið með öðru sniði að undanskildum Eyja- og Miklaholtshreppi þar sem fjölgunin nam 17% á tímabilinu.³⁶ Ólíkt Borgarfjarðar- og Mýrasýslu, á búseta erlendra ríkisborgara sér mun lengri sögu í útgerðarbæjunum á norðanverðu nesinu en þar hefur erlendum ríkisborgurum fjölgað þrátt fyrir fólksfækkun í sumum sveitarfélögum. Í Snæfellsbæ og í Grundarfirði voru erlendir ríkisborgarar milli fimm og sex prósent um aldamótin 2000 og fjölgaði eftir miðjan áratuginn og voru 12, 5% í Snæfellsbæ í ársbyrjun 2009 og ívið fleiri í Grundarfirði eða 14%. Í báðum þessum sveitarfélögum hefur almenn fólksfjölgun verið innan, eða rétt við 1% á áratugnum frá 1999 til 2009.

Í Stykkishólmi hefur fólki hins vegar fækkað töluvert eða sem næst tíu prósentum. Athygli vekur að hlutfall erlendra ríkisborgara hefur þó haldist nokkuð stöðugt –

verið á bilinu 5 til 6% og jafnvel aðeins aukist á tímabilinu. Í Dalabyggð hefur almenn fjölgun verið ríflega 2% á áratugnum frá 1999 en hlutfall erlendra ríkisborgara hefur þrefaldast á sama tíma úr tæpum tveimur prósentum í sex.

Hlutfall erlendra ríkisborgara á Vesturlandi í ársbyrjun 2009 helst í hendur við landsmeðaltal. Líkt og annars staðar á landinu voru Pólverjar langsamlega fjölmennastir eða ríflega sextíu prósent allra erlendra ríkisborgara á svæðinu, sem er nærfellt tuttugu prósentum fyrir ofan landsmeðaltalið. Þjóðverjar og Litháar koma næstir og eru nánast jafnmargir í landshlutanum, rétt innan við fimm prósent hvor hópur um sig, hlutfall þessara hópa er ekki fjarri landsmeðaltali.

Sögulega séð, hafa landbúnaður og sjávarútvegur verið undirstöðuatvinnugreinar á Vesturlandi líkt og víða annars staðar. Borgarfjarðarhérað er eitt af stærstu landbúnaðarhéraðum landsins og landbúnaður er jafnframt undirstöðuatvinnugrein á sunnanverðu Snæfellsnesi og í Döllum. Sjávarútvegur á sér aldalanga sögu, einkum á Snæfellsnesi og Akranesi.

Akranes byggðist upp í kringum sjávarútveg og var í röð öflugustu útgerðarbæja á landinu um langa hríð. Sjávarútvegur og fiskvinnsla eru ekki eins fyrirferðamikil í dag og áður og þar er nú fjölbreyttur iðnaður, s.s., sementverksmiðja, skipasmíðastöð auk verslunar og þjónustu og stutt er í stóriðjuna á Grundartanga í Hvalfjarðarsveit. Með tilkomu Hvalfjarðarganga hafa íbúar Akraness í auknu mæli sótt vinnu á

35 „Hvalfjarðarsveit varð til 1. júní 2006 með sameiningu fjögurra hreppa sem oft voru kallaðir “hrepparnir sunnan Skarðsheiðar.” Þetta voru Hvalfjarðarstrandarhreppur, Skilmannahreppur, Leirár- og Melahreppur og Innri-Akraneshreppur. Hið nýja sveitarfélag fékk nafnið Hvalfjarðarsveit.“ <http://www2.hvalfjardarsveit.is/um-hvalfjardarsveit/>

36 Á Miðhrauni í Eyja- og Miklaholtshreppi er rekin fiskverkun, sem dregið hefur til sín erlenda starfsmenn.

Vesturland		
	Alls	% af erl.
Pólland	798	63,4
Pýskaland	60	4,8
Litháen	59	4,7
Danmörk	32	2,5
Filippseyjar	30	2,4

Tafla 3: Upprunalönd fjölmennustu innflytjendahópanna á Vesturlandi 1.1.2009.

höfuðborgarsvæðið enda innan við klukkutímaakstur. Lengst af var landbúnaður aðalatvinnuvegurinn í Hvallfjarðarsveit en tilkoma stóriðju á Grundartanga og aukning í ferðaþjónustu hefur skapað meiri fjölbreytni á undangengum áratugum. Í Borgarbyggð var landbúnaður lengst af sú atvinnugrein sem allt snerist um. Á síðustu árum hefur hefðbundinn iðnaður og ferðaþjónusta, auk starfsemi háskólanna á Bifröst og Hvanneyri, fengið aukið vægi. Í Borgarbyggð líkt og í Skorradalshreppi hefur skapast töluverð atvinna við uppbyggingu sumarbústaða og sveitasetra.

Líkt og fram hefur komið var hlutfall erlendra ríkisborgara á Akranesi og í Borgarbyggð langt fyrir neðan landsmeðaltal og landshlutameðaltal allt fram til árana 2006 og 2007 þegar alger bylting varð þar á. Umskiptin voru í beinu sambandi við efnahagsþensluna sem varð á svæðinu, einkum í byggingariðnaði. Allt fram til ársins 2005 var hlutfall erlendra ríkisborgara undir tveimur prósentum í báðum sveitarfélögum og fór þá að stíga og var komin í tæp 7% á Akranesi í ársbyrjun 2009 og í 8% í Borgarbyggð á sama tíma. Pólverjar eru langfjölmennasti hópur erlendra ríkisborgara á Akranesi eða nærri 70% og í Borgarbyggð eru þeir rúmlega 60%. Í báðum sveitarfélögum eru pólskir karlmenn nærri tveir þriðju hlutar allra Pólverja. Skýringuna á þessari karlaslagsíðu má rekja til framboðs á hefðbundnum karlastörfum í byggingariðnaði á svæðinu. Í Borgarbyggð var það einkum fyrirtækið Loftorka, sem framleiðir bæði húseiningar og rör, sem laðaði til sín erlenda iðnverkamenn og iðnaðarmenn, einkum Pólverja. Fjölmargir þeirra erlendu ríkisborgara sem fluttu á Akranes, komu til að starfa í byggingariðnaði bæði á heimaslóð og svo á höfuðborgarsvæðinu.

Snæfellsbær er landmikið bæjarfélag og nær yfir stóran hluta nessins að sunnan sem að mestu er dreifbýli og landbúnaður uppistaðan í atvinnulífinu. Að norðan í þéttbýlum á Rífi, Hellissandi og í Ólafsvík

er sjávarútvegur burðarásinn í atvinnulífi, og einnig í Grundarfirði en í minna mæli í Stykkishólmi þar sem hlutur þjónustu er stærri. Í aldanna rás dróu verstöðvar á Snæfellsnesi til sín mannafla úr öðrum byggðarlögum landsins. Þéttbýliskjarnar mynduðust snemma bæði við verbúðir einkum yst á vestan- og norðanverðu nesinu við verslunarstaði við Rífsós, síðar Ólafsvík og svo Stykkishólm.³⁷ Aðkomufólk á sér langa sögu á Snæfellsnesi þó fólk erlendis frá hafi ekki sótt þangað í ríkum mæli fyrr en á síðustu áratugum.

Líkt og fram hefur komið hefur hlutfall erlendra ríkisborgara lengi verið tiltöllega hátt á Snæfellsnesi og fiskvinnslan verið aðaladráttaraflið. Á áttunda og níunda áratugnum voru erlendir starfsmenn í fiskvinnslu á Vesturlandi líkt og annars staðar iðulega í tímabundnum störfum og dvöldu á landinu einvörðungu meðan á vinnu stóð. Í fyrstu voru Ástralir og Nýsjálendingar áberandi í þessum hópi en eftir 1990 fóru Pólverjar að sækja á auk annara útlendinga.³⁸ Pólverjar eru líkt og annars staðar langfjölmennasti hópur erlendra ríkisborgara á Snæfellsnesi. Ólíkt karlaslagsíðunni meðal Pólverja í Borgarbyggð og á Akranesi þá er kynjahlutfall bæði meðal Pólverja og meðal erlendra ríkisborgara á Snæfellsnesi almennt nokkuð jafnt. Í Dalabyggð er engin fiskvinnsla en þar vinna erlendir ríkisborgarar í störfum tengdum landbúnaði m.a. í mjólkurbúinu í Búðardal. Pólverjar eru rétt yfir helmingur allra erlendra ríkisborgara í sveitarfélaginu og karlmenn nokkuð fleiri en konur, þó er kynjahlutfall meðal erlendra ríkisborgara nánast jafnt, þegar litið er á allan hópinn.

Á Vesturlandi var hagvöxtur um 30% frá 1998-2005 - þriðji hæsti á landinu á eftir höfuðborgarsvæðinu og Austurlandi. Vöxtur var í iðnaði og þjónustu og ennfremur vó uppbygging stóriðju á Grundartanga þungt. Á árunum frá 2005 og fram að bankahruni og efnahagskreppu haustið 2008 var gífurlegur vöxtur í byggingariðnaði einkum í Borgarbyggð og á Akranesi, sem hefur líkt og á öðrum þenslusvæðum beðið mikið skipbrot. Erfitt er að spá um atvinnuþróun og fólksfjöldaþróun á svæðinu en ljóst er að sveitarfélögin næst höfuðborgarsvæðinu nutu góðs af hagvaxtarskeiðinu sem endaði skyndilega með

37 Oscar Clausen. (1967- 1968). Sögur og sagnir af Snæfellsnesi. I og II. Hafnarfjörður: Skuggsjá.

38 Sjá: „Útlent verkafólk um alla Vestfirði“ (Alþýðublaðið 1978, 29. mars), „Frystihús mikið til búin að ráða erlent verkafólk“ (Morgunblaðið 1987, 6. október), „Atvinnulífið á síðasta ári: 1800 útlendingum veitt atvinnuleyfi“ (Morgunblaðið 1990, 25. janúar), „Um fimm hundruð útlendingar starfa nú hérlandis við fiskvinnslu“ (Morgunblaðið 1991, 6. október), „Erlendum ríkisborgurum fjölga“ (Morgunblaðið 2000, 11. október).

bankahrúni haustið 2008. Að sama skapi hefur kreppan komið meira við þau sveitarfélög en t.d. sveitarfélögin sem eru lengra í burtu og voru síður þátttakendur í þenslunni.

Á árunum frá 1999 til 2009 var atvinnuleysi á Vesturlandi 1,26% að meðaltali en þá var landsmeðaltalið tæplega 2% yfir allt tímabilið. Í marslok 2009 var almennt atvinnuleysi á Vesturlandi 6% en meira en helmingi herra eða 13% meðal erlendra ríkisborgara á svæðinu. Landsmeðaltal var á sama tíma 9% almennt en 13% meðal erlendra ríkisborgara.

Líkt og fram hefur komið voru engir rýnihópafundir haldnir á Vesturlandi.

3.4. Vestfirðir

Í árslok 2008 var fjöldi íbúa á Vestfjörðum 7.372. Í landshlutanum eru tíu sveitarfélög. Að norðanverðu eru Bolungarvíkurkaupstaður, Súðavíkurhreppur og Ísafjarðarbær, sem auk Skutulsfjarðar nær til Önundarfjarðar og Dýrafjarðar í suðri. Sveitarfélög á sunnanverðum Vestfjörðum eru Tálknafjarðarhreppur, Vesturbyggð og Reykhólahreppur. Að austanverðu í Strandasýslu eru Árneshreppur, Bæjarhreppur, Kaldrananeshreppur og Strandabyggð. Langflestir búa í Ísafjarðarbæ, Bolungarvík og Súðavík eða rúmlega fimm þúsund. Rétt innan við 1.500 búa á sunnanverðum Vestfjörðum og í Reykhólasveit og innan við 750 í sveitarfélögunum í Strandasýslu. Fólksfækkun á árunum 1999-2008 var um 1,5% á ári að meðaltali.³⁹ Síðastliðin tvö til þrjú ár hefur þó örlítið dregið úr fólksfækkuninni.

Hlutfall erlendra ríkisborgara á Vestfjörðum var 9,5% desember 2008, sem dreifist ójafnt milli ofangreindra þriggja svæða og er sýnu lægst á Ströndum þar sem það er einungis 1,3%. Til skamms tíma voru Vestfirðir sá landshluti þar sem hlutfall innflytjenda var það hæsta á landinu. Árið 2000 voru erlendir ríkisborgarar 6% af heildaríbúafjölda í landshlutanum, þegar landshlutfall var 3,4%. Athygli vekur að hlutfall erlendra ríkisborgara hefur ekki lækkað þótt Vestfirðir hafi verið komnir niður í þriðja sæti á landsvísi í janúar 2009, á eftir Austfjörðum og Suðurnesjum. Þá eru ótaldir allir þeir sem hlotið hafa íslenskan ríkisborgararétt en ætla má að þeir séu þónokkrir, þar sem svæðið á sér hlutfallslega langa sögu búsetu fólks af erlendum uppruna.⁴⁰ Pólverjar eru líkt

Vestfirðir		
	Alls	% af erl.
Pólland	443	61,7
Slóvakía	48	6,8
Taíland	34	5
Filippseyjar	27	3,8
Þýskaland	27	3,8

Tafla 4: Upprunalönd fjölmennustu innflytjendahópanna á Vestfjörðum 1.1.2009.

og annars staðar á landinu langfjölmennastir og eru um 62% allra erlendra ríkisborgara á Vestfjörðum. Næstir eru Slóvakar, tæplega 7%, þá Taílandingar 5% og svo eru Filippseyingar og Þjóðverjar jafnir eða tæplega 4% hvor hópur fyrir sig.

Þorp og kaupstaðir á Vestfjörðum byggðust fyrst og fremst upp í kringum sjávarútveg, sem lengst af hefur verið uppistaðan í atvinnulífnum. Lengi framan af tuttugustu öldinni streymdi fólk annars staðar að af landinu á vertíð á Vestfjörðum. Erlent starfsfólk á sér þar ennfremur lengri og samfelldari sögu en víða annars staðar. Líkt og víða við sjávarsíðuna settu Færeyingar svip sinn á fiskveiðar og vinnslu á Vestfjörðum um miðbik síðustu aldar (Morgunblaðið 30. ágúst 1987:33). Um og upp úr 1973 fóru erlendir starfsmenn, einkum ungar konur frá Ástralíu, Nýja-Sjálandi og Bretlandi að sækja í störf við fiskvinnslu þar.⁴¹ Venjulega var um tímabundna ráðningu að ræða, 6–9 mánuði, og atvinnuleyfin í höndum atvinnurekenda. Á næsta áratug á eftir fór þessu farandverkafólki fjölgandi, í fyrrgreindan hóp bættust Kanadamenn og Norðurlandabúar, sem þurftu ekki að sækja um atvinnuleyfi.⁴² Um 1990 voru breskir ríkisborgarar orðnir langfjölmennastir í þessum hópi, svo Bandaríkjamenn, Þjóðverjar og Írar. Á þessu tíma fóru fyrstu Pólverjarnir að gera vart við sig og sömuleiðis fólk frá Asíu, einkum Filippseyjum og Taílandi.⁴³ Innflytjendum á Vestfjörðum fjölgaði svo jafn og þétt og árið 1998 voru erlendir ríkisborgarar orðnir ríflega fimm prósent af mannfjölda meðan landsmeðaltalið var 2%.

Mikill samdráttur í útgerð og vinnslu hefur einkennt svæðið undanfarin misseri og fá önnur atvinnutækifæri staðið til boða. Á árunum 1998–2005

39 Sjá fólksfjöldapróun á Vestfjörðum í viðauka III.


40 Tölur um veitingu íslensks ríkisfangs eftir búsetu eru ekki fánlegar hjá Hagstofu Íslands.

41 "Vestfirðingar flytja inn fleiri stúlkur en áður" *Morgunblaðið* 12. nóv. 1976.

42 „Hvað finnst þér um innflutning erlends vinnuafli?“ *Morgunblaðið* 1.

nóv. 1987 og „Frystihús mikið til búin að ráða erlent vinnuafli.“ *Morgunblaðið* 6. október 1987.

43 „Atvinnulífið á síðasta ári: 1800 útendingum veitt atvinnuleyfi“ *Morgunblaðið* 25. jan. 1990.



Mynd 8: Hlutfall erlendra ríkisborgara á Vestfjörðum á síðustu 10 árum.

var hagvöxtur neikvæður um 3% (Byggingastofnun 2007). Árið 2007 voru aflaheimildir minnkaðar sem leiddi af sér töluverðar uppsagnir í fiskvinnslu. Af því tilefni gerði Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands könnun á viðhorfum starfsfólks í fiskvinnslu á norðanverðum Vestfjörðum (Kristín Erla Harðardóttir 2007). Könnunin náði til allra sem störfuðu í fiskvinnslu í sjö plássum á svæðinu, utan Ísafjarðar. Í könnuninni kemur fram að 65% allra yfir 18 ára aldri sem störfuðu í fiskvinnslu komu erlendis frá. Langflestir voru frá Póllandi, eða ríflega 43%, rúmlega 13% áttu uppruna sinn í Asíu og ríflega 7% í öðrum löndum. Þetta háa hlutfall starfsmanna af erlendum uppruna í fiskvinnslu á Vestfjörðum segir sína sögu. Um þriðjungur þessa fólks hafði búið á Íslandi skemur en þrjú ár, um fjórðungur í þrjú til sjö ár og um fimmtán prósent höfðu búið lengur en sjö ár (tæplega 37% svöruðu ekki þessari spurningu). Athyglisvert er að langsamlega flestir þessara innflytjenda, eða 85%, höfðu flust til Vestfjarða strax við komuna til Íslands, sem bendir til lítils hreyfanleika hópsins milli landsvæða. Hins vegar eru þónokkrar vísbendingar um félagslegan hreyfanleika meðal innflytjenda, samkvæmt upplýsingum frá einum af viðmælendum í rannsókn okkar (SIET). Fólk sem áður starfaði við fiskvinnslu og hefur orðið gott vald á íslensku, hefur flutt sig um set og er komið í ýmiss konar þjónustustörf sem krefjast fagþekkingar.

Minna hefur verið um að erlendir ríkisborgarar og innflytjendur flyttu burt af svæðinu en Íslendingar, eftir

því sem einn viðmælenda (RKÍ-fulltrúi) upplýsti. Margir þeirra hafa fjárfest í íbúðarhúsnæði en fasteignaverð á Vestfjörðum hefur í fjölda ára verið langt undir því sem verið hefur á höfuðborgarsvæðinu og erfitt að selja fasteignir, óháð yfirstandandi kreppu.

Í viðtölum MIRRA við starfsmenn á Fjölmenningarsetri og hjá RKÍ kom fram að töluvert er um mægðir milli heimamanna og innflytjenda og á þetta við um fólk af öllum þjóðernum. Margir viðmælenda lögðu jafnframt áherslu á að í litlum samfélögum væri vægi hvers einstaklings meira en í stærri samfélögum. Misjafnt væri milli hópa og einstaklinga meðal innflytjenda hversu mikinn þátt þeir tækju í félagslífi utan vinnu, en „það hefur verið reynt mjög mikið að ná þeim inn í samfélagið.... Því fólki hér finnst það mjög vont að hafa bara vinnuafll, en ekki fólk í samfélaginu. Og samfélagið er svo óvirkt þegar fólk tekur bara þátt í vinnunni og engu öðru, það að syngja í kór eða vera í einhverjum klúbbum og svona ýmsum áhugamannafélögum.“ (Bryndís Friðgeirsdóttir fulltrúi RKÍ, 17. apríl 2009).

Þrátt fyrir samdrátt í fiskvinnslu og yfirstandandi kreppu er atvinnuástand á Vestfjörðum mun betra en víða annars staðar á landinu. Atvinnuleysi í marslok 2009 var þar einungis 2,3% þegar landsmeðaltalið var rétt undir níu prósentum. Hlutfall erlendra ríkisborgara af öllum þeim sem voru á atvinnuleysisrá á Vestfjörðum var á sama tíma 7% (VMST frá Karli Sigurðssyni).

Á árabílinu 2000–2008 hefur atvinnuleysi á

Vestfjörðum að meðaltali verið um 1,4% á ári en meðaltal á landsvísi á sama tímabili var 1,9%. Þó atvinnuleysi hafi verið með því minnsta á landinu er vert að hafa í huga að auk brottflutnings af svæðinu þá er ef til meira um falið avinnuleysi á Vestfjörðum en víða annars staðar, að sögn viðmælenda rannsóknar, þar sem ekki væri óalgengt, einkum meðal karlmannna, að sækja sér tímabundna vinnu annars staðar.

Fábreytt atvinnulíf, erfiðar samgöngur, mikill fjarskiptakostnaður ásamt miklum flutningskostnaði eru meðal þeirra þátta sem brunnið hafa á Vestfirðingum undanfarin ár. Búsetuþróun á Vestfjörðum er undir því komin hverjar framtíðarhorfur verða í atvinnumálum.

3.4.1. Rýnihópafundur á Vestfjörðum 09.03.09

Fundurinn var haldinn á Ísafirði í húsinu Vestra þar sem Fjölmenningssetur og Háskólasetur Vestfjarða eru m.a. til húsa. Á Ísafirði tók Bryndís Friðgeirsdóttir svæðisfulltrúi RKÍ á Vestfjörðum á mót Hallfríði Þórarinsdóttur, sem var eins síns liðs frá MIRRA. Þær áttu góðar samræður um atvinnulíf og samfélag innflytjenda á Vestfjörðum. Á Ísafirði var fjölmennasti rýnihópurinn af öllum en þar voru mættir hvorki fleiri né færri en ellefu manns. Fólkið kom frá Ísafirði og nærliggjandi þorpum á norðanverðum Vestfjörðum. Tveir þátttakenda urðu að hverfa af vettvangi áður en fundi lauk. Hópurinn samanstóð af níu konum sem komu frá þremur Evrópulöndum og voru á bilinu ein til þrjár frá hverju landi, auk einnar konu sem kom frá Asíulandi. Karlmennirnir tveir voru annars vegar frá Evrópulandi og hins vegar frá Suður-Ameríku. Þátttakendur voru á aldrinum 33 til 54 ára.

3.5 Norðurland vestra

Í árslok 2008 bjuggu 7.395 manns á Norðurlandi vestra. Landfræðilega afmarkast Norðurland vestra af botni Hrótafjarðar í vestur að Siglufirði í austri og innan þess eru báðar Húnavatnssýslur (vestur og austur) og Skagafjarðarsýsla. Sjö sveitarfélög eru í landshlutanum. Í Vestur-Húnavatnssýslu er einungis eitt sveitarfélag, Húnþing vestra með 1.142 íbúa. Helstu þéttbýlin í Vestur-Húnavatnssýslu eru á Laugabökkum og Hvammstanga Í Austur-Húnavatnssýslu er Húnavatnshreppur með 426 íbúa, Blönduósþéttbýlið með ríflega 900 íbúa og þar er jafnframt næstmesta þéttbýlið á svæðinu, þá Skagaströnd með rúmlega 500 íbúa, og svo Skagabyggð sem er fámennasta sveitarfélagið í landshlutanum með rétt um eitt hundrað

íbúa. Í Skagafjarðarsýslu eru tvö sveitarfélög, annars vegar Akrahreppur, þar sem búa rúmlega tvö hundruð manns og hins vegar sveitarfélagið Skagafjörður, sem er langfjölmennasta sveitarfélagið í landshlutanum með rúmlega fjögur þúsund íbúa en þar af búa 2.600 á Sauðárkróki sem er jafnframt stærsta þéttbýlið á Norðurlandi vestra.⁴⁴ Önnur þéttbýli í Skagafirði eru á Hofsi, í Varmahlíð og svo á háskólasetrinu á Hólum í Hjaltadal.

Veruleg en stöðug fólksfækkun hefur verið í landshlutanum undangenginn áratug. Í árslok 1997 voru íbúar, 8.172 og hafði fækkað í 7.395 í árslok 2008.⁴⁵ (Sjá töflu í viðauka III um íbúapróun eftir landshlutum). Fækkunin nemur 777 íbúum sem jafngildir ríflega 9% fækkun á tímabilinu. Fólksfækkunin hefur verið nokkuð jöfn á milli sveitarfélaga.

Í ársbyrjun 2009 bjuggu 325 erlendir ríkisborgarar á Norðurlandi vestra og var hlutfall þeirra af heildarmannfjölda 4,4% sem er verulega undir landsmeðaltalinu (7,6%) og jafnframt það næstlægsta á landinu á eftir Norðurlandi eystra. Pólverjar eru langfjölmennastir líkt og annars staðar en eru þó ekki nema rúmlega 30% en Þjóðverjar eru hins vegar hvergi hlutfallslega jafnfjölmennir og á Norðurlandi vestra. Hátt hlutfall Þjóðverja má rekja til hestamennsku og hrossaræktar sem mikil gróska er í á svæðinu.


Norðurland vestra		
	Alls	% af erl.
Pólland	101	81,1
Þýskaland	76	23,4
Danmörk	29	8,9
Svíþjóð	19	5,9
Ríki í fyrri	10	3,1

Tafla 5: Upprunalönd fjölmennustu innflytjendahópanna á Norðurlandi vestra 1.1.2009.

Þegar litið er á fólksfjöldaþróun meðal erlendra ríkisborgara á tímabilinu frá 1999 – 2008 kemur í ljós að líkt og annars staðar hefur þeim fjölgað, eða sem nemur tæpum þremum prósentum, (úr 1,6% í 4,4%) þrátt fyrir almenna fólksfækkun í landshlutanum. Í Húnþingi vestra

44 „Sveitarfélög í Skagafjarðarsýslu voru 12 árið 1998 þegar kosið var um sameiningu í þeim öllum nema í Akrahreppi. Sameining var samþykkt í öllum 11 sveitarfélögum og þeir hreppar sem þá sameinuðust voru Sauðárkróksbær, Fljótahreppur, Hofshreppur, Hólahreppur, Viðvíkurhreppur, Rípurhreppur, Skeflisstaðahreppur, Skarðshreppur, Staðahreppur, Seyluhreppur og Lýtingsstaðahreppur. Út úr þessari sameiningu kom Sveitarfélagið Skagafjörður.“ http://www.skagafjordur.is/display.asp?cat_id=2

45 Þessi samtala er að frádregnum Siglufirði, sem tilheyrði Norðurlandi vestra þar til 2006 þegar Siglufjörður varð hluti af Norðurlandi eystra í kjölfar breyttrar kjördæmaskipunar.



Mynd 9: Hlutfall erlendra ríkisborgara á Norðurlandi vestra á síðustu 10 árum

hefur hlutfallið aðeins aukist um rúmlega eitt prósent úr 3.2% í 4,5%, en á sama tíma þrefaldaðist það í Blönduós, úr 3,2 í 9%. Í Húnavatnshreppi sem er nýtt sveitarfélag, var hlutfall erlendra ríkisborgara tæp 5% í upphafi árs 2009.⁴⁶ Í sveitarfélaginu Skagaströnd hefur hlutfall erlendra ríkisborgara haldist mjög lágt var undir einu prósentu 1998 og var það sama í janúar 2009. Skagabyggð er nýtt sveitarfélag, þar voru fjórir erlendir ríkisborgarar í upphafi árs 2009 sem er rétt um fjögur prósent af öllum íbúum.⁴⁷ Í sveitarfélaginu Skagafirði hefur erlendum ríkisborgurum fjölgað um rúman þriðjung á tímabilinu, úr einu prósentu í 3,6%. Í Akrahreppi hefur þó mesta fjölgunin verið, úr engum árið 1999 í ellefu í ársbyrjun 2009, sem jafngildir 5% aukningu.

Það sem einkennt hefur atvinnulíf landshlutanum á undangengnum árum er samdráttur. „Norðurland vestra hefur margoft verið skilgreint með réttu sem láglaunasvæði en meðallaun á svæðinu eru aðeins 85% af meðaltalslaunum á landinu“ (2004:1).⁴⁸ Grunnstoðir atvinnulífsins hafa að stórum hluta byggst á frumframleiðslu í sjávarútvegi og landbúnaði auk úrvinnslu afurða. Á svæðinu er vægi

atvinnugreina mismunandi en hlutur þjónustugreina hefur alls staðar farið vaxandi á kostnað frumvinnslu og iðngreina.⁴⁹ Hlutur starfa í sjávarútvegi er á bilinu 4-5% í Húnaþingi vestra og á Blönduósi en í sveitarfélaginu Skagaströnd er það rúmlega 30%. Í Skagafirði eru aðeins um tíu prósent starfandi fólks í vinnu við fiskveiðar og vinnslu. Landbúnaður og störf tengd honum hafa dregist mikið saman á undanfönum árum og áratugum en matvælaframleiðsla og þjónusta við landbúnað skipa enn stóran sess í atvinnulífi landshlutans. Á Blönduósi er fiskvinnsla, sláturhús, matvælaframleiðsla og léttíðnaður auk heilbrigðisstofnunar. Kaupfélag Skagafirðinga rekur bæði útgerð og fiskvinnslu, kjötafurðastöð og mjólkurbú á Sauðárkróki, auk fódursmiðju, ýmisskonar þjónustuiðnaðar að ógleymdri umfangsmikilli verslun. Á Sauðárkróki er jafnframt sjúkrahús og fjölbrautarskóli og ýmiss léttíðnaður. Á undanfönum árum hefur verið aukin gróska í hrossarækt sem tengist framsæknu námi í Háskólanum á Hólum í greininni. Reiðmennska og áhugi á hestamennsku á sér aldalanga sögu bæði í Skagafirði og Húnavatnssýslum og hestamennskan nýtur aukinna vinsælda í ferðaþjónustu, sem fer vaxandi.

Athygli vekur að þrátt fyrir almenna fólksfækkun hefur hlutfall erlendra ríkisborgara þrefaldast á undangengnum áratug. Aðkomumenn hafa sótt í margskonar störf á svæðinu, s.s í byggingariðnað, heilbrigðisþjónustu og

46 Húnavatnshreppur „varð til 1. janúar 2006 við sameiningu Bólstaðahlíðar-, Sveinsstaða-, Svinavats- og Torfalekjarhrepps sem samþykkt var í sameiningarkosningum sveitarfélaga 20. nóvember 2004. 11. mars 2006 var svo samþykkt í kosningum í Húnavatnshreppi og Áshreppi að sameina þá undir nafni Húnavatnshrepps og gekk sú sameining í gildi 10. júní það ár að afloknum sveitarstjórnarkosningum.“ (<http://is.wikipedia.org/wiki/Húnavatnshreppur>).

47 Skagabyggð varð til 25. maí 2002 við sameiningu Skagahrepps og Vindhælishrepps.

48 Laun í Skagafirði – úttekt unnin fyrir atvinnu og ferðamálanefnd Skagafjarðar. (október 2004). (Atvinnuþróunarfélag Norðurlands vestra).

49 Mat á áhrifum skerðingar fiskveiðiheimilda í sveitarfélögum á Norðurlandi vestra – ágúst 2007. (Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra SSNV).

önnur þjónustustörf á bæði vegum sveitarfélaganna og í einkarekstri. Einhverjir fengu störf í byggingariðnaði þó ekki hafi verið nein þensla í honum í líkingu við það sem varð í þeim landshlutum þar sem efnahagsþenslan varð hvað mest. Aðstreymi fólks til landshlutans á komandi árum, hvort heldur erlendra eða íslenskra ríkisborgara, er að sjálfsgöngu háð atvinnutækifærum.

Líkt fram hefur komið hefur samdráttur einkennt atvinnulífið á svæðinu. Vaxtarbroddar hafa verið fáir á undangengum árum og ljóst er að bein tengsl eru á milli þess og stöðugar fólksfækkunar. Þessi samdráttur endurspeglar glögglega í hagvaxtartölum. Á árunum 1999-2005 dróst hagvöxtur saman á Norðurlandi vestra um 9% þegar hann jókst á landsvísi á sama tímabili um 40% (Bygðastofnun 2007: Hagvöxtur landshluta 1998-2005).

Á undanförunum árum hafa margskonar úrræði verið lögð fram sem talin eru geta styrkt atvinnulífið í landshlutanum og þar vega aukin tækifæri í ferðaþjónustu og matvælaframleiðslu þungt.⁵⁰ Hver framtíðarþróun atvinnumála og þá um leið íbúapróun verður, er vissulega enn fremur háð almennri efnahagsþróun. Vert er að benda á að erlendir aðilar hafa sýnt því áhuga að reisa s.k. netþjónabú á Blönduósi en enn sem komið er hafa engar ákvarðanir verið teknar í þeim efnunum.⁵¹ Færi svo að það yrði að veruleika hefði það miklar breytingar í för með sér fyrir svæðið allt, bæði á meðan á uppbyggingunni sjálfri stendur og eftir að starfsemi er komin í gagn. Fjöldun starfa sem fylgdi slíkri starfsemi gæti enn fremur hæglega dregið til sín starfsmenn af erlendum uppruna hvort heldur þeir koma beint erlendis frá eða frá öðrum stöðum innanlands.

Í ljósi þess samdráttar sem einkennt hefur atvinnumál á Norðurlandi vestra er athyglisvert að atvinnuleysistörlur eru mjög lágar þegar lítið er á tímabilið frá 1999 til 2009. Þá var atvinnuleysi að meðaltali 1, 35% í landshlutanum, sem er töluvert lægra en landsmeðaltalið (1,96%) á tímabilinu. Þetta bendir til þess að fólk hafi fremur flutt af svæðinu en að skrá sig atvinnulaust. Í marslok 2009 var almennt atvinnuleysi á Norðurlandi vestra 4% en meðal erlendra ríkisborgara 5%, sem er meira en helmingi lægra en landsmeðaltal, sem var á sama tíma 9% almennt, en 13% meðal erlendra ríkisborgara.

Líkt og fram hefur komið voru engir rýnihópafundir haldnir á Norðurlandi vestra.

3.6. Norðurland eystra

Á Norðurlandi eystra bjuggu 29.060 manns í árslok 2008.⁵² Þessi landshluti er sá næstfjöldmennasti á landinu, næst á eftir höfuðborgarsvæðinu. Norðurland eystra telur 15 sveitarfélög. Þau eru talið frá vestri: Fjallabyggð, Dalvíkurbyggð, Hörgárbyggð, Arnarneshreppur, Akureyrarkaupstaður, Eyjafjarðarsveit, Svalbarðsstrandarhreppur, Grýtubakkahreppur, Þingeyjarsveit, Skútustaðahreppur, Tjörneshreppur, Norðurþing, Svalbarðshreppur og Langanesbyggð, auk Grímseyjarhrepps. Sveitarfélögin á Norðvesturlandi eru mjög ólík að stærð. Langflestir búa á Akureyri, eða 17.522 manns. Norðurþing er næstfjöldmennast með um 3.000 íbúa, Fjallabyggð með 2.129 íbúa og Dalvíkurbyggð með 1.942 íbúa eru þarna næst að stærð. Líðlega helmingur sveitarfélaganna á svæðinu eru með undir 500 íbúa.⁵³

Undangenginn áratug hefur íbúum á svæðinu fjölgað um 3,5%, eða rétt tæplega 1.000 manns.

Hlutfall erlendra ríkisborgara á svæðinu var hið lægsta á öllu landinu, 4,1%, þann 1. janúar 2009. Árið 2000 voru erlendir ríkisborgarar 1,8% íbúa Norðurlands eystra og var það ásamt Norðurlandi vestra lægsta hlutfallið á öllu landinu. Hæst er hlutfallið í Dalvíkurbyggð eða 8,2% og eru Pólverjar langstærsti hópurinn, 55,6% erlendra ríkisborgara eða 89 af 160 alls. Á Akureyri eru 2,8% íbúa

Norður eystra		
	Alls	% af erl.
Pólland	510	42,9
Tékkland	89	7,5
Þýskaland	68	5,7
Danmörk	46	3,9
Slóvakía	34	2,9

Tafla 6: Upprunalönd fjölmennustu innflytjendahópanna á Norðurlandi eystra 1.1. 2009.

erlendir ríkisborgarar. 34,8% þeirra eru Pólverjar. Á öllu svæðinu eru Pólverjar nú 42,9% erlendra ríkisborgara. Næst á eftir þeim koma Tékkar með 7,5% og Þjóðverjar sem eru 5,7% erlendra ríkisborgara.

Fjölmennustu atvinnuvegir á svæðinu eru þjónustugreinar og iðngreinar, þ.m.t. fiskvinnsla og


50 Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra SSSV - Ársskýrsla 2008.

51 „Fulltrúar frá Greenstones á Blönduósi dag“ (2009) 4.júní. www.feykir.is

52 1. des. 2008 (Hagstofa Íslands, mannfjöldadeild).

53 1. des. 2008 (Hagstofa Íslands, mannfjöldadeild).

Hlutfall erlendra á Norðurlandi eystra 2000-2009



Mynd 10: Hlutfall erlendra ríkisborgara á Norðurlandi eystra á síðustu 10 árum.

annar iðnaður, en einnig landbúnaður og sjávarútvegur (Bygðastofnun, 2004). Akureyri er stærsta sveitarfélagið utan höfuðborgarsvæðisins. Þar var lengi mikil verslunarmiðstöð og blómlegur iðnaður, einkum á sviði úrvinnslu landbúnaðarafurða. Á síðustu áratugum 20. aldar voru mörg þessara iðnfyrirtækja lögð niður. Verslun og þjónusta, auk menntastofnana og rannsóknarstofnana tengdum þeim eru nú uppistaðan í atvinnustarfsemi í bæjarfélaginu, en einnig hafa sjávarútvegsfyrirtæki verið í vexti á síðustu árum. Háskólinn á Akureyri og Fjórðungssjúkrahúsið eru miðstöðvar rannsókna á svæðinu. Sjávarútvegur er meginatvinnuvegur við utanverðan Eyjafjörð. Siglufjörður var blómlegur bær á síldarárunum á fimmta og sjötta áratugnum, en atvinnu þar hefur hnignað mjög síðan. Samgöngur við Siglufjörð eru slæmar en vonir eru tengdar við að opnun Héðinsfjarðarganga muni verða til þess að glæða atvinnulífið. Mikil útgerð og fiskvinnsla er á Ólafsfirði og Dalvík. Samherji á Dalvík rekur eitt stærsta frystihús landsins en þar eru einnig fleiri stórir vinnustaðir eins og Sæplast. Á Ólafsfirði er talsverður iðnaður, m.a. framleiðsla á bruna- og sjúkrabílum, vélsmíðjur og netagerð. Ferðaþjónusta er vaxandi atvinnugrein á Norðurlandi eystra og hefur t.d. sett svip sinn á mannlíf á Húsavík sem er vinsæll hvalaskoðunarstaður. Um 100 þúsund manns heimsækja Húsavík árlega. Slátrun og kjötvinnsla eru í vexti á svæðinu, m.a. hjá fyrirtækjunum Norðlenska, sem hefur höfuðstöðvar sínar á Akureyri og útibú á Húsavík og víðar, Kjarnafæði, sem sömuleiðis er staðsett á Akureyri, og Fjallalambi á Kópaskeri. Þorpin austast á svæðinu eru

öll lítil og atvinnulíf einhæft, einkum sjávarútvegur.

Hagsveiflur á Norðurlandi eystra eru mjög svípaðar landinu í heild. Hagvöxtur á árunum 1998–2005 var jákvæður um 12% (Bygðastofnun 2007), sem er talsvert undir landsmeðaltali. Líkt og fram hefur komið var hagvöxtur á Norðurlandi vestra á sama tíma neikvæður um 9%. Talsverðar sveiflur hafa verið milli ára, 1999 jókst hagvöxtur um 5%, en 2002 dróst hann saman um 2%. Uppistaðan í hagvexti á svæðinu er opinber starfsemi og þjónusta á Akureyrarsvæðinu. Á árunum 1998–2003 hélst fjöldi starfa á Norðurlandi eystra nánast óbreyttur, en fjölgaði á sama tímabili um 7% á landsvísi.⁵⁴

Atvinnuleysi á Norðurlandi eystra í marslok 2009 var 9%, hið þriðja hæsta á landinu á eftir Suðurnesjum með 14% og höfuðborgarsvæðinu með 10% atvinnuleysi.⁵⁵ Á sama tíma var landsmeðaltalið 9%. Athygli vekur að atvinnuleysi meðal erlendra ríkisborgara var mjög lítið á svæðinu, eða 4%, en í öllum öðrum landshlutum var það hlutfallslega hærra meðal erlendra ríkisborgara en íbúanna í heild. Á síðustu 10 árum hefur atvinnuleysi í árslok verið yfir landsmeðaltali nema 2002 og 2003, þegar það var örlítið undir landsmeðaltali.

3.6.1. Rýnihópafundur á Norðurlandi 04.03.09

Umræðufundur með rýnihóp var haldinn á Akureyri 4. mars í húsakynnum Akureyrardeildar Rauða krossins. Guðný H. Björnsdóttir svæðisstjóri RKÍ á Norðurlandi

⁵⁴ Bygðarlög í sókn og vörn: Norðurland eystra. Bygðastofnun, ágúst 2004.
⁵⁵ Vinnuálagstofnun, lok mars 2009.

sá um að útvega þátttakendur í rannsóknina. Sólveig H. Georgsdóttir var rannsakandi fyrir hönd MIRRU. Þátttakendur voru sjö alls, tveir karlar og tvær konur sem búa á Dalvík og þrjár konur og einn karlmaður búsett á Akureyri. Hópurinn samanstóð af ungum hjónum, auk karls og konu, sem öll eru gift og eiga börn, kona sem er gift en barnlaus, svo og karl og kona sem eru einhleyp og barnlaus. Fólkið var á aldrinum 17–57 ára.

3.7. Austurland

Í árslok 2008 var íbúaföldi á Austurlandi 12.879.⁵⁶ Austurland nær yfir geysistört svæði og telur níu sveitarfélög, frá Vopnafirði í norðri að Hornafirði í suðri. Þar á milli liggja Borgarfjarðarhreppur, Seyðisfjarðarkaupstaður, þá Fjarðabyggð og Fljótsdalshérað sem eru fjölmennust og svo Fljótsdalshreppur. Syðstir eru svo Breiðdalshreppur, Djúpvogshreppur og Sveitarfélagið Hornafjörður.

Fram að síðustu aldamótum hafði fólki fækkað jafnt og þétt um tveggja áratuga skeið og nam fólksfækkun á svæðinu 6% á árabílinu frá 1997 til 2002. Bygðin samanstendur af dreifbýli og þéttbýlistöðum. Egilsstaðir eru fjölmennasti þéttbýliskjarninn inn til landsins og tilheyrir hann Fljótsdalshéraði þar sem búa hátt á fjórða þúsund manns. Á flestum fjörðum er að finna sjávarpláss sem eru misfjölmenn. Fáskrúðsfjörður, Reyðarfjörður, Eskifjörður og Neskaupstaður voru sameinuð árið 1998 í sveitarfélagið Fjarðabyggð sem er fjölmennasta sveitarfélagið í landshlutanum með hátt í fimm þúsund íbúa. Minnstu sveitarfélögin telja innan við tvö hundruð.

Þrátt fyrir fyrrgreinda fólksfækkun hafa erlendir ríkisborgarar sest að á Austurlandi, sumir tímabundið en aðrir til langframa. Líkt og á Vestfjörðum og víða í sjávarplássum, sóttu útendingar í fiskvinnu á Austfjörðum.⁵⁷ Á áttunda áratugnum komu Nýsjálandingar, Ástralir og síðar Bretar, auk Norðurlandabúa. Þegar leið á níunda áratuginn sótti fólk víðar að úr heiminum, meðal annars frá Suður-Afríku.⁵⁸ Á tíunda áratugnum bættist enn við og þá

Austurland		
	Alls	% af erl.
Pólland	662	48,2
Portúgal	97	7,1
Ítalía	70	5,1
Slóvakía	65	4,7
Þýskaland	63	4,6

Tafla 7: Upprunalönd fjölmennustu innflytjendahópanna á Austurlandi 1.1.2009.

komu Pólverjar og margir fleiri frá Evrópu sem og fólk frá Asíu, mest konur frá Filippseyjum og Tailandi. Margt af því fólki settist að og hefur öðlast íslenskan ríkisborgararétt.⁵⁹ Í dag búa hátt í fjórtán hundruð erlendir ríkisborgarar á Austurlandi.

Á Austurlandi er nú hæsta hlutfall erlendra ríkisborgara á öllu landinu, eða sem nemur 10,6% sem er þremur prósentustígum yfir landsmeðaltali og hefur svo verið frá því að stóriðjuframkvæmdir við Kárahnjúkavirkjun og síðar byggingu álvers á Reyðarfirði hófust árið 2003.

Miklu munar á milli sveitarfélaga innan svæðisins hvað varðar hlutfall erlendra ríkisborgara. Á Seyðisfirði er hlutfallið 14,5% en ekki nema 2,3% á Hornafirði. Fjölmennustu sveitarfélögin eru yfir meðaltali með 13,3% í Fjarðabyggð og 11,7% á Fljótsdalshéraði. Fámennasta sveitarfélagið, Fljótsdalshreppur, sker sig algerlega úr. Þar búa aðeins 135 en þar er hlutfall erlendra ríkisborgara óvenjuhátt eða ríflega 36%, sem stafar af því að erlendir starfsmenn við Kárahnjúkavirkjun hafa haft búsetu í hreppnum.

Atvinnuvegir á Austurlandi byggðust að mestu leyti á sjávarútvegi, auk landbúnaðar og þjónustu, þar til 2003 þegar framkvæmdir hófust við Kárahnjúka og álversbyggingu á Reyðarfirði. Hagvöxtur á árunum 1998–2004 fylgdi landsmeðaltali og var 6% á ári en rauk svo upp á framkvæmdatímanum og nam hann í það heila 51% á árunum 1998 til 2005 og var sá næsthæsti á landinu á eftir höfuðborgarsvæðinu (Bygðastofnun & HHÍ 2007). Frá því í árslok 1999 og fram til ársloka 2002 var atvinnuleysi á Austurlandi á bilinu 1,9–3,1%, eilítið hærra en meðaltalið á landsvísi sem á sama tíma var 1,3–3,0%.


Á árunum 2002–2003 varð alger viðsnúningur á Austurlandi í atvinnulífi og fólksfjöldapróun þegar stóriðjuframkvæmdir hófust. Frá 2003 og þar til í lok

56 Sjá fólksfjöldapróun á Austurlandi í viðauka III.

57 Sjá meðal annars: „Útlent verkafólk um alla Vestfirði“, *Alþýðublaðið* 29. mars 1978. „Hvað finnst þér um innflutning erlends vinnuafls?“, *Morgunblaðið* 6. Október 1987. Bls. 46–47. „Atvinnulíf á síðasta ári: 1800 útendingum veitt atvinnuleysi“, *Morgunblaðið* 25. janúar 1990. „Tíundi hver fiskverkamaður útendingur“, *Fréttablaðið* 27. ágúst 2002.

58 Einn íslenskra viðmælenda í SIET-rannsókninni, sem starfar við sjávarútveg á Austfjörðum, rakti sögu útendinga að stórfum á sínum vinnustað aftur til áttunda áratugarins og bentu á að eftir því sem árin liðu sótti að fleira fólk frá fleiri löndum. Ennfremur sagði hann að töluvert hefði verið um að nýir erlendir starfsmenn væru ráðnir fyrir tilstilli tengsla við aðra sem fyrir voru. Hann bentu jafnframt á að hlutur erlendra starfsmanna í sínu fyrirtæki hefði minnkað frá því sem var og væri nú (febrúar 2009) um fjórðungur allra starfsmanna.

59 Í könnun Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands *Vidhorf innflytjenda á Vestfjörðum og Austurlandi* (2004) kemur fram að um 40% svarenda á Austurlandi höfðu ekki búið annars staðar en á Austurlandi eftir flutninga til Íslands. Ennfremur hafði um þriðjungur svarenda á Austurlandi búið á Íslandi lengur en sjö ár, sem bendir til þess að þónokkrir hafi þegar öðlast íslenskan ríkisborgarétt.



Mynd 11: Hlutfall erlendra ríkisborgara á Austurlandi á síðustu 10 árum.

ársins 2007 hvarf atvinnuleysi nær alveg en þá lækkuðu meðaltalstölur í desember úr 2,4% í 0,5%. Á landsvísi lækkuðu tölur á sama árabili að meðaltali úr 3,1% í 0,8%. Í árslok 2008, eftir bankahrun og upphaf efnahagskreppu var atvinnuleysi á Austurlandi 4,3% en var á sama tíma 6,6% að meðaltali á landsvísi. (Staða á vinnumarkaði út. VMS'T desember 1999-2008).

Stóriðjuframkvæmdunum fylgdi gífurleg efnahagsþensla á öllum sviðum og fyrirséð var að fólksfjöldun yrði mikil, einkum á meðan á framkvæmdum stæði (sjá töflu um fólksfjöldapróun í viðauka III). Andstætt flestum spám, sem höfðu gert lítið úr þörfinni fyrir erlent vinnuafli, reyndust langflestir þeirra sem fluttust á svæðið vera erlendir starfsmenn sem komu í tímabundna vinnu við byggingu Kárahnjúkavirkjunar og álversins á Reyðarfirði.⁶⁰

Hlutfall erlendra starfsmanna við Kárahnjúkavirkjun var á tímabilinu september 2003 til júlí 2007 á bilinu 65–92%. Þegar mest var, í júní 2006, unnu þar 846 erlendir starfsmenn. Fjölmennstu hóparnir voru Kínverjar (377) og Portúgalar (266).⁶¹ Við byggingu álversins á Reyðarfirði unnu 1.417 manns þegar mest var, þar af voru 1.099 Pólverjar en aðeins 108 Íslendingar (ibid:93-94). Eins og þessar tölur gefa

til kynna hækkaði hlutfall erlendra ríkisborgara gífurlega á Austurlandi þegar framkvæmdir stóðu sem hæst og var þá um þriðjungur allra íbúa á svæðinu. Erlendir ríkisborgarar höfðu verið á bilinu 4–5% fyrir framkvæmdir en sú tala áttfaldadist þegar framkvæmdir voru í hámarki.⁶² Það sem einkenndi þennan hóp var hin geysilega karlaslagsíða en 75% af ríflega fjögur þúsund erlendum ríkisborgurum sem voru á svæðinu voru karlar. Áætlað hafði verið að búseta erlendra starfsmanna við framkvæmdirnar yrði aðeins tímabundin. Það hefur gengið eftir og er stærstur hluti þeirra fluttur af landinu.

Þjartsýnustu spár miðuðu við að Austfirðingum hefði fjölgað um 3.000 manns við lok framkvæmda. Rannsókn Rannsóknarstofnunar Háskólans á Akureyri gerði ráð fyrir því að fólksfjöldun yrði mest á s.k. miðsvæði, þ.e. frá Stöðvarfirði í suðri að Seyðisfirði í norðri, ásamt byggðum inn til landsins (2008). Áætlað var að þar myndi fjölga um allt að 1.800 manns. Sú spá hefur ekki gengið eftir, því fjölgunin frá 2002 til 2009 er ekki nema 1.264 manns.

Í janúar 2009 var hlutfall erlendra ríkisborgara á Austurlandi eins og fyrr sagði 10,7%, sem er þrátt fyrir mikla fækkun í kjölfar brottflutnings við lok stóriðjuframkvæmda, helmingi hærra hlutfall en var þar árið 2002, í þann mund er framkvæmdir hófust. Því er augljóst að mannfjöldun á Austurlandi hefur hlutfallslega verið miklu meiri meðal erlendra ríkisborgara en íslenskra. Ekki liggja fyrir tölur um hversu margir af þeim erlendu ríkisborgurum sem sest

60 „Í aðdraganda stóriðjuframkvæmda á Austurlandi settu þrjár aðilar fram spár um ætlaða mannaflsbörfl vegna þeirra; Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti í *Mannaflsbörfl og sérhefni vegna stóriðjuframkvæmda* (2003), ráðgjafafyrirtækið Nýsír ehf. í *Mat á samfélagslegum og efnahagslegum áhrifum álvers á Reyðarfirði* (2002) og Grétar Þór Eyþórsson o.fl. (2001) fjölluðu um mannaflsbörfl við virkjanaf framkvæmdir í *Samfélagsleg áhrif Kárahnjúkavirkjunar*. Þessar úttekir áttu það sammerkt að gera lítið úr þörfinni á erlendu vinnuafli“ (Hjalti Jóhannesson 2008:87).

61 *Rannsókn á samfélagsáhrifum álvers- og virkjunarframkvæmda á Austurlandi*. Ritstjóri Hjalti Jóhannesson. Rannsóknarstofnun Háskólans á Akureyri, maí 2008.

62 1. janúar 2007 var heildaríbúafjöldi á Austurlandi 15.366, þar af voru 4.011 erlendir ríkisborgarar, 3.480 karlar og 531 konur. Erlendir ríkisborgarar á svæðinu voru því 38% af heildarmannfjölda og langstærstur hluti þeirra tengdist stóriðjuframkvæmdum (RHA 2008, Hagstofa Íslands).

hafa að á svæðinu er fólk sem upphaflega kom til að vinna við virkjana- eða álversframkvæmdir. Samkvæmt könnun sem gerð var meðal erlendra starfsmanna á Kárahnjúkum og Reyðarfirði á áhuga þeirra á áframhaldandi búsetu á Íslandi reyndist langmestur áhugi vera meðal Portúgala sem störfuðu á Kárahnjúkum. Minnstan áhuga allra sem spurðir voru höfðu Pólverjar sem störfuðu við byggingu álversins á Reyðarfirði (RHA 2008: 98-99).

Líktogvíða annarsstaðar í efnahagsþenslu undanfarinna ára, hækkaði fasteignaverð gífurlega á Austurlandi og var mikið byggt af íbúðarhúsnæði, einkum á Egilsstöðum og á Reyðarfirði.⁶³ Fjöldi nýbygginga endurspeglar að sínu leyti von um fjölsfjölgun og viðvarandi uppsveiflu sem ekki hefur enn ræst. Atvinnuleysi á Austurlandi var að meðaltali 5,5% í marslok 2009. Hlutfall erlendra ríkisborgara af öllum atvinnulausum var þá 12%. (VMST mars 2009). Hver framvindan verður í atvinnumálum og búsetu á svæðinu er á þessari stundu erfitt að spá fyrir um.

3.7.1. Rýnihópafundur á Austurlandi 23.02.09

Á Egilsstöðum var haldinn rýnihópafundur þann 23. febrúar. Þar tók María H. Haraldsdóttir svæðisfulltrúi RKÍ í Héraðs- og Borgarfjarðardeild á móti rannsakanda MIRRA, Hallfríði Þórarinsdóttur. Hallfríður var ein í för og tók flug frá Reykjavík að morgni. Móttökur Maríu voru höfðinglegar og var hún búin að skipuleggja hádegisverðarfund með Rauða kross fulltrúum og gafst Hallfríði tækifæri til að ræða við þá og inna eftir atvinnuástandi og fleiru sem tengdist högum innflytjenda á svæðinu. Að hádegisverði loknum var ekið til Fáskrúðsfjarðar þar sem Hallfríður og María áttu fund með Halldóri Snælaugssyni fulltrúa RKÍ á staðnum. Halldór er margfróður um málefni innflytjenda á staðnum og þekkti vel til sögu þeirra á Austurlandi. Rýnihópafundurinn fór svo fram í húsi Rauða krossins á Egilsstöðum og hófst kl. 18. Þar voru þátttakendur sex, þrjár konur og þrjár karlar frá fjórum Evrópulöndum. Öll voru þau í yngri kantinum, á aldrinum 27 til 32 ára.

63 Í rannsókn Rannsóknarstofnunar Háskólans á Akureyri, Rannsókn á samfélagsáhrifum álvers- og virkjunarframkvæmda á Austurlandi (Maí 2008), kemur fram að „[F]rá 2002 til 2007 stækkaði íbúðahúsnæði um 114.000 m² á svæðinu en RHA taldi að íbúðahúsnæði þyrfti að stækka um 75.000 m² til 2008 og var þá gert ráð fyrir heldur meiri mannfjölgun en orðið hefur á Mið-Austurlandi“ (2008:129). Raunverð á íbúðarhúsnæði á Mið-Austurlandi hækkaði mikið fram til ársins 2007 þegar það tók að lækka. Augljóst er að töluvert er af umframhúsnæði á Austurlandi. Hvaða áhrif það kann að hafa á fjölsfjöldaþróun almennt og aðstreymi erlendra ríkisborgara á svæðið er erfitt að spá fyrir um og ræðst ekki hvað sist af umframboði.

3.8. Suðurland


Í árslok 2008 voru íbúar á Suðurlandi 24.175. Suðurland er víðfemt hérað með fjórtán sveitarfélög í þremur sýslum, auk Vestmanneyjabæjar. Lengst í austri er Vestur-Skaftafellssýsla, þar eru tvö sveitarfélög, Skaftárhreppur og Mýrdalshreppur. Því næst er Rangárvallasýsla með þrjú sveitarfélög, Rangárþing eystra, Rangárþing ytra og Ásahrepp. Í Árnessýslu, sem er fjölmennust, eru flest sveitarfélög, átta talsins. Þetta eru Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Hrunamannahreppur, Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppur, Flóahreppur, Sveitarfélagið Árborg, sem er fjölmennast allra sveitarfélaga í landshlutanum með tæplega átta þúsund manns, Hveragerðisbær og Sveitarfélagið Ölfus lengst í vestri.

Fjölsfjölgun undanfarinn áratug hefur verið jöfn og stöðug, um 15% á tímabilinu 1997–2009.⁶⁴ Byggðin dreifist þó ákaflega ójafnt innan héraðsins. Í Vestmannaeyjum búa um fjögur þúsund manns. Í Vestur-Skaftafellssýslu er mesta fámennið, rétt innan við eitt þúsund manns. Byggðin þéttist síðan eftir því sem vestar dregur, og er mest næst höfuðborgarsvæðinu. Í Rangárvallasýslu búa ríflega þrjú þúsund og fimm hundruð manns og þar eru helstu þéttbýliskjarnarnir á Hvolsvelli og Hellu. Árnessýsla er fjölmennust með tæplega tuttugu þúsund íbúa. Á Selfossi, sem er hluti af sveitarfélaginu Árborg, búa langflestir en sveitarfélagð í heild sinni með Stokkseyri, Eyrarbakka og dreifbýlinu þar á milli, telur tæplega átta þúsund manns. Aðrir fjölmennir þéttbýlistaðir eru Hveragerði, þar sem búa ríflega tvö þúsund og þrjú hundruð manns og svo Þorlákshöfn sem tilheyrir sveitarfélaginu Ölfusi sem telur í heild sinni rétt um tvö þúsund manns. Minni þéttbýliskjarnar eru í uppsveitum sýslunnar, á Flúðum, Laugarvatni og í Laugarási.

Þegar lítið er á búsetuþróun erlendra ríkisborgara á undangengum árum á Suðurlandi er ljóst að hún fylgir að miklu leyti meðaltalsfjölgun á landsvísu. Fram eftir tuttugustu öldinni var líkt og víða annars staðar á landinu alltaf eitthvað um að fólk af erlendum uppruna kæmi, ýmist til tímabundinna starfa eða settist að. Til að mynda fluttu erlendir fagmenn, einkum Danir, á Suðurland til að vinna við ylrækt og mjólkurframleiðslu.⁶⁵ Eftir því sem leið á áttunda áratuginn fór erlendu starfsfólki í fiskvinnslu

64 Sjá fjölsfjöldaþróun á Suðurlandi í viðauka III.

65 Sjá m.a. „Hjá dönskum Hvergerðingi“ í Séd og heyrnt á Suðurlandi – 22 Sunnlendingar segja frá, eftir Jón R. Hjálmarsson og „Undir danski leiðsögn“ í Flóabúði – Saga Mjólkurbús Flóamanna í 60 ár, eftir Sigurgrím Jónsson o.fl.



Mynd 12: Hlutfall erlendra ríkisborgara á Suðurlandi á síðustu 10 árum.

fjölgaði, einkum í Þorlákshöfn.⁶⁶ Veruleg fjölgun varð þó ekki fyrir en í kringum síðustu aldamót, og varð t.a.m. helmingsfjölgun árunum 1998 til 2003. Örlítill afturkippur var á árinu 2004 en frá 2005 og til ársloka 2008 fjölgaði erlendum ríkisborgurum um ríflega helming eða úr 833 í 1.772.

Þann 1. janúar 2009 voru erlendir ríkisborgarar á Suðurlandi 1.772 eða 7,3% af heildarmannfjölda, sem er mjög nálægt landsmeðaltali. Eins og annars staðar á landinu eru Pólverjar langfjölmennastir og eru þeir helmingur allra erlendra ríkisborgara, næststærsti hópurinn er Þjóðverjar, þá Litháar, svo Danir og Lettar. Sjá töflu 8.

Suðurland		
	Alls	% af erl.
Pólland	877	49,5
Þýskaland	124	7
Litháen	107	6
Danmörk	83	4,7
Letland	81	4,6

Tafla 8: Upprunalönd fjölmennustu innflytjendahópanna á Suðurlandi 1.1.2009.

66 Sjá t.d. grein í *Morgunblaðinu* 10. febrúar 1980, „Kröfur farandverkafélks njóti forgangs í samningaviðræðum“, og í sama blaði 29. febrúar 1980, „Ósamræmi í upplýsingum og aðstöðu erlendra verkamanna.“ Ennfremur í *Morgunblaðinu* 6. október 1987, „Frystihús mikið til búin að ráða erlent verkafólk.“

Helstu atvinnuvegir á Suðurlandi eru landbúnaður, þjónusta og sjávarútvegur. Suðurland er eitt mesta landbúnaðarhérað landsins og þar er bæði stundaður hefðbundinn landbúnaður – sauðfjár- og nautgriparækt – auk þess sem ylækt og framleiðsla á grænmeti er mikil. Störf í landbúnaði og við vinnslu landbúnaðarafurða, s.s. í sláturhúsum, við kjötvinnslu, við framleiðslu mjólkurafurða og í þjónustu tengdri landbúnaði eru fjölmörg. Ferðaþjónusta er ennfremur mikil í héraðinu og fer vaxandi. Sjávarútvegur er aðalatvinnuvegurinn í Vestmannaeyjum og í Þorlákshöfn. Hagvöxtur á Suðurlandi fylgdi nokkurn veginn landsmeðaltali á árunum 1999–2003 en eftir það dró úr honum fram til ársins 2005 (nýrri tölur eru ekki fáanlegar yfir hagvöxt eftir landshlutum). Á árunum frá 1998–2005 var hagvöxtur á Suðurlandi 19% yfir allt tímabilið meðan hann var 40% yfir landið allt (Bygðastofnun 2007: Hagvöxtur landshluta 1998-2005).

Fyrir utan störf í fiskvinnslu í Þorlákshöfn, hefur fólk af erlendum uppruna sótt í margs konar störf á Suðurlandi. Við landbúnað og í greinum honum tengdum starfa fjölmargir sem koma erlendis frá, m.a. við kjötvinnslu á Hvolsvelli og Hellu, við mjólkurvinnslu á Selfossi og við ylækt, einkum í uppsveitum Árnessýslu. Hrossarækt hefur færst mjög í aukana, einkum í Rangárþingi og þangað hafa útlendingar sótt, auk starfa í hefðbundnum landbúnaði á sveitabæjum. Töluvert er af erlendum starfsmönnum í ferðaþjónustu (hótel og veitingahús) sem er ört vaxandi

atvinnugrein í héraðinu. Jafnframt eru þónokkrir sem starfa við annars konar þjónustu, m.a. á sjúkrahúsum og hjúkrunarheimilum ofl. Ennfremur hefur fólk af erlendum uppruna unnið við margskonar smáíðnað og þjónustu honum tengdri.

Síðast en ekki síst var hlutur erlendra starfsmanna mikill í byggingariðnaði á Suðurlandi, líkt og í öðrum landshlutum þar sem efnahagsþensla var mikil. Að sögn viðmælanda í SIET, sem er leiðtogi í stóru stéttarfélagi á Suðurlandi, var byggingastarfsemi á Suðurlandi að miklum hluta mönnum erlendum starfsmönnum fram að efnahagshruni haustið 2008, ekki síst pólskum karlmönnum. Margir þeirra hafa nú snúið til síns heima, einkum þeir sem komu til landsins án fjölskyldu.

Þegar dreifing erlendra ríkisborgara á Suðurlandi er skoðuð, kemur glögglega í ljós að hún fylgir atvinnuframboði og er mjög ójöfn milli einstakra sveitarfélaga. Í Rangárfingi eystra og ytra er hlutfall erlendra ríkisborgara ríflega 10%, í uppsveitum Árnessýslu 13–14%, í Árborg tæp 7% og tæp 5% í Hveragerði. Þegar litið er á héraðið í heild kemur í ljós að hlutfallið er lægst í kringum 3% í Skaftárhreppi og í Vestmannaeyjum sem er helmingi lægra en bæði meðaltalið á Suðurlandi og á landsvísi. Í Sveitarfélaginu Ölfusi er hlutfallið hins vegar rúmlega fimmtalt hærra en það lægsta, eða sem nemur 16,5% (janúar 2009). Þetta er með því hæsta sem gerist í þéttbýli á landinu og yfir helmingi hærra en meðaltal bæði í landshlutanum (7,4%) og á landsvísi (7,6%) (Hagstofa Íslands).

Athygli vekur að erlendir ríkisborgarar eru fimmfalt fleiri í Sveitarfélaginu Ölfusi en í Vestmannaeyjum. Þetta eru einu sveitarfélögin á Suðurlandi þar sem fiskvinnsla er stunduð og er hún jafnframt höfuðatvinnugreinin á báðum stöðum. Þessi gífurlegi munur er athyglisverður í ljósi þess að af einstökum atvinnugreinum á Íslandi eiga erlendir

starfsmenn sér tiltölulega lengsta sögu í fiskvinnslu í landi og á undanförunum áratugum hefur þeim fjölgað jafnt og þétt víðast hvar og eru oft í yfirgnæfandi meirihluta í greininni og svo því er einmitt háttað í Þorlákshöfn. Í Vestmannaeyjum, þar sem hlutfall erlendra ríkisborgara hefur lengst af verið um helmingi lægra en landsmeðaltal, vinna hins vegar hlutfallslega fáir starfsmenn af erlendum uppruna í fiskvinnslu. Skýringar á þessu má, að sögn eins viðmælanda SIET, rekja til þess að kjósi Íslendingar að búa í Eyjum þá kjósi þeir jafnframt að vinna í fiski, þar sem atvinnutækifæri í öðrum starfsgreinum eru mjög fá. (munleg heimild – símtal 30. Apríl 09 – starfsmaður stéttarfélags í Hveragerði, fædd og uppalin í Eyjum).

Undanfarinn áratug – frá árinu 1999 og fram til septemberloka 2008 – var atvinnuleysi á Suðurlandi að meðaltali 1,7% og í takt við landsmeðaltal. Við efnahagshrunið í október 2008 rauk atvinnuleysi upp og var í árslok 4,9%. Í marslok 2009 var atvinnuleysi á Suðurlandi komið í 7,4% en landsmeðaltalið var þá 8,9%. Hlutfall erlendra ríkisborgara af öllum atvinnulausum á Suðurlandi var þá 8%. (www.vfst.is: Staða á vinnumarkaði janúar 2000 -2008 – Staða á vinnumarkaði október 2008 – Staða á vinnumarkaði apríl 2009).

3.8.1. Rýnihópafundur á Suðurlandi 11.02.09

Rýnihópafundur var haldinn á Suðurlandi þann 11. febrúar. Tveir starfsmenn MIRRA, Hallfríður Þórarinsdóttir og Sólveig H. Georgsdóttir, óku á Selfoss og var fundurinn haldinn í húsi Rauða krossins á staðnum þar sem Jóhanna F. Róbertsdóttir svæðisfulltrúi Suðurlands tók höfðinglega á mót þeim og ræddi við þær. Á fundinn á Selfossi mættu fjórar konur, þrjár frá þremur Asíulöndum, ein frá Suður-Ameríku, og tveir karlar, hvor frá sínu Evrópulandinu. Þátttakendur voru á aldrinum 23 til 44 ára.

4. Þessu svöruðu þau

– niðurstöður spurningakönnunar


Í þessum kafla verða dregnar saman niðurstöður úr svörum við skriflegum spurningalista sem var lagður fyrir alla þátttakendur. Spurningalistann má finna í viðauka II. Þess ber að geta að margir slepptu að svara einstökum spurningum, en a.m.k. tveir þátttakendur spurðu í upphafi hvort það mætti ekki sleppa spurningum sem viðkomandi vildi ekki svara og skýrðu rannsakendur út að öllum væri það frjálst.

4.1. Uppruni og fjölskylduhagir


Alls tóku 57 manns þátt í rannsókninni, 18 karlar og 39 konur. Hópurinn var á aldrinum 17–69 ára. Langflestir þátttakenda voru á aldrinum 26–45 ára, eða 45 manns.

Frá ESB löndum komu 20 konur og sex karlar, en 31 þátttakandi var frá löndum utan ESB, eða 19 konur og 12 karlar. Pólverjar voru stærsti einstaki þjóðernishópurinn, eða sex karlar og tíu konur, þar næst komu Þjóðverjar, tveir karlar og sex konur.

Skoðað var hve lengi fólkið hafði búið á Íslandi. 35 höfðu búið hér lengur en fimm ár. Þetta er nauðsynlegt að taka með í reikninginn þegar umræðurnar og niðurstöður þeirra eru skoðaðar. Einnig ber að skoða allar tölur hér á eftir í ljósi þess að ekki var um slembiúrtak að ræða, heldur var leitað eftir þátttakendum í gegnum tengslanet RKÍ á hverjum stað og krafa gerð um að viðkomandi skildi annaðhvort íslensku eða ensku, þó með þeim fyrirvara að skriflegu spurningalistarnir voru einnig þýddir á pólsku.



Mynd 13: Skipting þátttakenda eftir kynjum og uppruna.



Mynd 14: Fjölskylduhagir þátttakenda.

Af þessum hópi áttu 39 manns, eða 27 konur og 12 karlar, maka eða sambýling hér á landi. Ekki var í spurningalistaum gerður greinarmunur á hvort maki eða sambýlingur var íslenskur eða erlendur. 31 af þátttakendum áttu börn hér á landi. Í 24 tilfellum átti viðkomandi bæði maka og börn á Íslandi, en fimm konur og tveir karlar áttu börn á Íslandi en ekki maka.

Helmingur þátttakenda, eða 28 manns, áttu aðra ættingja á Íslandi, þ.e. foreldra, systkini eða frændfólk. 18 af þessum þátttakendum áttu jafnframt börn hér. Þannig var fjölskyldumynd allmargra af þátttakendum talsvert samsett og kom á óvart hve hátt hlutfall þeirra var vel tengt skyldleikaböndum hér á landi. Óhætt hlýtur að vera að gera ráð fyrir að nálægð við fjölskyldu skipti miklu máli fyrir andlega og félagslega heilsu fólks á erfiðleikatumum.


Ástæður þess að fólk kom til Íslands og settist hér að voru margvíslegar. Flestir, eða 24, þar af 16 konur og átta karlar, komu vegna vinnu eða erfiðleika í heimalandinu sem urðu hvati til leitar að betra lífi, en einnig komu margir af fjölskylduástæðum, ýmist vegna þess að viðkomandi átti íslenskan maka eða erlendur maki fékk vinnu hér á landi. Ein kona kom vegna þess að hún átti vinkonu á Íslandi og önnur til að heimsækja bróður sinn, en ílentist síðan sjálf hér á landi. Þessi hópur samanstóð af 13 konum og fimm körlum, samtals 18 manns. Allmargir komu vegna ævintýraþrár eða

í leit að tilbreytingu, konur voru þar langflestar eða níu á móti tveimur körlum. Mjög fáir sögðust hafa komið hingað til lands af öðrum ástæðum, svo sem vegna skilnaðar eða annarra persónulegra erfiðleika.


4.2. Menntun og störf

Skóðað var hvaða menntun þátttakendur hafa eftir kynjum og uppruna, þ.e. frá löndum innan eða utan ESB. Í ljós kom að menntunarstig þátttakenda var mjög hátt. 21 kona og 11 karlar eru með háskólapróf, fjögur með verkmenntun og 17 með framhaldsskólupróf. Menntunarstig þátttakenda frá löndum utan ESB var ekki lægra en Evrópufólks, einkum var hlutfall háskólamenntaðra kvenna frá löndum utan ESB hátt. Þegar farið var að skoða samræmi milli menntunarstigs og starfa kom í ljós að aðeins 32 þátttakendur voru í störfum sem kröfðust sérhæfingar eða sérstakrar menntunar. Af þeim voru 13 konur frá ESB löndum og 10 frá löndum utan ESB, en fimm karlar frá ESB löndum og fjórir frá löndum utan ESB.


Tilgáta um að gera mætti ráð fyrir fylgni milli lengdar búsetu í landinu og starfs í samræmi við menntun reyndist á rökum reist. Af þeim 32 sem voru í störfum sem kröfðust sérhæfingar höfðu 20 búið lengur en sjö ár á Íslandi, þar af voru 13 konur frá ESB löndum og 10 frá löndum utan ESB,




Mynd 15: Menntun þáttkenda eftir uppruna og kynjum.



Mynd 16: Lengd vikulegs vinnutíma eftir kynjum og uppruna.



Mynd 17: Fjöldi atvinnulausra og í námi eftir kynjum og uppruna.




Mynd 18: Fjöldi sem sendi(r) peninga til ættingja í heimalandinu.

en fimm karlar frá ESB löndum og fjórir frá löndum utan ESB. Sex manns sem höfðu búið á Íslandi í 2–3 ár störfuðu í sérhæfðum greinum, fimm frá ESB löndum en ein kona frá landi utan ESB.

Skoðað var hve langur vinnutími fólks er, flokkað eftir kynjum og uppruna. Þátttakendur vinna flestir mjög

mikið, 19 manns af 45 vinna 40 klst. á viku eða lengur, þrír þátttakendur vinna lengur en 50 klst. á viku (sjá mynd 16).

Níu þátttakendur sögðust vera atvinnulausir, þar af var ein kona frá ESB landi sem sagðist vera atvinnulaus að hluta til. 14 manns sögðust vera í námi, sumir þeirra voru jafnframt í starfi eða á atvinnuleysisbótum.



Mynd 19: Áhrif kreppunnar á heilsu og líðan þátttakenda.

4.3. Fjárhagslegir þættir og afkoma

Tæplega helmingur þátttakenda, eða 27 manns, hefur sent peninga til ættingja í heimalandinu, sjö karlar og 20 konur. Dreifing milli upprunalanda er mikil og sama gildir um þá sem sögðust enn geta sent peninga heim eftir að kreppan skall á, sem eru 11 talsins. Ljóst er að mjög algengt er að vinna erlendra ríkisborgara skipti miklu máli fyrir afkomu ættingja þeirra í heimalandinu, en þess ber að geta að allmargir sögðust hafa sent peninga óreglulega. Ef skoðaðir eru fjölskylduhagir þeirra sem hafa sent peninga til heimalandsins sést að 17 af þeim sem sendu peninga heim áður en kreppan skall á bjuggu með maka eða sambýlingi, fjórir karlar og 13 konur. Fjórar einstæðar mæður sendu peninga heim, en aðeins sex manns sem ekki áttu fyrir öðrum að sjá á Íslandi en sjálfum sér, þrír karlar og þrjár konur.

Eftir að kreppan skall á gátu aðeins 11 manns haldið áfram að senda peninga heim. Þar af voru sjö konur og einn karl í hjúskap eða sambúð hér á landi, ein einstæð móðir og tveir einhleypingar, karl og kona. Tveir af þessum einstaklingum, giftur karlmaður og einhleyp kona, sögðust aðeins geta sent peninga af og til eftir að kreppan skal á.

Ekki er vitað með neinni vissu hversu stórar upphæðir erlendir ríkisborgarar og/eða aðrir innflytjendur á Íslandi hafa verið að senda til heimalanda sinna. Mjög erfitt er að henda nákvæmar reidur á eiginlegu umfangi slíkra upphæða

þar sem aðeins hluti þessa fjár fer í gegnum bankakerfið.⁶⁷ Þó er ljóst að á hnattræna vísu eru þetta geysimiklar fjárhæðir. Á árinu 2007 áætlaði Alþjóðabankinn að á heimsvísu næmi þessi upphæð á ársgrundvelli um 300 milljörðum bandaríkjadala, sem er meira en þreföld heildarupphæð alls fjár sem fer í þróunaraðstoð í heiminum (DeParle 2007; Phillips 2008).⁶⁸


Tveir karlar og 11 konur í hópnum sögðust hafa orðið fyrir skerðingu á vinnutíma. Tveir karlar og átta konur höfðu verið lækkuð í launum. Sex karlar og 19 konur sögðust óttast að missa vinnuna. Þar skipti engu máli hve lengi fólk hafði búið á Íslandi og ekki heldur hvort fólk kom frá ESB löndum eða svæðum utan ESB. Af þessum hópi höfðu 14 manns ýmist orðið fyrir skerðingu á vinnutíma eða í launum, 10 konur og fjórir karlar.

4.3.1. Sparnaðarleiðir

Í spurningalistanum var spurt hvort fólk hefði þurft að skera niður einhver útgjöld frá því kreppan hófst og þá hvaða útgjöld. Átján manns töldu sig ekki hafa þurft að skera niður neina kostnaðarliði og voru þar í meirihluta konur sem ekki höfðu fyrir öðrum að sjá en sjálfum sér. Næst komu barnlausar konur í hjúskap eða sambúð. 34 sögðust kaupa ódýrari mat en áður, þar af voru 10 konur í hjúskap eða

67 MIRRA hafði samband við fjármálaráðuneyti og fékk þær upplýsingar að hér á landi væru engar haldbærar tölur um umfang slíkra peningasendinga. Benda má á að fram að kreppu var frjálfs sala á gjaldeyri og kaupendur þurftu ekki að gera grein fyrir til hvers kaupin voru ætluð.

68 Sjá einnig umfjöllun um slíkar peningasendingar í Evrópu í greininni „Europe: Europe's huddled masses; Migration,“ sem birtist í tímrítnu *The Economist*, Jan. 20, 2007.



Mynd 19: Áhrif kreppunnar á heilsu og líðan þátttakenda.

sambúð sem áttu börn. Þarnaest komu átta barnlausar konur í hjúskap.

Í a.m.k. átta tilfellum þurfti fólk að grípa til sparnaðaraðgerða sem komu niður á börnunum, með því að hætta þátttöku í skólamáltíðum, taka börnin af frístundaheimili eða skera niður tómsundastarf. Einnig var minnst á að hætt hafi verið að veita börnum vasapeninga.

4.4. Áhrif kreppunnar á líðan þátttakenda

Ein af spurningunum í skriflega spurningalistanum fjallaði um hvort þátttakendum myndist efnahagskreppan hafa haft áhrif á heilsu og líðan sína og fjölskyldunnar, t.d. barna ef einhver voru. Einnig var leitað svara við því hvort leitað hafi verið aðstoðar fagfólks og þá hverra, t.d. læknis, sálfræðings eða félagsráðgjafa, starfsfólks skóla, prests eða trúarleiðtoga. Í ljós kom að það var gríðarlegur munur á tilfinningu þátttakenda fyrir neikvæðum áhrifum kreppunnar á líðan eftir því hvort þeir komu frá löndum innan eða utan Evrópusambandsins.

Þegar litið er á fólk sem er upprunið í ESB löndum kemur í ljós að 16 af 18 konum sögðust ekki hafa orðið

fyrir neinum áhrifum, sama gildi um 12 af 13 körlum. Karlmaðurinn sem hafði fundið fyrir neikvæðum áhrifum hafði ekki leitað aðstoðar, en önnur kvennanna sem eins var ástatt um hafði leitað til læknis. Ein þeirra kvenna sem ekki taldi sig hafa orðið fyrir neikvæðum áhrifum kreppunnar á líðan tók samt fram að hún hefði leitað stuðnings hjá presti. Sömuleiðis hafði ungur fjölskyldufaðir í óöruggu starfi leitað bæði til læknis og sálfræðings/félagsráðgjafa. Þessi maður merkti við að ekki hefði verið um neikvæð áhrif kreppunnar að ræða, en líklegt er að tungumálaerfiðleikar hafi valdið ósamræmi í svörum.

Þegar litið er á svör fólks sem er upprunið í löndum utan ESB snýst dæmið algerlega við. 14 konur og þrjú karlar frá löndum utan ESB höfðu fundið fyrir áhrifum ástandsins á líðan eða heilsu, en á óvart kom hve fáir höfðu leitað aðstoðar. Ein þessara kvenna sagðist hafa leitað til sálfræðings eða félagsráðgjafa og einn karlmaður hafði leitað til íslenskra vina sinna, sem hann nafngreindi. Ein kona sem ekki hafði leitað aðstoðar taldi sig geta haft stjórn á ástandinu. Aðeins sex konur og fjórir karlar frá löndum utan ESB töldu sig ekki hafa fundið fyrir áhrifum kreppuástandsins á heilsu eða líðan. Það er óneitanlega áhyggjuefni hve fáir einstaklingar leituðu aðstoðar fagfólks í erfiðleikum sínum og er tilefni til nánari athugunar.

5. Raddir rýnihópa

Rannsakandi sem stjórnaði umræðum í rýnihóp lagði til grundvallar einar þrettán spurningar, sem skipta má í nokkra efnisflokka til hagræðingar. Efnisflokkarnir eru þessir:

- Kreppan
- Lífið á Íslandi – einkum fram að kreppu
- Hugsanlegar breytingar í kjölfar kreppunnar - almennt
- Hugsanlegar breytingar í kjölfar kreppunnar – fjölskyldan
- Félagslegt umhverfi og “coping” í kreppuástandi

Vert er að benda á að sumar þessara spurninga skarast og aðrar áttu einungis við suma.

5.1. Kreppan

Manni fannst eins og maður væri staddur í einhverri bíómynd ... (hlær) þegar bankarnir lokuðu um miðjan dag. Þetta var svoltið grunsamlegt. Svo var óvissan um innistæðurnar og hvort þær hefðu gufað upp. Ég þorði ekki að fara í heimanbankann í nokkra daga því maður vissi ekki hvort eitthvað væri eftir. Mér fannst líka á Íslendingum að þeir væru ósáttir með upplýsingar um ástandið.

Svona lýsti evrópsk kona á miðjum aldri, sem býr úti á landi og hefur verið búsett í nokkur ár á Íslandi, fyrstu upplifun sinni af kreppunni. „Ég hélt aldrei að þetta myndi gerast á Íslandi. Bara aldrei. Bara hræðilegt.“ Rannsakandi: Var þetta bara sjokk? „Já bara panik“ sagði ung kona frá Evrópu um fyrstu viðbrögð sín við efnahagshruninu. Hún hafði búið við fremur bág kjör í heimalandinu og hafði að eigin sögn „flúið“ til Íslands í leit að betri lífskjörum.

Fyrstu tvær spurningarnar lúta að kreppu, annars vegar yfirstandandi kreppu á Íslandi og hins vegar því hvort einhver hafi upplifað kreppu eða verulega bág efnahagsástand í sínu heimalandi. Umræður um fyrstu tvær spurningarnar tóku sýnu lengstan tíma. Skýringarnar á því eru ekki einhlítar. Í fyrsta lagi voru þær í eðli sínu þannig að þær kröfðust mikilla umræðna, einkum fyrsta spurningin. Eins og bent hefur verið á voru þátttakendur

líka varfærni í fyrstu, sem gerði það að verkum að umræður urðu tímafrekastar í þessum fyrstu spurningum.

Fyrsta spurningin hljóðaði svona: Hvað veistu um ástandið núna? Hvernig finnst ykkur miðlun upplýsinga hafa verið háttáð eftir að kreppan skall á, varðandi stöðu bankanna, gjaldeyrisviðskipti, stöðu innflytjenda á Íslandi, þ.e. bæði þeirra sem hafa og hafa ekki ríkisborgarétt (innan ESB) (utan ESB)?

Umræðustjórnandinn tók fram við þátttakendur að ein ástæðan fyrir því að spurt var um upplýsingaflæði væri sú að umkvartanir í þá veru hefðu verið háværar meðal Íslendinga sjálfra, ekki síst á fyrstu vikum og mánuðum eftir bankahrun.

Svörum þátttakenda við þessari spurningu má gróflega skipta í flokka sem ráðast af tengslum við Íslendinga og tungumálakunnáttu. Þeir sem voru í góðum tengslum við Íslendinga – gegnum mægðir eða vinnu – nutu góðs af því og gátu oft fengið útskýringar.

Já ég fékk nægar upplýsingar, enda er konan mín íslensk og ég og ættingjarnir fylgðumst mjög vel með þegar allt var í gangi. Það var samt erfitt að skilja sumt eins og bankamál og ég þurfti stundum að fá útskýringar á orðum hjá fjölskyldunni. (Ungur maður frá S-Ameríku, búsettur nokkur ár á Íslandi.)

Þó minnst sumir á að jafnvel Íslendingar vissu ekki almennilega hvað gengi á. Þeir sem skilja íslensku og ensku vel voru vel settir og sömuleiðis nutu Pólverjar þess að eiga aðgang að íslenskum fréttum á pólsku í dagblaðinu DV. Hér má minna á að í textavarpri Ríkissjónvarpsins er að finna fréttir á pólsku og serbó-króatísku. – engar fréttir er hins vegar að fá á taílensku, víetnömsku eða öðrum suður-asískum tungumálum.

Meirihluti þátttakenda var á þeirri skoðun að upplýsingum hefði verið ábótavant. Þetta gildi líka um þá sem dvalið hafa lengi í landinu, hafa mjög gott vald á tungumálinu og tengjast Íslendingum fjölskylduböndum. Hér talar evrópsk kona um fertugt sem búið hefur lengi á Íslandi:

Um ... já ég myndi sjálf telja mig hafa fullan aðgang að upplýsingum í ýmsu hvað varðar Íslendinga ... en held að það hafi bara einfaldlega almennt skort á

upplýsingar og ég upplifði eða myndi gera ráð fyrir að innflytjendur upplifðu sterkar ákveðið máttleysi með því að finna að þeir sem áttu að veita upplýsingarnar voru sjálfir ekki með yfirsýn ... og það náttúrulega skilar sér en ég held persónulega að upplýsingar til innflytjenda hafi farið allt of seint af stað og í mjög litlum mæli, það var komið, það var svona ein og ein frétt á heimasíðu Alþjóðahúss og póstlistum þeirra hvernig þetta virkar núna með gjaldeyrisviðskipti erlendis og svona ... en það voru samt einhverjar vikur þú veist, sem liðu svona á milli og svo komu einhverjar stuttar upplýsingar.

Sumir lögðu áherslu á að tungutak hagfræðinnar væri sér framandi, hvort heldur á íslensku eða eigin móðurmáli. Meðal þessara þátttakenda voru margir sem sögðust líka hafa átt auðvelt með að fá hlutina útskýrða fyrir sér ef eitthvað var óljóst. Auðveldara var líka fyrir þennan hóp að fá útskýringar á bankastarfsemi.

Sá hópur sem talar og skilur íslensku bærilega átti þó í erfiðleikum með að fylgjast með fréttum þar sem tungumálið reyndist of flókið og erfitt. Þeir í þessum hópi sem eru vanir að nota internetið leituðu sér upplýsinga þar og fóru þá gjarnan inn á fréttasíður í sínu heimalandi.

Sá hópur fólks sem leið mest fyrir skort á upplýsingum voru þeir sem höfðu ekki nægjanlega íslenskukunnáttu til að fylgjast með umræðu í fjölmiðlum, skildu ensku heldur ekki nógu vel til að geta nýtt sér íslenska fréttamiðla á ensku (Morgunblaðið, ýmsar vefsíður) og urðu því að reiða sig á upplýsingar frá vefmiðlum í heimalandi sínu um ástandið á Íslandi. Oft voru það ýkjukennar fréttir, að þeirra sögn. Einn hafði orð á því að hann hefði sótt fréttir af atburðum á Íslandi á fréttamiðil í heimalandi sínu, sem aftur hafði þýtt fréttir af Reuter. Mörgum fannst líka hálfhjákátlegt að fólk fengi í raun sínar fyrstu fréttir sem það gat skilið frá Póllandi, Mongólíu eða Tansaníu um efnahagshrunið á Íslandi.

Margir tóku fram að fréttáflutningur hefði verið á ákaflega erfiðu máli og því ógerlegt að fylgja honum eftir. Þar fyrir utan voru nokkrir sem bentu á að innflytjendur sem ekki tala neitt þessara þriggja tungumála, íslensku, ensku eða pólsku, hafi vitað lítið sem ekkert og það hafi skapað mikið óöryggi meðal þeirra og komið ýmsum sögusögnum af stað, bæði varðandi bankana og einnig um stöðu þeirra á vinnumarkaði.

Varðandi upplýsingar um starfsemi bankanna kvörtuðu margir yfir því að hafa ekki fengið neinar upplýsingar eða afskaplega takmarkaðar. Þetta átti bæði

við um upplýsingar um skilmála ýmissa lána – íbúðalána og annarra lána – sem og varðandi gjaldeyrishöft.

Mér finnst að til að byrja með þegar kreppan skall á þá voru engar upplýsingar. Margir innflytjendur fengu ekki upplýsingar um hana, hvað væri um að vera. Og eins og margir hér segja vorum við mörg sem fengum upplýsingar erlendis frá og gátum lesið okkur til. En þetta var óvissa, t.d. með stöðu bankanna, og það höfðu margir útlendingar áhyggjur af því. Sérstaklega þeir sem voru að senda peningana sína út og enginn gat svarað neinu. Hvenær væri hægt að senda peninga og hvenær væri opið og svona. Það voru svona tilfelli þar sem maki var hér og hinn í heimalandinu með fjölskylduna. Ég man ekki hvað það tók langan tíma þar til hægt var að senda peningana. (Evrópsk kona um fertugt, búsett í fjölda ára á Íslandi.)

„Það voru hvergi upplýsingar um það hvað myndi gerast. Jafnvel í bönkunum var ekki svör að fá. Það var mjög óþægilegt“, sagði ein konan. Sumir þátttakenda hafa sent peninga reglulega til ættmenna heima fyrir. Í sumum tilvikum er um að ræða aðstoð við skólagöngu ættingja, stuðningur við lasburða og fátæka foreldra eða annað tillegg til framfærslu ættingja í heimalandinu.

Ljóst er að mörgum reynist ógerlegt að halda peningasendingum áfram eftir gengishrun og minnkandi tekjur. Í þeim tilvikum kom í ljós að mörgum reyndist það tilfinningalega erfitt að geta ekki lengur orðið fjölskyldu sinni í heimalandinu að liði. Ennfremur var ljóst að margir þessara voru gramir yfir því að geta ekki sent peninga heim, jafnvel þó þeir ættu þá til – voru beðnir um flugmiða í bönkunum – og ekki síst gramir yfir ónógum upplýsingum af hálfu bankanna. Fjölmargir sögðu að þær takmörkuðu upplýsingar sem hægt hafi verið að fá hafi einungis verið fánlegar á íslensku, framan af hausti a.m.k. Kona benti á að upplýsingaskorturinn hefði verið alger varðandi bankana og gjaldeyrisviðskipti og hafi það valdið því að alls kyns sögusagnir fóru á kreik sem ýttu undir óöryggstilfinningu fólks. Í hópunum voru einnig margir sem sögðust ekki hafa sent peninga reglulega heim, heldur meira eftir getu, en það væri nú liðin tíð.

Enn aðrir voru bönkunum gramir fyrir að hafa ekki miðlað til sín upplýsingum um áhrif gengisshruns á ýmis bankalán. Mörgum sem voru með lán komu því stórfelldar hækkningar á afborgunum algerlega í opna skjöldu. Þessi gagnrýni beindist í sumum tilvikum líka að Íbúðalánasjóði. Þeir sem lagt höfðu inn á peningamarkaðssjóði kvörtuðu

sáran yfir ónógum upplýsingum, sumir sögðust hafa fengið upplýsingar um að allt væri í lagi með innistæður, sem reyndist svo ekki eiga við rök að styðjast.

5.1.1. Hefur þú reynslu af kreppu?

Önnur spurning sem lagt var upp með í umræðunum hljóðaði svona: Hefur þú reynslu af kreppu áður, t.d. í heimalandi þínu? Ef svo er, hvernig tókstu á við hana?

Já Ekvador er fátækt land og allir vita það ... það var alltaf kreppa, (hlæjandi) alltaf kreppa ... Bara alltaf, bara normalt ... Enginn matur til að borða og enginn peningur til þess að kaupa mat og þú getur ekki einu sinni sent barnið þitt í skóla, þetta kalla ég kreppu! Og búa kannski tuttugu saman í einu litlu húsi, þetta er kreppa fyrir mér. (Ung kona frá Ekvador.)

Ég ólst upp við það að suma dagana fór ég í skólann án þess að hafa borðað nokkuð, engir skór á fæturna, eða skólabækur, en ég fór samt skólann. Efnahagskreppa heima, tja ég veit ekki. Við höfum svo lengi búið við kreppu í Afríku. (Kona frá Tansaníu.)

Og þetta var ekki svona kreppa að einhver var hungraður og eitthvað svona ... fólkið bjargaði sér sjálf, við horfðum aldrei þannig á að ríkið væri skyldugt til að gefa okkur eitthvað, þú veist einstaklingar sem voru með hús og garð þeir voru allt í einu komnir með, settu svín, kannski tvö þrjú, í bílskúrinn til að ala upp til að fá kjötið, svo voru hænur komnar allstaðar og gæsir (hlær), fólkið bara bjargaði sér. (Rúmlega fertug pólsk kona.)

Það hefur nánast alltaf verið kreppa á Filippseyjum og mikil fátækt svo fólk hefur orðið að læra að vera útsjónarsamt og kunna að spara. (Kona frá Filippseyjum.)

Það var afar athyglisvert hversu margir af þátttakendum höfðu upplifað erfiðar efnahagsaðstæður í heimalandinu. Það voru ekki endilega kreppur á fjármálamörkuðum eða bankakreppur, heldur kreppur sem stöfuðu af vöruskorti, atvinnuleysi, viðskiptabanni, gífurlegri misskiptingu gæða, harðstjórn, einræðisstjórn, stríði og náttúruhamförum. Þessar „kreppur“ voru í mörgum tilfellum viðvarandi í árávis.

Eins og fram hefur komið voru þátttakendur víðsvegar að úr heiminum. Þátttakendur frá löndum fyrrum Júgóslavíu og frá Mið-Ameríku höfðu reynslu af borgarastríði, með fátækt og skorti sem því fylgir. Sumir ólust upp í fyrrum kommúnistaríkjum, Albaníu,

Póllandi, Austur-Þýskalandi, svo dæmi séu tekin, og aðrir frá einræðisríki eins og Chile. Þetta fólk hafði meira og minna alist upp við lítil efni, viðvarandi vöruskort, skömmtnarseðla og neðanjarðarhagkerfi. Aðrir höfðu búið við rafmagnsskömmtnun og skort á eldsneyti til kyndingar á vetrum með tilheyrandi húskulda.

Dæmi voru um fólk sem hafði hreinlega upplifað hungur í æsku og á unglingsárum en þau voru í algerum minnihluta. Hér var um að ræða fólk sem hafði upplifað stríð og hugnursneyð sökum þurrka. Þó fæstir hefðu upplifað hungur höfðu mjög margir alist upp við rýran efnahag.

Margir Pólverjar sögðu frá vöruskorti og skömmtnarseðlum sem voru við lýði á tímum kommúnistastjórnarinnar.

Ég var kennari og hafði næga peninga en ég gat ekkert keypt, það voru ekki til neinar vörur. Stundum var ég reið og keypti bara eitthvað, bara til að kaupa. Skipti ekki máli hvort það var ísskápur eða húsgögn. Svo gat maður skráð sig á lista og hvaða biðröð maður færi í. Ef maður vildi kaupa húsgögn þá mætti maður bara klukkan 6 eða 5 á morgnana í röð. Það var til nóg af peningum en engar vörur. (Pólsk kona um fimmtugt.)

Og önnur kona frá sama landi, eilítið yngri, sagði: Já ég man líka eftir þessari kreppu. Skömmtnarmiðum og biðröðum þar sem maður fór í biðröð til að kaupa klósettpappír. (Hlær og heldur svo áfram...) Til að geta haft vöruskipti, klósettpappír fyrir eitthvað annað. ... Maður tók þetta sem sjálfsgöðum hlut að gera þetta [standa í biðröð] og geta keypt einhverjar appelsínur og standa í biðröðum. Þetta var bara að biða og kaupa. Þetta er ekki líkt neinu hérna. Hér vantar aldrei mat. Ég var að lesa það í pólskum blöðum þegar kreppan á Íslandi skall á keyptu Pólverjar hveiti og pasta. Þeir hugsuðu svona og fóru út að kaupa mat svo þeir ættu nóg.

Aðrir Pólverjar sögðu frá efnahagsþrengingum sem voru á tíunda áratugnum eftir að peningum var breytt 1996 og þrjú núll tekin af pólska gjaldmiðlinum zloti. Fyrir það fólk sem þegar var í bágru stöðu og lifði frá degi til dags var þetta ákaflega erfið reynsla. Einn karlmaður um fimmtugt minntist þessa tíma og sagði:

Og margt fólk var líka búið að missa vinnuna. Líka ég. Ég var að koma til að vinna fyrir brauði. Ekki til að safna peningum. Þess vegna er ég á Íslandi. Það var margt fólk. Og í dag í Póllandi er það sama að endurtaka sig. Fólk er að missa vinnuna og svo er líka

erfiðara í bankanum. Svona vandamál.

Yngri kona frá sama landi bætti við: „Það var alltaf kreppa í Póllandi og foreldrar mínir voru alltaf að kenna okkur að spara heima, ekki henda mat.“

Kona á þrítugsaldri frá Taílandi minntist efnahagskreppunnar þar í landi þegar hún var barn, en þá kom Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn landinu til aðstoðar. Þetta voru mjög erfiðir tímar, mikil fátækt, mikið um rán og þjófnaði og fólk mjög á varðbergi, sagði hún. Hún lærði að spara og fara vel með peninga. Rúmlega þrítugur maður frá El Slavador sagði:

Nei ég hef aldrei búið við kreppu í mínu landi. En við áttum í stríði í tuttugu ár næstum því. Fyrstu 15 árin mín var ég í stríði. Svo var þetta svipað og ég hef heyrt hér. Við vorum að spara rafmagnið líka því það var ekki nóg rafmagn og stundum vantaði mat. Terroristar reyndu að stöðva innflutning á mat til landsins til að þrýsta á ríkið. Þá vantaði stundum mat. Ég man að heima hjá mér þá var að koma matur og við borðuðum allt og engu var hent.

Tæplega þrítug kona frá Serbíu var barn og unglingur þegar borgarastriðið þar geisadi. Hún hafði upplifað óðaverðbólgu og matarskort og orðið að hætta háskólanámi vegna þess að hún átti ekki peninga til að borga námið. Henni fannst hvorki verðbólgan né kreppan mikil á Íslandi miðað við það sem hún þekkti frá Serbíu. Spurð um hvernig lífið hefði verið, hvort það hefði vantað mat svaraði hún:

Það vantaði allt. T.d. áttum við ekki peninga til að borga strætó til að fara í skólann. Þegar við komum í strætó þá bara OK ókeypis. Bílstjórinn sagði bara: þetta er allt í lagi, þið eruð litlir krakkar og þið verðið að fara í skólann. Við vorum ekki með mat í skólanum og vorum oft svöng allan daginn.

Þessi síðustu orð sagði hún hálfhlæjandi yfir því hversu fíranlegt það var og það var augljóst á henni að frásögnin kom við hana. Spurð að því hvort hún hafi þá verið svöng allan daginn svaraði hún: „Jú ekki bara ég, flestir.“ Aðrir þátttakendur í hópnum hlustuðu á frásögn hennar af undrun og mikilli athygli. Hún segir lífið enn mjög erfitt í Serbíu, mikil dýrtíð og mikið atvinnuleysi. Spurð um hvort hún þekki það af af eigin reynslu að þurfa að spara, svaraði hún snaggaralega: „Spara í öllu.“

Rúmlega þrítugur maður frá Króatíu, sem bæði hafði upplifað stríð og skort sagði: „Það er ekki kreppa á Íslandi. Ísland er bara ein spaugstofa eins og Spaugstofan á Ríkissjónvarpinu gerir grín að þessu. Ég hef bara ekki séð neinn sem er svangur eða eigi ekki fyrir mat eða bleyjur á barnið eða ...“ Hann undraðist jafnframt allt þetta tal um kreppu þegar alltaf væri uppselt í leikhús og panta þyrfti borð á veitingastöðum með viku fyrirvara, eins og hann hafði upplifað í Reykjavík nýverið (febrúar 09).

Langsamlega flestir þátttakendanna var fólk sem var aldeilis óvant því að brúðla með mat, hvað þá henda mat. Margir sögðust vera aldri þannig upp að þeim stóð ekki annað til boða en að borða það sem borið var á borð fyrir þá. Þjóðverjar, bæði frá gamla Austur- og Vestur-Þýskalandi, Frakkar, ungt fólk frá Austur-Evrópu og Víetnam hafði ekki endilega upplifað eiginlega kreppu sjálf en var uppalið af fólki sem þekkti skort og hafði því lært að spara og fara vel með.

Pabbi minn ólst upp í stríðinu og amma mín og afi líka. Þegar ég var lítil mátti ég ekki standa upp frá borðum fyrr en ég var búin að klára af diskunum. Það mátti aldrei henda neinu og allt var sparað. Við skrifuðum niður hvað við eyddum miklu á hverjum degi. Og þess vegna erum við, mín kynslóð, líka alltaf að spara og þess vegna var sjokk fyrir mig að koma hingað og sjá ungt fólk vera að kaupa sér bíl og íbúð og stofna fjölskyldu og ég bara vá!!! Þetta hlýtur að kosta mikið. En þau fengu bara lán. Ungt fólk sem átti ekki neitt fékk bara lán fyrir öllu, þetta kom mér á óvart. (Fertug þýsk kona.)

Mjög mörgum, sama hvaðan úr heiminum þeir komu, blöskraði eyðslan á Íslendingum og voru undrandi á mikilli neyslu meðal þeirra. Ennfremur lýstu þónokkrir undrun sinni á sinnuleysi Íslendinga í umgengni við verðmæti, þeir skildu eftir logandi rafmagnsljós, gluggum væri ekki lokað, mat hent og fleira í þeim dúr. Töluverðar umræður sköpuðust í flestum hópum um bílakaup og ýmiss konar neyslu meðal Íslendinga, sem tekin var út á bankalán og ekki hugsað fyrir skuldadögunum. Margir höfðu búið við ótrygga atvinnu í heimalandinu og aldrei kynnst aðgangi að fjármagni eins og tíðkaðist hér á landi.

„Mér finnst Íslendingar eyða svo miklum peningum, og þeir virðast ekki vera hræddir. Bara kaupa þetta og þetta og æ, við borgum þetta og við verðum að vinna, svona allt öðru vísi.“ Þetta sagði ung pólsk kona sem sagðist hafa

undrast áhyggjuleysi Íslendinga af afborgunum af lánnum og nefndi að sennilegast væri skýringin sú að ólíkt því sem verið hefði í Póllandi, hefði fólk hér haft næga vinnu og ekkert að óttast. Pólskur maður á miðjum aldri sagði: „Að mínu mati er ástandið á Íslandi ekki sem verst. Íslendingar þurfa bara að læra að spara og að lifa öðruvísi og eyða ekki svona miklum peningum. Það eru margir möguleikar til að glíma við kreppuna.“

Þó margir, einkum þeir sem upplifað höfðu miklar þrengingar í heimalandi sínu og fannst kreppan á Íslandi ekki vera mikil í samanburði, voru á því að skortur væri líka afstæður. Þeir sem voru þegar búnir að missa vinnu eða voru óöruggir með vinnu, voru þó engu að síður uggandi um framtíðina.

5.2. Lífið á Íslandi – einkum fram að kreppu

Næstu tvær umræðusurningar lutu að lífinu á Íslandi, einkum fram að kreppunni. Viðmælendur rannsóknar voru inntir eftir því hver upplifun þeirra hefði verið fram að kreppunni. Í fyrsta lagi á þáttum sem þau töldu að hefðu virkað vel, t.d. varðandi upplýsingaflæði til þeirra um réttindi og skyldur, varðandi atvinnu, skóla, heilbrigðiskerfi ofl. Í öðru lagi voru þátttakendur spurðir hverju þeir teldu að helst hefði verið ábótavant.

Augljóst er að fólk hefur misjafnar sögur að segja af upplýsingaflæði. Eins og í mörgum öðrum tilvikum virðast þeir vera best settir sem eru í góðu sambandi við Íslendinga, annað hvort í gegnum mægðir, vinnu eða vinskáp. Margir töluðu um að hafa fengið ómælda hjálp frá þeim. Eins og ein kona sagði um íslenskan vin sinn sem vann sem túlkur á pólsku: „Hann var alltaf að reyna að passa að það væri ekki svindlað á okkur. Semsagt hann útskýrði fyrir okkur réttindi og skyldur.“

Aðrir nutu góðs af samlöndum sínum, ættmennum og vinum, sem komið höfðu á undan þeim til landsins og voru þeim innanhandar með upplýsingar og ráðgjöf um íslenskt samfélag. Enn aðrir hældu vinnuveitendum sínum, samstarfsfólki og stéttarfélögum fyrir að hjálpa sér og kynna sér réttindi um orlof, veikindadaga, sumarfrí, skattamál og fleira.

Margir höfðu nýtt sér vef Fjölmenningarseturs og Alþjóðahúss, einkum þeir sem búið hafa lengi í landinu. En það kom á óvart hve margt ungt fólk virtist vita lítið um þessar upplýsinga- og þjónustuveitur, þetta var þó

mest áberandi meðal þeirra sem höfðu verið hvað stystan tíma á Íslandi. Þetta sagði pólsk kona um fertugt sem verið hefur búsett á Íslandi í tvo áratugi:

Þegar ég kom hingað fyrst þá varð maður að leita þar til maður fann þær upplýsingar sem maður vildi. En ég var nokkuð fljót að tengjast heilbrigðiskerfinu og verkalýðsfélaginu. Tengdist fljótt öllum kerfum, því þegar ég byrjaði þá var ég fengin til að túlka svo ég fékk upplýsingar. Ég hafði upplýsingar frá fjölskyldu sem ég var í tengslum við. Fjölmenningarsetrið hefur líka breytt miklu.

Ung kona frá Asíu, búsett í Reykjavík, sagðist hafa merkt mikinn mun á upplýsingagjöf á undanförunum tveimur árum:

Þetta tímabil, rétt áður en kreppan skall á, eða ekki rétt áður en svona einum til tveimur árum, þá fannst mér bara vera upplýsingar bara út um allt, allt í einu ... upplýsingar varðandi leikskóla, varðandi tannlækna eða bara alls konar upplýsingar um vinnu og hérna ...vinnuöryggi, bara allskonar upplýsingar.

Margir bentu á að mikið væri af upplýsingum á internetinu og höfðu náð í þær þar. Þónokkrir nefndu bæklinginn *Living in Iceland* sem gefinn er út af Vinnuálastofnun og hældu honum. Bæklingurinn er fánlegur á nokkrum tungumálum. Margir höfðu á orði að það væru margskonar upplýsingar til en það þyrfti að leita þeirra og þær væru dreifðar um allt. Stofnanir stæðu misvel að upplýsingagjöf en oftast ekki væri hún þá bara á ensku og pólsku fyrir utan íslensku.

Spurð hvort hún hafi þurft að leita sér upplýsinga sjálf, svarar ung kona frá Ástralíu:

Ég hef gert það, en ekkert meira en ég hefði þurft að gera í hvaða öðru landi, ég meina ef þú vilt fá einhverjar upplýsingar um Ástralíu, þá þarftu bara að fara á vefsíðu þeirra og ég myndi, ég gerði það sama hér. Þó svo að sumar stofnanir séu með góðar vefsíður á ensku, þá eru sumar einungis með algert lágmark og engar upplýsingar. Stofnanir íslenska ríkisins, eins og heilbrigðisstofnanir, ég meina þetta er breytilegt eftir heilbrigðisstofnunum, ég meina sumar eru mjög finar á ensku og aðrar bara með algert lágmark. Sama máli gegnir þegar maður hringir, það virðist algerlega vera undir því komið hvaða manneskju maður lendir á. En það gildir það sama þegar maðurinn minn hringir [hann er íslenskur], þjónustan er háð þeim sem svarar.

Það virðist ekki skipta máli hvort maður talar málið eða ekki, maður fær sömu þjónustu. En mér finnst gegnumgangandi galli á kerfinu að þar er alls ekki gert ráð fyrir innflytjendum.

Önnur kona á fertugsaldri sem lengi vann við að þjónusta innflytjendur hafði orð á því að lengi hefði skort á að samræma upplýsingar. Allir voru „að reyna finna upp hjólið“ eins og hún orðaði það og tilviljanakennt hvað var þýtt og hvað fékk styrki, hvort sem þörf var fyrir það eða ekki. Hún taldi þó að þetta væri allt á betra vegi og benti enn fremur á að:

Varðandi börn innflytjenda, [hefði] farið fram alveg frábært starf og líka upplýsingar til foreldra leikskólabarna. Það eru komnir leikskólábæklingar á mörgum tungumálum og upplýsingaefni um tvítýngt uppeldi og allskonar vefir, leikskólavefur um fjölmenningu og allt það er komið, en því eldra sem barnið verður því meira vantar þetta og í framhaldskólum erum við komin í 90% brottfall barna og það hefur verið mjög lítil áhersla á upplýsingar varðandi framhaldsskólana.

Varðandi heilbrigðisþjónustu minntust nokkrir sem búið höfðu lengi á Íslandi á að hún hefði verið betri fyrir nokkrum árum síðan, en farið versnandi. Nú væri erfiðara að fá upplýsingar, eða eins og ein kona úti á landi sagði: „Það sem virkaði verst var heilbrigðisþjónustan, fyrir mig, að mínum dómi. Vegna þess að það eru engar upplýsingar um hvernig maður á að bæta heilsu sína. Það voru einhverjar upplýsingar en bara frá privat stofum. Ekki frá spítalanum.“

Af því að ég er búin að vera lengi hér, þá var fyrst þegar ég kom, þá var ekkert svona komugjald á heilsugæslustöðinni, það var bara ókeypis. Og svo breyttist þetta og svona. Og svo líka með heilsu – af því að þegar maður lagðist inn á spítala, áður mátti maður vera kannski í marga daga, en núna bara send heim eftir einn eða tvo daga. Eins og ég fór í aðgerð, ég var í aðgerð klukkan níu og send heim klukkan 12. Það má ekki einu sinni vera á spítalanum. Svo borgarðu líka 18 þúsund ef þú ert svona – outpatient, hvernig er það? Göngudeildarsjúklingur. En fyrir um tíu árum síðan mátti vera á spítalanum kannski eina eða tvær nætur. Og kostaði ekki neitt. (Pólsk kona á Akureyri.)

En aðrir minntust á að þeir hefðu saknað þess hve íslenskukennsla var af skornum skammti, þetta var einkum

úti á landi. Kona á fertugsaldri sem búsett hefur verið á tveimur stöðum úti á landi hafði þetta að segja:

Já mér fannst fólkið í vinnunni duglegt að aðstoða mig og gefa mér upplýsingar. Samt eitt sem ég fann að vantaði var fræðiefni til að læra íslensku. Sérstaklega á litlu stöðunum. Ég þurfti stundum að keyra frá Hellissandi tvisvar í viku til Akraness til að fá kennslu í íslensku. Og það var líka erfitt að fá fjarnám í íslensku á netinu. Ég veit ekki hvernig það er núna en hérna á Ísafirði get ég fengið góða kennslu. Og það skipti mig máli að læra vel íslensku svo ég gæti fylgst með í fjölmiðlum og það er ósanngarnt hversu erfiðara er að læra úti á landi en í Reykjavík.

Enn fremur var fróðlegt að heyra hvað fólk sem verið hefur búsett á Íslandi í fjöldamörg ár hafði að segja um breytingarnar á samfélaginu. Hér talar kona sem búið hefur á annan áratug á Íslandi:

Mér finnst bara miðað við fyrir 12 árum, þegar við komum hingað fyrst, að þá hef ég það á tilfinningunni að viðmótið hafi svolítið breyst síðan þá. Þegar við komum kom maðurinn minn á undan mér og hann vissi nákvæmlega hvað við þyrftum að gera og svo fórum við í Hagstofuna þar sem ég fékk kennitöluna eins og skot og svo fórum við í Útlendingaefirlitið og fengum dvalarleyfið eftir nokkra daga. Einfalt mál og fljót afgreiðsla. Viðmótið var jákvætt að einhver kæmi frá Þýskalandi til að búa hér og læra íslensku. En núna er fólk farið að tala bara ensku sem kemur og mér finnst það móðgandi því ég vil tala íslensku. Núna er svo miklu meira af útlendingum og mér finnst þetta hafi verið miklu jákvæðara áður. Núna er meira kæruleysi í viðmótinu og að sumu leyti neikvæðara. Afgreiðslan er orðin miklu lengri í Reykjavík og biðin er löng eftir kennitölu og ótímabundið dvalarleyfi ekki lengur hægt að fá. Og mér líður eins og sakborningi þegar ég þarf að fara í Útlendingaefirlitið. Andrúmsloftið hefur breyst í stofnunum í Reykjavík. En hjá fólki almennt finn ég meira kæruleysi og öllum finnst bara eðlilegt að tala ensku.

Við þessi ummæli hennar sagði einn þátttakandi í hópnum: „En það er kannski ekki óskiljanlegt vegna þess að þegar þú ferð í búð í Reykjavík kann fólkið sem vinnur þar ekki íslensku.“

5.2.1. Reynsla af vinnumarkaði, upplýsingar um réttindi og skyldur

Sumir hældu vinnuveitendum og stéttarfélögum fyrir að bregðast skjótt við og miðla upplýsingum þegar kreppan skall á. Rúmlega þritug kona, búsett úti á landi hafði þetta að segja:

Og frá stéttarfélaginu. Þetta var bara – góðar upplýsingar. Ég get ekki sagt annað. Þetta var á íslensku, en ég skildi það allt saman. Og líka hvað breytist núna, kemur frá sjúkraliðafélaginu. Og líka frá skólanum. Og þú veist, upplýsingar um að halda áfram, fara á námskeið og svona, þú veist, ekki að vera svona. Að bíða eftir einhverju. Komast áfram. Gera eitthvað meira.

Ég segi sama. Alltaf nógar upplýsingar. En það var reynt að svindla á mér fyrsta árið þegar ég flutti hingað, en þá fékk ég bara Eflingu í að leysa málið. En þá var ég ekki að vinna sem kennari. Það var eitthvað í gangi í sambandi við orlof, fyrsta árið hér. Ég veit að þeir voru ekki að borga mér orlof sem á að gera. Ég á líka barn í skóla og hef fengið allar upplýsingar um allt sem þarf. (Karlmaður í Reykjanesbæ á fertugsaldri.)

Pólskur karlmaður um fimmtugt, sem verið hafði á Íslandi í áratug og búið víðsvegar um landið, hafði þetta að segja:

Ég veit alltaf hvað er að gerast á Íslandi. Þegar þú kannt að lesa og hlusta á sjónvarp og færð upplýsingar á netinu, ég veit alltaf hvað er að gerast. Það er ekki erfitt að fá upplýsingar. Þegar ég kom fyrst til Íslands þá var bók frá stéttarfélaginu, á pólsku. Það var stór bók, ekki allt var á pólsku, bara mjög mikilvægar upplýsingar voru á pólsku. Svo var líka tengdafaðir pólskrar konu, hann var að vinna hjá stéttarfélaginu. Hann var alltaf að hjálpa Pólverjum. Það var fyrir vestan, í Stykkishólmi.

Ungur maður frá landi utan ESB og sem búið hefur á Íslandi í tæp tíu ár fékk takmarkaðar upplýsingar í byrjun og sagði m.a.: „Fyrirtækin gátu engar upplýsingar veitt um réttindi okkar. Ég var að sjá þetta bara fyrir ári síðan, því núna skil ég betur málið og hef unnið fyrir tvö stór fyrirtæki, að framkvæmdastjórnar vita oft lítið um réttindi.“ Þessum manni fannst vanta meiri þekkingu á réttindum og skyldum meðal starfsmanna, „ekki bara útlendinga heldur líka Íslendinga,“ eins og hann sagði.

Annar karlmaður á Ísafirði sagði hinsvegar: „Stundum er of mikið af upplýsingum þar sem ég var að vinna, (hlær) ... gott og einfalt kerfi fannst mér og ekki mikið skrifræði. Í mínu landi þarf alltaf að gera allt mörgum sinnum og kostar allt. Hér er allt miklu betra.“

Ung kona hafði orð á því að þegar hún byrjaði að vinna á Íslandi, sem starfstúlka á spítala, hefðu henni verið kynnt öll sín réttindi, m.a. um s.k. punktakerfi og hefði hún hefði fengið allt að ellefu punkta metna fyrir menntun sína og það hefði munað um það í launum.

Flestir viðmælenda sem voru í stéttarfélagi voru ánægðir með frammistöðu síns félags hvað varðar upplýsingargjöf um réttindi og skyldur. Sumir minntust þó á að stéttarfélögin mættu upplýsa erlenda félaga sína betur um ýmis fríðindi sem þeir ættu tilkall til eins og afsláttarkort á líkamsræktarstöðvar, fræðslustyrki ofl.

Þó meirihlutinn hefði fremur jákvæða reynslu af íslenskum vinnumarkaði, var auðheyrt að framkoma vinnuveitenda var í sumum tilvikum algerlega óásættanleg. Ung kona, verkfræðingur að mennt, sem byrjaði sinn vinnuferil á Íslandi á pizzeríu, sagðist gruna að þar hefðu henni verið borguð lægri laun en hún átti rétt á en sagðist vilja láta það liggja á milli hluta. Hún fór svo að vinna þar sem menntun hennar hefði átt að vera metin en stóð í stappi vegna þess. Hún lagði fram vottorð um menntun sína – sem skipti máli í þessu starfi – en var líka hlunnfarin en gerði athugasemdir í þetta sinn. Þarna var ekki um að ræða smáupphæðir heldur tugi þúsunda. Henni fannst vanta stórlega upp á að menntun innflytjenda væri metin að verðleikum á Íslandi. „Jafnvel þó þú sért búin að fá öll prófskírteinin þín þýdd og staðfest af Iðnaðarráðuneytinu í Reykjavík, að þú megir kalla þig verkfræðing, held ég að maður verði aldrei metin til jafns við íslenska verkfræðinga.“ Umkvörtun um erfiðleika við að fá menntun sína metna að verðleikum og stapp við stjórnsýslu heyrðist hjá fleirum, m.a. voru ein tvö tilvik þar sem fólk vann á eigin vegum við þýðingar og hafði staðið í ströngu við að fá réttindi sín metin.

Þegar ungi verkfræðingurinn var spurð um hvort hún hefði leitað réttar síns hjá Verkfræðingafélagi Ísland, svaraði hún því til að hún hefði ekki gert það en vissi að hún væri ekki sú eina í þessari stöðu, það væri maðurinn hennar líka, sem hefði sent inn erindi til VÍ. Þau höfu bæði unnið á sama vinnustað:

en það var komið fram við okkur eins og við værum bara að moka, því við fengum sömu laun og fólk

í ræstingum. Bara eins og ófaglært fólk með enga menntun. En það er ef til vill of seint að gera eitthvað í þessu núna.

Og hún heldur áfram og segir:

Ég sá fyrir mistök launaseðil Íslendinga [sem vann á sama stað] vegna þess að hann lá á borðinu, ekki í umslagi eins og hann hefði átt að vera. Og þetta voru Íslendingar, kannski með grunnskólamenntun og unnu sömu störf, ekkert sérstaklega flókið en launin þeirra voru bara einhver allt önnur. Og þetta var bara, vá!

Þetta var í smíðavinnu á byggingarsvæði úti á landi. Hún fór síðan að starfa sem verkfræðingur hjá verkfræðistofu og fékk laun greidd samkvæmt kjarasamingum verkfræðinga og var mjög ánægð.

Tvær konur sem vinna á hjúkrunarheimili í Reykjavík og koma frá löndum utan ESB en eru hvorugar komnar með dvalarleyfi, kvörtuðu báðar yfir því að hafa ekki fengið upplýsingar á vinnustaðnum, hvorki í byrjun þegar þær sóttu um né þegar fram í sótti. Það þyrfti alltaf að spyrja eftir þeim, sögðu þær. Þetta gildi jafnt um skyldur á vinnustaðnum og þætti eins og útskýringar á launaseðli. Upplýsingar um réttindi og skyldur hefðu þær fengið í bæklingum frá stéttarfélaginu en sögðu jafnframt að mikið af upplýsingum væri einungis á íslensku sem þær ættu erfitt með að skilja. Þær sögðu frá því að þær ynnu báðar í umönnun og væru með allt of marga sjúklinga að annast, allt að átta, en þeir ættu ekki að vera fleiri en fjórir samkvæmt reglum. Ennfremur sagði önnur frá því að hún væri látin deila út lyfjum, verk sem hjúkrunarfræðingar ættu að annast. Spurðar um hvort þær hefðu gert athugasemd við þetta og haft samband við stéttarfélag sitt, svaraði önnur:

Vissulega gætum við gert það. En þegar maður er útlendingur og ætlar að klaga vinnustaðinn sinn þá er hætta á að maður missi vinnuna. Svo maður er alltaf hræddur um það. Við erum mjög hræddar um að missa vinnuna ef við setjum fram opinbera kvörtun.

Eins kom fram að stundum voru engir trúnaðarmenn á vinnustöðum og jafnvel dæmi um að þegar fulltrúar stéttarfélaga mættu á vinnustað væri erlendu starfsfólki sagt að það þyrfti ekki að mæta því allt færi fram á íslensku og það myndi þá ekki skilja neitt. Ungur maður sagðist

hafa unnið á bílaþvottastöð þar sem engar upplýsingar voru veittar, ekkert stéttarfélag. Það tók hann mánuð að fá úr því skorið hvert kaupíð væri. Hann þyrfti mikið að hafa fyrir því að fá þessar upplýsingar og var vinnuveitandi með alls konar útúrsmuninga og tafir. Að lokum kom í ljós að honum var borgað mun lægra kaup en Íslendingum. Þessi sami maður sagði aðra sögu af mismunun:

Ég veit ekki hvort ég á að segja frá þessu, en ég vann einu sinni í nokkra mánuði fyrir þar sem á nokkra bari og veitingastað í miðborg Reykjavíkur. Ég sá aldrei launaseðil allan þann tíma sem ég vann fyrir þau, engir skattar voru greiddir og ég fann aldrei út úr því hvert tímakaupið mitt var í raun og veru, þrátt fyrir að hafa spurt ítrekað um það. Ég fékk síðustu útborgunina mína, um fimmtíu þúsund krónur í seðlum með bréfaflakku á. Og það var einungis eftir að ég hafði hótad að klaga þau til skattayfirvalda.

Látum ungan pólskan mann sem búsettur hefur verið á Íslandi í átta ár hafa lokaorðið um upplýsingaflæði til innflytjenda, um hvaða hlutir virkuðu vel fram að kreppu og hverju var helst ábótavant. Hann býr í meðalstórum bæ úti á landi og er viss um að það sé betra að vera búsettur á tiltölulega litlum stað en stórum.

Ég hef alltaf verið ánægður með hvernig Íslendingar eru að hugsa um útlendinga. Það hefur kannski breyst að undanförunu, aðeins, við það að það kom svolítið mikið af vitleysingum hingað til Íslands, líka frá mínu landi. Á sínum tíma heyrði maður allt of mikið um svona dópsala og alls konar ... en eins og ég segi, ég er mjög ánægður hérna með hvernig Íslendingar hugsa út í þetta, gagnvart útlendingum. Ég hef aldrei fundið fyrir neinu neikvæðu frá Íslendingum og ekki börnin mín heldur. Nema kannski í gríni sko. En annars aldrei. Það hjálpar kannski að ég hef alltaf verið á einum stað og þekki flesta þar og hef alltaf verið að vinna þarna og síðan byrjaði ég að vinna hérna á Selfossi og það eru margir sem þekkja mig hér. Og þetta bara gengur rosalega vel.

5.2.2. Upplifun af Íslendingum fram að kreppu

Næst voru þátttakendur spurðir að því hver upplifun þeirra af samskiptum við Íslendinga hefði verið fram

að kreppunni. Rætt var um hvort þeir hefðu kynnst mörgum Íslendingum og ef svo væri hvar þau hefðu helst kynnst þeim, í vinnunni, í kerfinu eða bara almennt úti í samfélaginu?

Þó mikill meirihluti viðmælendanna hafi í dag eignast vini hér á landi, þar þeim flestum saman um að erfitt væri að kynnst Íslendingum, þar sem þeir væru mjög alvarlegir í fasi og seinir til þess að hleypa ókunnugum að sér, sérstaklega þeim sem töluðu annað tungumál en þeir. Um leið voru ákveðnar vísendingar á lofti um að erfiðara væri fyrir fólk af ólíkum litarhætti að eignast vini hér á landi.

Töldu sumir viðmælenda að það hefði skipt mjög miklu máli er kom að því að eignast hér vini að geta talað einhverja íslensku og að sýna áhuga á því að læra hana.

Mín reynsla hingað til er sú að ég var mjög hissa í byrjun, af því að flestir þeirra eru mjög fjarlægir. En svo smám saman kynnist maður þeim. Svo þegar þeir sjá að maður vill læra íslensku þá hjálpa þeir þér og segja þér allt. T.d. þegar þú spyrð hvað bolli er á íslensku og þeir sjá að þú ert raunverulega að reyna að komast inn í samfélagið, íslenskt samfélag, já það er fremur jákvætt fyrir þig af því að þá eru þeir tilbúnir til þess að hitta þig á miðri leið og kynnst þér. (Ung evrópsk kona úti á landi.)

Hvað upplifun viðmælenda á samskiptum við Íslendinga varðar, má segja að hún hafi verið mjög mismunandi. Sumir hverjir höfðu mjög góða sögu um það að segja og algengt var að viðmælendur sem bjuggu á fremur fámennum stöðum úti á landsbyggðinni upplifðu mjög gott viðmót heimafólks til sín og töldu sig í raun aldrei hafa upplifað neins konar mismunun. Ungur evrópskur maður búsettur úti á landi sagði:

Ein athugasemd, ég þekki fleiri Íslendinga af landsbyggðinni svo að ég hef lítið að segja um þá er búa í borginni, ég held að þeir séu mjög ólíkir því fólki sem er á Öxarfirði eða einhverju álíka. Það fólk sem ég þekki er mjög afslappað og mjög vinalegt. Ég hef aldrei upplifað kynþáttahatur eða fjandskap.

Því miður hafði þó einnig töluverður fjöldi viðmælenda upplifað bæði fjandskap og mismunun hér á landi. Má þar nefna dæmi þar sem konu nokkurri var neitað um starf á þeirri forsendu einni að hún var útlendingur.

Ég skal bara segja ykkur frá því þegar ég var að sækja um vinnu hérna á Íslandi, ég fékk bara svona: „Mig vantar ekki útlending.“ Bara svona. Svona beint. Ég fór með alla pappírana mína sem leikskólakennari en það var alveg sama. „Nei, mig vantar ekki útlending.“ OK takk fyrir, ég sneri mér bara og fór. (Tæplega fertug kona frá landi utan Evrópu.)

Ýmislegt bentí einnig til þess í rannsókninni að Pólverjar eigi oft fremur erfitt uppdráttar og má leiða að því líkur að ástæðan liggja einna helst í fjölda þeirra hér á landi, ásamt oft á tíðum neikvæðri umfjöllun um þá á síðum dagblaðanna.

Þeir kynþáttafordómar sem ég hef aðallega orðið fyrir voru vegna þess að fólk hélt að ég væri pólsk og þá sögðu þau ógeðfellda hluti við mig og er ég sagði þeim að ég væri frá Ástralíu þá sögðu þau „Ó!“ . Það hefur átt sér stað töluvert oft, töluvert oft. Ég var t.d. úti að labba eitt sinn og þessi kona byrjaði að tala við mig og ég sagði: „fyrirgefðu en ég tala ekki svo mikla íslensku“ og þá sagði hún við mig eitthvað á pólsku og ég sagði nei ég er reyndar frá Ástralíu og þá breyttist andlit hennar gjörsamlega og hún brosti og spurði mig út í hundinn minn og svoliðis og þú gast virkilega séð breytinguna á andlitu hennar. Í annað sinn var ég að vinna og ég var að tala við einn af nemendum mínum, held að það hafi verið fyrir svona tveimur árum eða svo og það hafði verið eitthvað fjallað um kynþáttafordóma í blöðunum og ég var að tala um þetta við nemandann minn og hún væri fremur sammála mér en sagði að þeir (Íslendingar) vildu ekki að útlendingar væru að koma hingað og taka störfin þeirra og ég sagði; „bíddu ég er innflytjandi líka!“ Og þá sagði hún; „en þú ert okkar tegund af innflytjanda!“ (Ung áströlsk kona búsett á höfuðborgarsvæðinu.)

Viðmælendur höfðu eignast vini hér á landi á margvíslegum stöðum, en einna algengast var þó að þeir kynntust þeim á vinnustað. Einnig leituðu sumir viðmælenda meira eftir félagsskap í gegnum alls kyns félagsstarfsemi á meðan aðrir létu sér vinnustaðinn nægja. Þeir viðmælendur sem áttu íslenskan maka þegar þeir fluttu til landsins, áttu mun auðveldara með að kynnst Íslendingum í gegnum maka sína.

Ég kom hingað á mjög einföldum forsendum, ég

reyndar talaði ekki mikið en ég skildi mjög mikið þegar ég kom og fólk sem að ég var búin að þekkja líka í mörg ár hætti líka að tala ensku við mig daginn sem ég flutti hingað. Þannig að ég var eiginlega komin strax inn í þetta félagslega net. (Tæplega fertug kona frá Þýskalandi.)

5.3. Hugsanlegar breytingar í kjölfar kreppu – almennt

Hér var komið að umræðum um hvort viðmælendur hefðu upplifað einhverjar breytingar á viðmóti til sín af hálfu Íslendinga eftir að kreppan skall á. Þeir voru jafnframt spurðir hvort þeir hefðu upplifað einhverja andúð í sinn garð. Ef svo hefði verið voru þau spurð hvort þau gætu bent á einhverja sérstaka hópa eða staði þar sem andúðar hefði frekar gætt eða hvort hún hefði bara verið tilviljanakennd.

Mikill meirihluti viðmælenda taldi sig greina lítinn sem engan mun á viðmóti til þeirra af hálfu Íslendinga eftir að kreppan skall á og sumir töldu að enn væri jafnvel of snemmt að dæma um slíkt. En oft bar það á góma að sífellt væri verið að spyrja fólk hvort að það héldi enn störfum sínum. Einnig bar nokkuð á því í svörum viðmælenda að þó að þeir hefðu ekki upplifað persónulega neinar breytingar á viðmóti Íslendinga, þá hefðu þeir engu að síður skynjað breytingar til hins verra í umræðunni í samfélaginu er snéri að fólki af erlendum uppruna, og óttuðust um framhaldið, ef efnahagsástand hér á landi færi ekki fljótlega batnandi.

Ég hef ekki upplifað neinar breytingar gagnvart mér sjálfri en hef heyrt að vegna atvinnuleysis er eins og útlendingar séu nú búnir að gera sitt og eigi nú að fara. Ég hef heyrt þetta sérstaklega úr Reykjanesbæ og líka í Reykjavík. Fólk finnur fyrir því og margir segja að þetta hafi breyst mikið.

Ég heyrði bara Íslendinga tala, ekki kannski við mig eða um mig, af því að það eru svo margir orðnir atvinnulausir; [fólk segir hluti eins og] „Eigum við ekki bara að senda þessa útlendinga heim aftur og bara hafa Íslendinga í vinnu.“

Engar breytingar. En maður heyrir umræður svona milli fólks og það er eitthvað sem ég vona að það fari ekki þessa leið sko. En ég hef heyrt mjög ljóslega, fólk er að segja: já nú eru útlendingar að senda peningana út úr landi, eitthvað sem heyrðist ekki áður. Íslendingum var alveg sama hvort peningar voru sendir úr landi eða ekki.

En ekkert persónulegt. En ég heyri, ennþá mjög undir rós svona, mjög létt, en ég er svolítið hræddur við að þetta muni aukast með tímanum, ef efnahagsástandið breytist ekki.

Töluverður fjöldi viðmælenda hafði upplifað að viðmót Íslendinga í þeirra garð hefði breyst til hins betra eftir að kreppan skall á og að Íslendingar sýndu þeim nú ríkari stuðning en nokkru sinni fyrr. Tæplega fertug kona búsett úti á landi sagði þetta:

Það er rosalega gott andrúmsloft þarna, á leikskólanum, og þau spyrja „Hvernig gengur?“ og „Hvernig líður þér?“ Þau spyrja svona meira núna. Og maður bara reynir eins og ég sagði, bara að hjálpast að og svona. Það er meiri samúð á milli allra. Þær sýna miklu meiri kærleika. Þær hafa alltaf sýnt mér mikinn kærleika. Til dæmis, ég er búin að vera hér í átta ár, og fimm ár ein með fjölskylduna og þær hafa alltaf verið rosalega góðar og til dæmis, „Er allt í lagi“ og „Hvernig gengur“ og svona. Og það er svo mikill kærleikur þarna á leikskólanum. Það er það. Og það er til dæmis að þegar verið er að elda og það er einhver afgangur, þá er spurt: „Vill einhver taka með sér afgang heim?“

Dæmi voru jafnvel um að Íslendingar legðu sig fram við að útvega þeim viðmælendum atvinnu sem atvinnulausir voru.

Já það kom fyrir mig í dag að það var einhver sem kallaði til mín um vinnu og hún sagði: Ég er Inga eitthvað og ég vissi ekki hver hún var. Svo sagði hún að hún væri konan úr íþróttahúsinu. Ég sagði OK nú veit ég hver þú ert og hún sagði: ég talaði við einhvern sem ég veit ekki hver er og svo sagði hún mér að fara til Vals og ég vissi ekki hver Valur var. Hún (Inga) sagði OK farðu í þetta fyrirtæki klukkan fimm og spurðu eftir Val. (Spyrill: Afhverju bað hún þig um það?) Út af vinnu, út af vinnu. Mér finnst þetta ótrúlegt, að einhver eyði tíma sínum í að hugsa um þig, að tala við einhvern og kalla í þig til þess að hjálpa þér. Undravert finnst mér. (Tæplega þrítug kona búsett á litlum stað úti á landi.)

Fjöldi viðmælenda hafði einnig upplifað neikvæðar breytingar á viðhorfi Íslendinga í sinn garð eftir kreppu. Nefndu viðmælendur til að mynda að nær ógerlegt væri fyrir þá í dag að landa starfi, þar sem Íslendingar gengju

fyrir í öll þau störf er í boði voru. Einnig hafði fjöldi fólks fengið að heyra frá Íslendingum að þeir væru ekki lengur velkomnir hér á landi.

Þetta er út um allt. „Helvítis útlendingur eða Pólverji, ætlarðu ekki að fara?“ [...] Ég er kannski að vinna aðeins öðruvísi vinnu heldur en þau hin sem eru að vinna hjá bæjarfélaginu eða ríkinu. Ég er að mála, ég er að vinna á byggingarsvæðum. Þar er mikið sagt: „Útlendingar, Pólverjar, Portúgalar, hinir, þessir, við verðum fegnir þegar þið eruð farnir.“ Það er mikið sagt svona af Íslendingum. Ég heyri þetta bara í hverri byggingu. (Evrópskur maður á fertugsaldri búsettur í meðalstóru bæjarfélagi á landsbyggðinni.)

Þeir viðmælendur er komu frá löndum utan ESB/EES, t.d. Asíubúar, telja sig síður velkomna hér á landi en Evrópubúa þar sem þeir byggju hér við mun minni réttindi en þeir og hefðu séð á eftir mörgum samlöndum sínum sem sendir hefðu verið aftur til heimalandsins eftir atvinnumissi. Viðmælandi frá Asíu taldi að Asíubúar mættu nú í auknum mæli bæði mismunun og tortryggni af hálfu Íslendinga.

Bara sem dæmi þá er það mjög ólíkt núna (eftir kreppu) að fólk frá Asíu eins og ég með svart hár og svona, er við löbbum inn í búð þá er starfsfólkið alltaf að labba á eftir okkur og fylgjast mjög vel með okkur [...] Mér finnst þetta bara ... mjög dónalegt fyrir mig, hvað eru þau að hugsa? Ef starfsfólkið mætir Íslendingum eða fólki frá Evrópu þá segja þau bara: góðan daginn! En ef þau sjá Asíubúa þá er allt annað viðmót. Mér finnst þetta bara ... vá svakalegt! Oft er fólk rekst á mig þá segir það ekki afsakið og maður fær ekki aðstoð í búðinni og svona ... já það er meira svona núna. Áður skeði þetta ekki oft. Núna þegar ég fer kaupa í matinn er ég alltaf hálfhrædd þú veist, fæ ég einhverja aðstoð eða þjónustu eða ekki? Ég hugsa mikið um þetta og er oft reið yfir þessu.

5.4. Hugsanlegar breytingar í kjölfar kreppu – fjölskyldan

Í þessum hluta var rætt hvort andrúmsloft og stemning hafi breyst innan samfélaga þátttakendanna, m.a. hvort samstaða hefði aukist eða hvort tortryggni og andúð væru nú meira áberandi. Þó að meirihluti viðmælenda í rannsókninni hafi myndað góð tengsl innan

síns etníska samfélags á Íslandi voru einnig dæmi um að tengsl væru fremur lítil eða jafnvel alls ekki til staðar. Af svörum viðmælenda mátti ráða að orsök lítilla tengsla innan etnískra samfélaga lægi einna helst í því mikla vinnuálagi sem einkenndi líf margra innflytjenda fram að niðursveiflu íslensks efnahagslífs. Kona frá landi utan ESB og búsett í Reykjavík sagði: „Við [fjölskyldan] vitum ekki mikið um okkar etníska samfélag hér og höfum lítið af þeim að segja, því við erum bara svo rosalega upptekin.“

Einnig nefndu viðmælendur langar vegalengdir sem ástæðu þess að erfitt væri að mynda eða halda tengslum við sitt etníska samfélag. Rúmlega fertug kona búsett utan höfuðborgarsvæðisins sagði:

Hjá mér þá er það alveg eins. Ég er bara ein hérna í, það er bara ein kona en við hittumst bara mjög mjög sjaldan, frá Kólumbíu og í Reykjavík eru margir, við reyndar hittumst ekki heldur oft. Og ég fer líka mjög sjaldan til Reykjavíkur. Og svo hitti ég bræður mína og við reynum að hittast bara saman og eitthvað fólk frá öðrum löndum líka. Já. Það eru voðalega margir í Reykjavík, en svo eins og ég segi, eftir að ég flutti hingað í það er eins og að flytja til annars lands. Það er svo langt að keyra frá Reykjavík hingað.

Í nokkrum tilvikum mátti einnig greina fremur takmarkaðan áhuga viðmælenda á að mynda tengsl innan síns etníska samfélags, og dæmi voru um að ekki væru til nein félagasamtök er greitt gátu fyrir slíkum tengslum:

Varðandi að koma saman, þá hef ég mjög lítið við aðra Breta að selda. Held að við séum um fjögur hundruð hérna í öllu landinu, ... við rennum ekki saman í einn samstæðan hóp, það er hvorki til félag Breta eða Skota hér, svo ég viti til. Ég spurði í Breska sendiráðinu og þeir þekkja heldur ekki til þess. Ég fæ breskar fréttir í sjónvarpi og á internetinu ... svo, því miður get ég ekki sagt að það sé mikil samstaða í breska samfélaginu [á Íslandi] við erum hvorki að liðast í sundur né þjappast saman. Við höfum bara aldrei verið til – [myndað neitt samfélag].

Einnig voru tilvik þar sem að innflytjendur er áttu íslenskan maka og höfðu greiðan aðgang að félagslegu neti hans, höfðu um leið lítinn áhuga eða þörf fyrir að tengjast fólki innan eigin etníska samfélags. Ungur maður

frá Mið-Ameríku sagði þetta:

Hérna er fólk frá Perú, Kúbu, en við höfum ekkert samband þannig. Sé þau bara í Bónus því ég er mikið meira með Íslendingum og ég tel mig með þeim. Ég á vini frá Mexíkó sem eru í Reykjavík og það er gaman að hitta þá og tala málið. En mitt fólk eru Íslendingar, fjölskylda konu minnar. Við erum náin og ég á fullt af vinum heima þaðan sem ég er og við tölum stundum saman. En hér á ég heima.

Af þeim viðmælendum er myndað höfðu góð tengsl innan síns etniska samfélags hér á landi, taldi mikill meirihluti engar stórvægilegar breytingar hafa átt sér stað á andrúmslofti eða stemmingu innan þess eftir niðursveiflu. Í einhverjum tilfellum nefndu viðmælendur að þrátt fyrir að um tölurverð tengsl væri að ræða innan etniska samfélagsins, hafi þar aldrei gætt verulegrar samstöðu og að niðursveiflan hefði þar engu breytt. Aðrir töldu að í sínum hópi hefði ávallt verið mikil samstaða og þau sæju lítinn mun eftir niðursveifluna, samstaðan væri enn sú sama.

Þeir viðmælendur sem töldu breytingar hafa átt sér stað innan síns etniska samfélags nefndu einna helst að eftir niðursveiflu íslensks efnahagslífs hefði dregið til muna úr samskiptum þeirra á milli og töldu að það mætti rekja til versnandi fjárhags þeirra.

Já ég held því miður að það sé einhverskonar sundrung, einhverskonar tortryggni eftir að kreppan skall á. Áður þá hafði fólk meiri efni á að bjóða hvert öðru í mat, en núna heldur fólk bara utan um sína fjölskyldu, bara allt saman um þig. Ég er bara að hugsa um fjölskylduna mína. Ég veit um mörg dæmi um svoleiðis, ég þekki ekki mjög marga Víetnama hér en ég þekki [dæmi] um svoleiðis.

Einnig bar nokkuð á því að viðmælendur greindu frá því að ekki væri hefð fyrir því innan þeirra etniska samfélags að deila áhyggjum sínum á erfiðleikatímum og þá allra síst áhyggjum er snéru að fjárhagslegri afkomu. Afleiðingin væri því oftast en ekki sú að fólk einangraði sig og bæri harm sinn í hljóði, fremur en að afhjúpa neyð sína fyrir samlöndum sínum. Kona frá landi utan ESB, búsett í Reykjavík, rúmlega þrítug að aldri, sagði þetta:

Ég held að kreppan sundri fólki, því fæstir vilja tala um hana, enginn vill viðurkenna að þeir hafi tapað húsinu

sínu, enginn vill segja það. Þetta sundrar fólki. Fólk heldur sér fyrir sig og vill ekki láta aðra vita um hluti eins og „já ég var með fullt af bankalánnum en núna er ég gjaldþrota“.

5.4.1. Afkomuótti og fjölskyldusameining eftir kreppu

Næst voru viðmælendur spurðir um afkomuóttu, hvort þeir óttuðust að missa vinnuna, eða við að vera vísað úr landi við atvinnuleysi. Ennfremur voru þeir inntir eftir því hvort þeir hefðu reynt að fá ættingja til Íslands og ef svo væri, hvernig það hefði gengið og hvort horfur á fjölskyldusameiningu væru betri eða verri en áður.

Stór hluti viðmælanda í rannsókn þessari (um 16%), hafði þegar misst vinnu sína og mörgum hafði borist uppsagnarbréf og voru að vinna uppsagnarfrest sinn. Enn aðrir héldu vinnu sinni en sumir höfðu þurft að taka á sig lækkað starfshlutfall.

Tölurverðan afkomuóttu mátti greina af samtölum við viðmælendur, bæði þá sem þegar höfðu misst vinnu sína og þá er enn héldu henni eða hluta af henni. Í því sambandi var mikið rætt um hve erfitt væri að ná endum saman í niðursveiflunni, þar sem að allt færi hækkandi, svo sem afborganir af lánnum og matvara, á meðan launin stæðu í stað.

Ég meina burtséð frá verðbólgunni og miklu meiri matarkostnaði þá hefur íbúðalánið okkar hækkað á síðustu sex mánuðum um sextíu til áttatíu þúsund krónur á mánuði og það er ekki einu sinni í erlendri mynt. Þessi hækkun stafar af því að lánið er verðtryggt og ég hef líka séð að á síðustu mánuðum hefur matarreikningurinn snarhækkað úr segjum tíu þúsund krónum í allt að fimmtán til átján þúsund krónur á viku, sem auðvitað skiptir miklu máli þar sem laun okkar hafa ekki hækkad. (Ung kona á höfuðborgarsvæðinu.) Ég er kannski hrædd við að eiga einhvern tíma ekki nóga peninga til þess að kaupa mat. Til dæmis, ég er að fara að eiga barn núna og þá fæ ég svona lítið kaup. Hvað á ég að gera ef það kemur meiri verðbólga eða eitthvað svona? (Ung kona úti á landi.)

Þeir viðmælendur er komu frá löndum innan ESB/EES höfðu mun minni áhyggjur af því að missa vinnu sína, enda geta þeir sótt um atvinnuleysisbætur. Þó höfðu sumir áhyggjur af því hvort að þeir væru í raun búnir að

ávinna sér þann rétt eða ekki.

Af þeim sem talað var við höfðu þeir sem áttu sér íslenskan maka einna minnstar áhyggjur af afkomu sinni ef til þess kæmi að þeir misstu vinnu sína. Meðal þeirra sem áttu íslenskan maka hafði töluverður fjöldi þegar misst vinnu sína á meðan íslenski makinn hélt enn vinnu sinni.

Hjá viðmælendum er komu frá löndum er standa utan ESB/EES mátti hins vegar greina mikinn ótta við að verða vísað úr landi við atvinnumissi, þar sem réttur þeirra til þess að dvelja í landinu er takmarkaður við að geta framfleytt sér á eigin spýtur. Einnig mátti greina mun meiri afkomuótta hjá því fólki, þar sem enga félagslega hjálp er fyrir það að hafa, þau eiga þá á hættu að fyrirgera rétti sínum til að sækja um búsetuleyfi eða ríkisborgararétt. Sem dæmi má nefna unga konu er batt heitar vonir við að barn hennar, sem alið er upp hér á landi, myndi gera íslensk stjórnvöld skilningsríkari í hennar garð og ekki reka hana úr landi ef hún missti vinnu sína. Hér er frásögn hennar:

Hvort ég er hrædd um að missa vinnuna? Já, ég er það. Á hjúkrunarheimilinu þar sem ég vinn er þegar farið að minnka vinnuna, en ef til þess kemur [að fólki verði sagt upp] þá veit ég ekki hver örlög mín verða, því ég hef aðeins unnið þar í eitt ár. Svo ég vona vissulega að þeir geri það ekki. Ég er ekki komin með græna kortið ennþá [búsetuleyfi] ég fæ það árið 2010. Svo ég bara krossa fingurna og vona að ég missi ekki vinnuna áður en ég fæ græna kortið. Maðurinn minn er heldur ekki með græna kortið og hann er frá sama landi og ég. Ég hugsa alltaf um hugrekkið og vonina sem ég hef, barnið mitt sem er hérna og Íslendingar eru eftir því sem ég best veit alveg hreint einstaklega jákvæðir þegar kemur að börnum. Svo ég held í barnið mitt því þeir geta ekki rekið mig í burt án hennar. Hún er alveg íslensk, hún var bara eins og hálf árs þegar við komum og henni finnst Ísland vera heima.

Hvað fjölskyldusameiningu varðar, kom ýmislegt fram í rannsókn þessari sem benti til þess að hertari reglugerð varðandi fólk frá löndum utan ESB/EES, er sett var árið 2006, hafi gert það nánast ógerlegt fyrir þá aðila að sækja ættingja sína hingað til lands. Hér talar ung kona:

Ég reyni að fá mömmu mína hingað til þess að hjálpa mér með barnið þegar ég byrja að vinna aftur og hún

getur alveg komið í heimsókn bara í 90 daga, ekki lengur. Af því að við erum ekki í Evrópusambandinu. Það er samt bara svona. Af því að mér finnst dagamma vera svolítið dýr og hann getur ekki farið í leikskóla enn af því að hann er of lítill. Það er svona hér í Reykjanesbæ, þau þurfa að vera orðin tveggja ára. En systir mín, hún var barnapía hérna í tvö ár, og þegar hún var að reyna að fá leyfi aftur þá var henni vísað út. Það var á síðasta ári. Þá var fjölskyldan þar sem hún var barnapía að reyna að gera pappírana aftur, af því að þau vildu hafa hana áfram, en þeir sögðu nei, þú mátt sækja um stelpu frá Póllandi af því að þau eru í Evrópusambandinu. Það var sagt bara nei, hjá Útlendingastofnuninni.

5.4.2. Fordómar í garð barna og viðbrögð stofnana

Viðmælendur voru inntir eftir því hvort börn þeirra hefðu upplifað andúð eða aukna fordóma í sinn garð eftir að kreppan skall á og jafnframt hvernig þeim fyndist skólinn, þjónustumiðstöðin og aðrir aðilar taka á málum og hvort þeir sem foreldrar hefðu fengið stuðning ef svo bar undir.

Ekkert kom fram í viðtölunum sem benti til að börn viðmælenda hefðu orðið fyrir auknum fordómum eða aðkasti í kjölfar kreppunnar. Nokkrir foreldranna töluðu um einstök tilvik sem börn þeirra höfðu tekið nærri sér, svo sem stríðni vegna útlendinglegs nafns, einnig kom dóttir pólskrar konu og íslensks manns heim og kvartaði yfir að krakkarnir segðu að hún væri útlensk og sömu sögu var að segja um pólskan strák, sem sárnaði tal félaganna um að hann væri útlendingur. Þátttakendur tóku fram að þessi tilvik tengdust þó á engan hátt kreppunni.

Það virtist vera mismunandi hvernig skólar höfðu tekið á tilvikum sem foreldrar höfðu kvartað yfir, allt frá því að kennarar og skólastjórar vildu gera sem minnst úr málinu yfir í tilfelli, þar sem skólastjóri tók málið föstum tókum, talaði tafarlaust við alla viðkomandi og krafðist þess að gerendur bæðu þolandann afsökunar.

Nokkuð bar á gagnrýni foreldra á það viðhorf skólanna að það ætí að tala sem minnst um kreppuna til þess að hlífa börnunum við áhyggjum. Fáeinir foreldrar töldu það einmitt hlutverk skólanna að styðja börnin með fræðslu. Fram kom að einn skóli hafði sent bréf (á íslensku) heim með börnunum:

Jú, jú við höfum fengið svona bréf heim þar sem

stendur að bara foreldrarnir áttu að umhuga (huga að) börnum sínum og ekki hafa miklar umræður í gangi í heima og svoleiðis ... svo að krakkarnir þeir upplífi ekki svona hræðsluástand, ef einhver úr fjölskyldunni kannski á svona erfitt en það er bara til að minna okkur á að tala ekki mikið um kreppuna heima.

Tekið var fram að þetta bréf – og aðrar tilkynningar til foreldra í sambandi við kreppuna – hafi einungis verið á íslensku. Upplýsingaflæði frá skólunum var reyndar almennt talið frekar takmarkað. Þó voru undantekningar: „Já það var haldið mjög vel utan um þetta í skólunum sem börnin mín eru í, það voru send bréf og umræðuefni og haldnar einhverjar kynningar líka já – en allt á íslensku.“ Þátttakendur sem áttu íslenska maka gagnrýndu t.d. að skólayfirvöld teldu yfirleitt nægilegt að senda upplýsingaefni á íslensku á heimili þeirra. Þeim fannst þau vera útundan.

Nokkrir viðmælendur sem áttu börn í skóla töluðu um að það væri erfitt að standa gegn félagslegum þrýstingi í vinahópi barnanna þegar krafan væri um að kaupa ýmislegt sem ekki taldist til nauðsynja, nú þegar framfærslukostnaður hefði hækkað og laun stundum lækkað. Þetta átti einkum við um stálpuð börn og unglínga. Hugtakið thrift (sparsemi, nýtni) sem eitt af megingildum menningar viðkomandi kom m.a. fram hjá foreldrum af asískum uppruna sem reyndu að ala börn sín upp í samræmi við þessi gildi. Mörgum foreldrum fannst þau standa ein í þessari baráttu gegn neyslukröfum barnanna og voru ekki sátt við áherslur og ráðleggingar skólanna um að það bæri að hlífa börnunum við krepputali, eins og þessi kona sem vildi að skólinn tæki þátt í að gefa börnunum upplýsingar um ástandið:

Minn var svona. Hann vildi allt. Og þeir fara út í þetta með frekju. Og ef maður segir nei, ég á ekki peninga, og hann segir: af hverju fær hinn þetta? Af hverju ekki ég? Sko í raun og veru, ef það eru mamman og pabbinn sem eru alltaf að segja við krakkana þú veist, þannig er ástandið, þá svara þeir: Æ þetta er alltaf sama tuðið í ykkur. En ef skólinn er að tala í heildina, fyrir alla krakkana, þá heyra þau það annars staðar frá. Og krakkarnir fá þá kannski meiri upplýsingar frá einhverjum öðrum en mömmu og pabba. Því að þeir eru þú veist ekkert að spá í fréttirnar og svona, svo mér finnst það vanta einmitt meiri upplýsingar í skólunum.

Önnur kona, sem á son í 4. bekk grunnskóla, kvartaði

yfir að sonurinn væri síkvabbandi: „Mamma keyptu þetta, mamma keyptu hitt“, hann bæði um hamburgara þegar þau ættu leið framhjá sjöppunni, þótt hann vissi að það væri til matur heima. Þessi kona var gagnrýnin á skilaboðin frá skólunum, sem henni fannst ekki í samræmi við efnahagsástandið. Skólinn hafði nýlega skipulagt ferð í keilu fyrir bekkinn sem sonur hennar var í og foreldrunum var gert að greiða 1.000 krónur fyrir.

Í nokkrum viðtölum kom fram að foreldrar höfðu neyðst til þess að skera niður ýmsa kostnaðarliði sem sneru að börnunum og sáu jafnvel fram á að þurfa að grípa til enn frekari ráðstafana:

Þau eru farin að finna fyrir því heima, af því að þau geta ekki lengur fengið hluti sem þau fengu áður, af því að ég hef ekki efni á því. Og þau geta ekki farið á frístundaheimilið af því að ég get ekki borgað fyrir það. Ég vinn aðeins 60% vinnu. Ef þetta vandamál verður ennþá svona í næsta mánuði – annar þeirra spilar fótbolta – þá verð ég að láta hann hætta, ég verð að skera niður, af því að ég get ekki borgað allt. Það er ómögulegt og heima get ég auðvitað ekki keypt allt sem ég var von að kaupa.

Önnur kona sagðist hafa þurft að koma börnum sínum í skilning um að hún gæti ekki lengur veitt þeim það sama og áður, þar sem hún ynni ekki lengur fulla vinnu. Hún sagði að börnin hefðu að sjálfsgöðu orðið hrædd.

5.4.3. Fordómar í garð þeirra sjálfra

Hér voru þátttakendur spurðir að því hvort þeir hefðu orðið fyrir aðkasti eða fordómum. Hvort þeir hefðu upplifað hindrun á grundvelli þjóðernis á framgangi í vinnu eða við útvegum húsnæðis.

Fyrst í stað vildu fæstir þátttakenda í hópsamtölunum gera mikið úr því að hafa sjálfir orðið fyrir fordómum eða aðkasti. Þegar líða fór á fundina og fólk var farið að verða opnara um eigin hagi kom oft í ljós að ekki var allt sem sýndist í þeim efnum. Oft var um að ræða börn eða unglínga – meira eða minna drukkna – sem hrópuðu glósur á eftir fólki, eða íslenska karla sem voru að abbast upp á erlendar konur á skemmtistöðum með dónaskap, en einnig voru nefnd nokkur tilvik frá vinnustöðum viðkomandi. Það var tekið fram að í fæstum tilfellum virtust vera tengsl milli kreppuástandsins og neikvæðrar hegðunar, þó voru undantekningar þar á.

Nokkuð algengt virtist að börn kölluðu glósur á eftir

öðrum börnum, kölluðu þau stundum „helvítis Pólverja“, en dæmi var líka nefnt um að fullorðið fólk, jafnvel fólk í uppeldisstörfum, léti sér um munn fara niðrandi orð um útlendinga. Karlmaður frá Evrópulandi tók fram að honum ofbyði stundum framferði fullorðins fólks eftir að hann flutti í minna bæjarfélag:

Reykjavík, og sérstaklega í grunnskólanum þar sem ég vann í Reykjavík, það myndi aldrei neinum detta í hug að segja á kennarastofu: „Helvítis útlendingar.“ Sem ég heyrði. Og ég sat þarna við borðið og ég heyrði að hann var ekki að tala við mig.

Annar karlmaður, sem hefur búið allmörg ár á Íslandi, sagði svo frá:

Ég er kannski að vinna aðeins öðruvísi vinnu heldur en þau hin sem eru að vinna hjá bæjarfélaginu eða ríkinu. Ég er að mála, ég er að vinna á byggingarsvæðum. Þar er mikið sagt: „Útlendingar, Pólverjar, Portúgalar, hinir, þessir, við verðum fegnir þegar þið eruð farnir.“ Það er mikið sagt svona af Íslendingum. Ég heyrir þetta bara í hverri byggingu. (Rannsakandi: Og hvað segirðu við því?) Ég segi ekki neitt, hvað á ég að segja? Ég tala ekki við svona fólk. Það er mikið af þessu. Það er ekki meira núna, það hefur alltaf verið mikið. (Rannsakandi: - Er einhver alvara í þessu eða?) Ja alvara eða ekki alvara. Það er sagt oft og þegar þú segir það kannski annan hvern dag þá meinar þú kannski eitthvað. Það er mikið af þessu. Ég skipti mér ekkert af þessu en þetta er bara inni í samfélaginu. Þetta er út um allt. „Helvítis útlendingur eða Pólverji, ætlarðu ekki að fara?“ Jájá, þetta er svona þarna úti. Ég er kannski ekki að segja það í leikskólunum eða skólunum.

Það kom í ljós í nokkrum tilfellum þegar líða fór á viðtölin, að konur, einkum frá Asíu og suðrænum löndum, höfðu oft orðið fyrir aðkastum og dónaskap karlanna. Þetta var í flestum tilfellum þegar þær höfðu ekki búið lengi á Íslandi og töluðu litla íslensku. Kona frá Rómönskum Ameríku sagði svo frá:

Ég man það að einu sinni, að það var veitingahús þar sem var líka hægt að halda böll, og ég man eftir einum karli, ég var að þjóna á borðunum, var að taka glösin, þá var ég nýkomin hingað, ég talaði sænsku þá, þá var ég að taka glösin og hann var með einhverjum fleiri

gæjum þarna, að hann ætlaði að vera ægilega fyndinn og klípur í rassinn á mér. Nema að ég var með staffla af glösum. Og ég sneri mér við og bara sló hann – púh, og hann bara: „Hvað er að þér þarna! Ekki voga þér að gera þetta! Ertu ekki frá Taílandi?“ - „Það er alveg sama hvaðan ég kem, skammastu þín,“ sagði ég. Og allir hinir, í staðinn fyrir að fara að hlæja eða eitthvað, þeir voru bara alveg stjarfir. Svo þetta var eina skiptið. Ég hef aldrei lent í neinu svona, æi þú veist. Eitthvað þú ert útlendingur eða eitthvað.

Önnur kona, sem hefur búið lengi á Íslandi sagði fólk veigra sér við að tala um reynslu sína af aðkasti:

Fólk sem lendir í þessu talar ekki um það. Ég get sagt bara mína reynslu. Ég – náttúrulega núna hefur það minnkað, kannski af því að ég tala íslensku, það hefur kannski minnkað eitthvað núna, en það er meira gagnvart austurlensku fólki. Já, Taíendingar og Kínverjar og svona (hermir eftir). Segir svona af því að þú ert austurlensk. En Pólverjar, af því að þeir líta út fyrir að vera evrópskir, það sést ekki svo mikið. En ef þú ert austurlensk, þá er það alltaf: „Ertu kínversk? Ertu taíensk? Áttu mann? Ert þú hitt og þetta.“ Ég hef heyrt þetta. Og nú er hérna síðan, ég náttúrulega svara alltaf og ef við erum eitthvað meira að hittast þá segi ég helvítis rasisti! (hlær), og þá bara þegar fólk sko. Það bara hættir. En ef þú svarar ekki þá verður þetta bara meira og meira.

Hún bætti við:

Ég man til dæmis einu sinni í Bónus, það kom einhver karl, og svo bara þú veist – „Heyrðu, ert þú taíensk? Átt þú mann?“ Og ég var – Ég var einu sinni á pöbnum með íslenskri vinkonu, og þá kom íslenskur strákur og, heyrðu, og spurði: „Talar þú ekki íslensku?“ Ég sagði ekkert sko. – „Do you speak English?“ Og ég sagði ekkert sko, og hann, ég var bara að horfa á hvað hann myndi gera, og svo: „Ertu taíensk? Viltu koma heim með mér?“ Og ég sagði: „Ég er ekki til sölu.“ Og ég sagði það á íslensku. Og hann – „Ó, fyrirgefðu!“ og „Sorry.“ Og byrjaði að vera allt öðruvísi, og talaði við mig. Og þá bara ég nenni ekki að tala við hann. En ef fólk er dónalegt, þá á að svara bara á sama hátt. Þá hættir það.

Þessi kona sagði vera meira um svona óþægileg tilvik

gagnvart austurlensku fólki en þeim sem líkjast Íslendingum í útliti. Asísk kona tók í sama streng eftir að samlandi hennar hafði sagt frá aðkasti og skemmdarverkum sem hann og fjölskylda hans hafði orðið fyrir:

Þau eru svona við okkur af því að fólk frá Asíu, við lítum öðruvísi út. Litarháttur og dökkt hár. En það er allt í lagi kannski ef þú lítur út eins og hún (bendir á konu frá Evrópulandi). Og ef hún talar íslensku þá er hún bara alveg eins og Íslendingur. En við, við erum að reyna – æ ég veit ekki, við lítum öðruvísi út.

Í samræðunum var áberandi hve margir kvörtuðu um skort á umburðarlyndi Íslendinga gagnvart öðrum tungumálum. Ungur maður sagði: „Það er stundum að fólk er að gjamma svona, ef maður er að tala saman á pólsku til dæmis, og einhverjir Íslendingar koma og: - Heyrðu, frá hvaða landi ert þú?“ Kona frá landi í Asíu sagði:

Mér finnst ég vera miklu rólegri þegar ég er með Íslendingum. Það er alveg satt. Þegar eru Íslendingar með, þá kemur kannski: „Heyrðu“ - (gefur olnbogaskot út í loftið og blikkar) og ég bara: „Hvað?“ En þegar ég tala íslensku, byrja að tala, þá er allt í lagi. Já. Þess vegna er gott að tala íslensku.

Önnur kona sagði: „Ég verð aldrei vör við svona fordóma hérna af því að, ég veit ekki, ég er svo mikið með Íslendingum, ég meina þegar við förum í partí eða dans, þá voru bara svona vinnufélagar.“ Það kom líka fram hjá fleirum, að mun minna var um óþægilegar glósur frá ókunnugum ef fólkið var í félagsskap Íslendinga.

Athygli vakti, að atvik sem gerðist á kaffihúsi í stórum bæ fyrir næstum tveimur árum síðan, þar sem hópi Pólverja var meinaður aðgangur að staðnum vegna meintrar ágengni við konur. Þetta atvik, sem vakti athygli fjölmíðla á sínum tíma, var enn í dag vel þekkt meðal Pólverja í einum viðtalshópnum, enda þótt langt væri um liðið frá því það gerðist.

Einn viðmælenda, karlmaður frá Asíulandi, sem hafur verið búsettur á Íslandi í allmörg ár, sagði frá aðkasti sem hann og fjölskylda hans hafði orðið fyrir. T.d. var sparkað í útlurðina heima hjá honum svo far kom í hurðina, bíllinn hans varð fyrir skemmdum, rispaður eftir endilöngu. Á næsta bíl sem hann keypti var hjólkoppunum stolið og speglarnir brotnir. Aðspurður hvort hann hafi

ekki kært atvikin sagðist hann hafa farið til lögreglunnar, en þeir aðeins yppt öxlum og sagt honum að ekkert væri hægt að gera því ekki væri vitað hverjir hefðu verið að verki. Hann bætti við:

Og ég seldi bílinn minn aftur af því að ég vil ekki eiga skemmdan bíl. Og eftir það keypti ég hús. Það er mjög erfitt að komast þangað af því að það er afskekkt, en það er góður staður fyrir hlutina mína. Og núna er það í lagi. En frændi minn, hann býr núna á sama stað og ég hjó áður, og það er alltaf verið að skemma bílinn hans.

Lögreglan aðhafðist ekkert í máli frændans heldur, enda þótt vitni hafi verið að verkinu. Þessi viðmælandi lagði áherslu á að hann litu á þetta sem mismunun á grundvelli uppruna. Greinilegt var að hann átti erfitt með að segja frá þessum atvikum. Hann og kona hans höfðu reyndar í fyrstu neitað að hafa orðið fyrir neins konar fordómum eða aðkasti, en sögðust hins vegar þekkja fólk í Reykjavík sem hefði orðið fyrir slíku. Þessi frásögn kom þegar líða fór á hópsamtalið.

Annar í hópnum sagðist kannast við svipað tilvik annars staðar: „Þetta gerðist líka í Xxx, það gerðist líka. Voru það ekki bara unglingar? Sem voru kannski búnir að drekka og með svona stæla?“ Þá svaraði ungur þátttakandi, 17 ára gamall: „Á Íslandi má kaupa bjór ef þú ert orðinn 21 árs. Og allir á mínum aldri eru fullir.“ Þegar aðrir viðmælendur sögðu frá því að unglingar hefðu gert hróp að þeim, sagði þessi sami ungi maður þurrlega: „Þessir unglingar geta seinna orðið karlar og þá – þú veist!“ Þessi athugasemd lýsir í hnotskurn þeim ugg sem mörgum býr í brjósti og vekur til umhugsunar um hvort of lítið sé gert úr tilvikum þar sem útlendingar verða fyrir glósum, dónalegum athugasemdum og jafnvel árásum, hvort of oft sé lítið á slíkt sem einstök og tiltölulega saklaus tilvik. Maðurinn sem hafði sagt frá skemmdarverkunum á bílnum sínum sagði líka frá því að þegar hann var nýkominn í bæjarfélagið og fór í kvöldgöngu hafi hópur unglunga gert hróp að honum: „Útlendingur! Útlendingur! Farðu heim!“ og þegar hann sneri sér við hafi þeir kastað flösku að höfði hans. Hann sakaði ekki og kærði ekki atvikið – sem hefði líklega verið tilgangslaust ef marka má viðbrögð lögreglunnar við skemmdarverkunum.

Nokkrir þátttakendur nefndu tilfelli þar sem svindlað hafði verið á þeim, ýmist með því að greiða of lág laun eða okra á leigu fyrir lélegt húsnæði. Skortur á upplýsingum

og þekkingu á umhverfinu var nefnt sem ástæða þess að reynt var að svindla á útlendingum. Einn viðmælandi vissi af tilfelli þar sem Pólverjum var neitað um húsnæði:

Þeir voru að hringja og ég fann íbúð og ég hringdi af því að þeir töluðu ekki íslensku og ég hringdi og svo sagði ég við þá að þeir yrðu að fara og tala við fólkið, ég vissi ekki hvaða tungumál en samt ég var að gera þeim þennan greiða að hringja fyrir þá og svo kemur: „Og hvaðan komið þið?“ og ég segi: – Póllandi og þá kemur: „Nei við leigjum ekki af því að við höfum heyrt sögur um að þið eruð mikið á fyllerí og slagsmálum og svoleiðis, og nei við viljum bara eitthvað rólegt fólk, jafnvel með fjölskyldu með krakka og svoleiðis.

Annar viðmælandi í sama hóp sagðist hafa heyrt manneskju sem leigir út íbúðir segja að þau „vilja ekki Pólverja vegna þess að þeir eiga það til að búa margir í sömu íbúð og þau voru ekki hrifin af slíku, þau vildu þetta ekki, en þetta var áður en kreppan skall á.“ Ung gift kona frá landi í Evrópusambandinu sagði:

Ég var búin að segja frá því hvernig var farið með mig í vinnunni – með lægri laun – ég held að það hafi ekki verið sanngjarnt. Um húsnæði, við bjuggum reyndar í litlu sumarhúsi, 17 fermetrum, „perfect for foreigners“. (Rannsakandi: Af hverju og hvernig fenguð þið þetta húsnæði?) Þegar við komum fyrst þá var umbodsskrifstofa, og vinnuveitandi okkar lét okkur hafa það. [...] Ég held þetta hafi verið það ódýrasta í bænum.

Ung kona frá Asíu, búsett á höfuðborgarsvæðinu, sagði um það hvort samlandar hennar hafi átt erfitt með að fá leigt húsnæði:

Já, já, fyrir kreppu. Einhvern tíma þegar það var voða erfitt að hérna fá leiguhúsnæði, það var ekkert í boði. Já það var oft hérna á Íslandi ef þú hérna lofar að borga með sama gjaldi þá myndu Íslendingar leigja íbúðina Íslendingi en ekki útlendingum. [...] Ef þeim er boðið að borga sama gjaldið, sama verðið. (Rannsakandi: Ef að [samlandar þínir] borga sömu leigu og Íslendingarnir?) Já ef að [þeir] ætla að lofa að borga á sama verði og Íslendingar þá myndu þeir taka Íslendinga.

Margir þátttakendanna sögðu hins vegar að þeir vissu ekki til þess að útlendingum væri mismunandi með húsnæði, hins vegar var algengara að fólk hefði reynslu af að reynt væri að svindla á þeim varðandi launakjör, eins og þessi evrópska kona sem vinnur sérfræðistarf hjá stóru fyrirtæki sagði:

Hugsanlega held ég – mig grunaði að í fyrsta starfinu sem ég vann í að ég væri með töluvert lægri laun en íslenskir samstarfsmenn. [...] Það var í viðskipta- og þróunardeild og þannig veit ég að hinir sem ég var með voru með miklu hærri laun. [...] En ég held að það bættist ofan á ... og þeir vissu alveg að þetta var mitt fyrsta starf og fyrsta umsókn og að ég hafði ekki grænan grun um hvernig, þú veist, launin væru og svona ... þannig að já, ég held að þetta hafi verið kannski svolitíð svona, ég vissi ekki hvaða launa ég átti að krefjast, ég hafði engin viðmið og enga reynslu og svona og ég held að þeir hafi notið sér það. En ekki að öðru leyti.

Varðandi almennar aðstæður á vinnumarkaði eftir að kreppan skall á sagði önnur kona:

Nei ég hef ekki lent í svoleiðis, en ef maður hugsaði logically, þá er það að margir útlendingar og líka Íslendingar með háskólapróf eru að vinna í búðum, þannig er bara ástandið. Það þýðir ekkert að – af því að allir eru að reyna að lifa af einhvern veginn.

5.5. Félagslegt umhverfi og „coping“ í kreppuástandi

Hér var rætt um það sem á ensku er kallað coping, þ.e. hvernig fólkið sjálft tekst á við tilveruna, gagnvart eigin áhyggjum og tengslum við ættingja og vini, gagnvart börnunum og áhyggjum þeirra, m.a. hvernig börnunum líður og hvernig foreldrar taka á ótta barnanna. Innt var eftir því hvort samvera með fjölskyldu/vinum væri meiri núna en áður eða eitthvað öðruvísi.

Svörin og umræðurnar í kringum þessar spurningu skiptust algerlega í flokka eftir því hvort fólk hafði vinnu og/eða fyrirvinnu, hvort það óttadist að missa starf sitt eða hvort það var þegar búð að missa hluta starfs síns eða orðið atvinnulaust. Það fólk sem var í vinnu hafði minnst áhyggjur og hafði yfirleitt ekki beinlínis tekið upp

neina nýja hætti til að takast á við kreppuna. Langflestir lögðu ríka áherslu á mikilvægi fjölskyldunnar og töldu afar mikilvægt að hún stæði saman.

Hér talar ung kona sem kom til Íslands sem unglingur fyrir tíu árum með foreldrum sínum frá Víetnam. Hún talaði um að foreldrar sínir sem upplifað höfðu stríð og hörmungar í heimalandinu væru áhyggjufullir.

Fjölskyldan mín hefur alltaf verið mjög náin í gegnum tíðina. Þetta var ekkert mál fyrir okkur að fara í kreppu eða erfiðleikatíma en hérna ... leiðin eða það sem ég held að ég hafi gert er hérna að forðast að hlusta á fréttirnar varðandi kreppu og hætta að fylgjast með, ég verð bara að segja það. Fyrst fylgdist ég mjög vel með en svo bara, ég held að ég bara var alltaf með meiri áhyggjur og meiri áhyggjur. (Spyrill: Eftir því sem þú hlustaðir meira?) Já, þannig.

Það var augljóst að þeir sem höfðu misst vinnuna voru mjög áhyggjufullir yfir framtíðinni, þó þeir bæru sig vel. Meðal þeirra voru nokkrir ungir innflytjendur frá ESB-löndum. Þau höfðu komið til landsins þegar allt var í miklum blóma og voru búin að festa kaup á húsnæði. Þau voru áhyggjufull og sögðu fjölskyldur sínar og foreldra í heimalandinu hafa áhyggjur af sér. Tvær konur sögðu frá því að þær hefðu ekki getað sagt foreldrum sínum alla söguna, þ.e. að þær sjálfar og maki annarrar væru búin að missa vinnuna. Þær vildu hvorug valda foreldrum sínum áhyggjum. Þetta fólk sagðist allt geta snúið til síns heimalands en þau langaði til að búa hér áfram ef það væri mögulegt.

Hvernig ég tekst á við kreppuna, tja þegar ég missti vinnuna grét ég í þrjá daga. Mér fannst þetta vera endalokin og að ég gæti ekki meikað það og bla, bla, bla. Þetta var erfitt vegna þess að þetta hafði aldrei komið fyrir mig áður. En þegar þetta gerðist í annað sinn þá var ég orðin vön þessu, (hlær) þetta er ekki svo slæmt, þetta eru ekki endalokin.

Önnur kona, einstæð móðir með tvö börn, hafði lent í vinnuskerðingu og var í 60% vinnu, sem hún sagði alls ekki nægja til framfærslu. Hún átti mjög erfitt með að tjá sig um líðan sína og komst öll við og fór að gráta. Ungur háskólamenntaður maður sem var búinn að vera án vinnu í nokkra mánuði, reyndi hvað hann gat að bera sig vel en augljóst var að hann átti erfitt með að leyna vanlíðan sinni. Hann sagðist reyna að

halda í horfinu og hafa dagana eins venjubundna og hann gæti. Athyglisvert var að hann minnst ekki á atvinnuleysi sitt fyrr en langt var liðið á umræðurnar. Er hann var spurður hvort hann nýtti sér þjónustu sem bæjarfélagið býði upp á, svaraði hann: „Jú, ég reyni að skipuleggja daginn hjá mér en það er erfitt þegar maður getur gert það sem maður vill þegar maður vill. En ég reyni að halda mig við nauðsynlegustu hlutina. Reyni að njóta hvers augnabliks. Ég veit að þetta er bara tímabundið ástand.“

Ein kona sem er í vinnu og er upprunnin í landi þar sem ríkt hafði harðstjórn, lagði mikla áherslu á bjartsýni. Hún sagði:

Kannski hjálpum við sjálfum okkur eða sjálfstrausti okkar með því að segja að við erum öll hetjur og við þurfum að vera bjartsýn og þetta líður hjá, ég er rosalega bjartsýn ... sem sagt bara að stjórna okkar lífi og okkar umræðum og hugsa vel um fjölskyldu okkar og okkur sjálf, sem við gleymum stundum af því að þetta ástand hefur mjög mikil áhrif á líðan okkar. Við erum alltaf að tala um materíalíska lífið og þetta snýst allt um það, en við erum líka að tala um andlega lífið sem ég upplifi sjálf rosalega mikið og við erum bæði líkami og sál og við þurfum að passa okkur vel, þetta líður hjá.

Þessi sama kona hafði þetta að segja um hvernig Ísland og Íslendingar þyrftu að takast á við framtíðina:

Af því að Ísland hafði verið lokað land ... af mörgum ástæðum þó Evrópuland, en þannig að hér vantar nokkrar breytingar og svo vantar þolinmæði. Við getum ekki horft til framtíðar ef við höfum ekki þolinmæði, við þurfum að virða hvert annað. Þetta er enginn fyrirlestur sem ég er að gefa en við þurfum að upplifa þetta öll í sjálfum okkur og reyna að hafa svolitla þolinmæði og bíða [og sjá?] hvernig hlutirnir gerast. Ég er ekki að segja bíða og gera ekki neitt, heldur við þurfum að virða hvert annað og hafa stöðugt í huga Ísland: viljum við eða viljum ekki að það verði fjölmenningslegt samfélag? Við getum ekki breytt því að heimurinn er orðinn svoléidís.

Þessi kona lagði áherslu að í dag væru allir:

ríkisborgarar í einum heimi, sem sagt við erum ... æ, hvernig á ég orða þetta ... já „global citizens“ sem sagt og Ísland á að fara þessa leið, annars gengur þetta ekki. Með þetta í huga verður auðvitað betra ástand fyrir innflytjendur af því að innflytjendur eru hluti af samfélaginu og við getum ekkert gert án þeirra. Það vantar samvinnu og þolinmæði og hjartsýni, þetta kemur allt saman. Það eru margir erfiðleikar fyrir framan okkur (framundan) en við megum ekki gleyma að í gegnum erfiðleika erum við að þroskast ... Ef að við förum ekki í gegnum þá, þá getum við ekki lært af okkar mistökum eða lært hvernig við þurfum að vera í framtíðinni.

Einni konu sem unnið hefur með innflytjendum fannst spurningin stór og viðamikil en sagði:

Það sem mér dettur allt í einu í hug er að það þarf að endurvinna allan grunn varðandi málefni innflytjenda af því að það var allt byggt á góðæri. Allar áætlanir, hvernig íslenskukennsla ætti að fara fram, hún var byggð á ... það var mikil áhersla á vinnutengda íslensku af því að það gengur ekki öðruvísi. Þetta er allt breytt núna, allar forsendur eru brostnar. Þannig að bæði varðandi áætlanir – en þar þyrftu gersamlega að endurvinna grunninn – en líka varðandi umræðuna. Það voru undantekningar, en ég tek fram að það voru bara undantekningar, að það fóru fram neikvæðar umræður um innflytjendur. Það var mjög breitt samþykki í samfélaginu, það var sáttmáli í samfélaginu um nauðsyn þess að hafa innflytjendur hér, allt annað voru undantekningar en núna það hefur snúist við. Og við verðum að ná einhverjum umræðugrundvelli um hvernig við ætlum að ... hverskonar samfélag eiginlega við viljum hafa. Einmitt að „Gastarbeit“ fari ekki að verða hér.

Kona sem er með fjölskyldu sagði:

Tja, hvernig maður tekst á við þetta, þá held ég að maður geti ekki flúið, maður er í þessu og verður að halda áfram og takast á við hlutina. Að flýja vandamálið er ekki að leysa það, svo maður verður að reyna allt, ég meina þó ekki að þeir sem eru á toppnum ættu að sleppa. En við munum öll finna fyrir því og við verðum að eyða meiri tíma með fjölskyldunni, því nú fer maður ekki út eftir vinnu. Kvöldin er eini tíminn til að eiga með fjölskyldunni.

Önnur móðir sem á fjölskyldu hér sagði:

Á vissan hátt finnst mér þetta góður tími núna, einn sá besti, því nú er ég ekki í eins mörgum störfum og áður og get því eytt meiri tíma með dóttur minni, sem ég gat ekki áður. En á hinn bóginn þá get ég ekki lagt eins mikið fram til heimilisins eins og áður og ekki gefið fjölskyldunni allan lúxusinn sem þau fengu áður.

Þessi sama kona hafði miklar áhyggjur af sínu fólki í heimalandinu. Þau skildu ekki ástandið hér, sagði hún, og þjuggjust enn við því sem þau höfðu fengið frá henni áður. Hún hafði alltaf sent þeim peninga mánaðarlega (kr. 20.000) og það hefðu verið miklu meiri peningar fyrir gengishrun. Áður hefði þessi upphæð nægt fyrir húsnæði og mat í mánuð en nú hefði hún rýrnað nánast um helming.

Ung kona frá Taílandi, sem á hér stórfjölskyldu, lagði áherslu á samveru fjölskyldunnar. Þau kæmu mikið saman, frændur, frænkur og systkini hefðu matarboð eða gerðu eitthvað saman. Núna væri hún líka meira heima við og eldaði gjarnan mat frá sínu landi og byði íslenskum vinum. „Og svo reyni ég að hitta mömmu, reyni vera góð og brosa og hlæja ... Og stundum fer ég út og horfi og brosi til fólks og stundum bara aaaaaa ... fólk er bara tilbaka, þú veist, en ég bara brosi til baka.“

5.5.1. Ótti við aukna þjóðernishyggju á Íslandi

Umræðum í rýnihópum lauk með umfjöllun um ótta við aukna þjóðernishyggju á Íslandi. Umræðustjórnandi tók fram við þátttakendur að ástæða þessarar spurningar væri sú að sagan sýndi að samfélagslegt umrót, efnahagsþrengingar og atvinnuleysi væru oft jarðvegur fyrir útlendingaandúd og aukna þjóðernishyggju.

Hér voru svörnin á ýmsa lund. Sumir höfðu engar áhyggjur af því, meðan aðrir voru beggja blands og bentu á að þjóðernishyggju væri allstaðar að finna – því ætti Ísland vera undantekning þar?, var haft að orði. Aðrir höfðu af þessu áhyggjur og einn sagði: „Já ég held að það gæti verið, Íslendingar eru svolítið svoléidís. Ef þá vantar útlendinga þá erum við velkomin en þegar þrengir að þá gæti það breyst.“ Kona ein sagði „Í Reykjanesi vilja þeir bara byggingaverkamenn frá Reykjanesi (þetta var óstaðfest). Svo heyrir maður líka að ungrú Reykjavík var útlendingur og fólk spyr sig: hvert stefnir þetta?“ Í einum hópi sagði maður: „Í fyrra var krotað á vegg hér í bænum

„Ísland fyrir Íslendinga“. Enn annar sagði: „Íslenska þjóðin er sem betur fer mjög vel menntuð. Í öðrum löndum, t.d. Rússlandi, er nýnasismi að aukast, líka í Portúgal. Þetta eru lágu stéttirnar sem eru búnar að missa vinnuna. Ég var hissa á hve margir hér studdu slagorðið „Ísland fyrir Íslendinga“ í fyrra.”

Augljósar áhyggjur komu fram hjá fólki sem á uppruna sinn í löndum þar sem þjóðernishyggja hefur verið áberandi. Þetta fólk var meira uggandi og taldi líkur á að hún myndi aukast, einkum ef atvinnuástand versnaði og efnahagsþrengingar færu vaxandi. Sumir bentu á að um leið og þeir teldu að föðurlandsást væri eðlileg og skiljanleg, þá væru þjóðernishyggja og þjóðremba mjög viðsjárverðar og töldu ástæðu til að óttast.

Sumir sem bjuggu í litlum plássum úti á landi bentu á að betra væri búa þar sem allir þekktu alla og sennilega væru þar minni fordómar og rasismi en í Reykjavík. „Enginn hefur sýnt mér neikvætt viðmót bara af því ég er ekki Íslendingur,“ sagði ung kona frá Mið-Evrópu. Einn maður, sem fyrst hafði búið nokkur ár í Reykjavík, sagði hins vegar að honum hefði brugðið í brún þegar hann flutti í lítið pláss, því hann heyrði svo oft bera á fordómum gagnvart útlendingum þar, eitthvað sem hann hafði ekki heyrt í Reykjavík. Rúmlega þrítug kona, búsett í Hafnarfirði, sagði:

Já, ég hef aðeins tekið eftir þessu fyrir kreppu en núna mikið meira. Það var einhver búð hérna í bænum sem er rekin af Pólverjum og það er víst til líka til einhver pólsk fiskibúð og ein kona sagði við mig: „Ég fer aldrei í þessar útlensku búðir!“ Og ég sagði: „Bíddu afhverju? Ertu á móti útlendingum?“, sagði ég og hún sagði: „Ég versla sko ekki af einhverjum Pólverjum, ég vil bara versla í íslenskum búðum og ég sagði bara já já og afhverju ekki? Og hún sagði: „Ég bara nenni ekki að versla hjá þessum útlendingum“ og ég bara: „OK, gangi þér vel“. En þú veist að á þennan hátt hef ég tekið eftir nationalisma.

Ung kona frá Ástralíu, sagði erfitt að segja til um aukna þjóðernishyggju, en hélt svo áfram og sagði:

Ég held að góðarið og þenslan hafi í raun ýtt undir þjóðernishyggju, fremur en að kreppan muni gera það, þó sennilegast sé of snemmt að segja til um það. Allir voru svo stoltir og margir Íslendingar í vinnunni voru rosalega hrifnir þegar Íslendingar keyptu West Ham og

bla, bla, bla og þjóðernishyggjan var ansi mikil þá, þeir voru allir svo innilega stoltir af íslensku fyrirtækjunum og að nú gætu allir keypt sér flotta jeppa. Ég var að vinna fyrir fyrirtæki sem voru bæði í útflutningi og innflutningi og fólk þar var svo ótrúlega stolt af Íslandi og fullt af þjóðarstolti og sagði: „Við vorum bara sjómenn og erum nú orðnir að ...“ En ég veit ekki, ég hef ekki talað við þetta fólk eftir að kreppan skall á. Samt held ég að Íslendingar muni verða umburðarlyndari núna og það verði síður þessi þjóðremba, ég spái því.

Tekið var undir að þjóðarstolt og jafnvel þjóðremba hefðu verið ríkjandi í góðærinu og þenslunni, „Ísland best og allt það“ eins og einn sagði og bætti við: „Ég held að Íslendingar verði skilningsríkari núna gagnvart því hvernig það er að neyðast til að leita að vinnu í öðrum löndum.“

Ungur Þjóðverji sem búinn var að missa vinnuna sagðist ekki vera viss um aukna þjóðernishyggju en benti á að hjá mannauðsstjórum fyrirtækja væri aldrei hægt að fá hreinskilin svör um það hvort þeir tækju Íslendinga framyfir innflytjendur í vinnu. Hann hafði sjálfur upplifað að fá svör út og suður en kvaðst ekki geta sannað neitt. „Ég hef áhyggjur af þessu en hvað get ég gert?“ Annar maður í sama hópi tók undir þetta og sagði að sennilega væri hér undiralda þjóðernishyggju. Hún beindist þó ekki beint að útlendingum, heldur væri hún fremur efnahagslegs eðlis, sem endurspegladist í slagorðinu „veljum íslenskt“ sem íslenskir vöruframleiðendur og margskonar hagsmunasamtök hefðu haft mikið á lofti, sérstaklega eftir að kreppan skall á. Þetta fannst honum heimskulegt, það viðhaldi heimskreppu ef öll lönd tækju þessa afstöðu.

Kona í einum hópnum benti á:

Ef við skoðum orðalag í skrifum síðustu mánaða þá sjáum við að þetta er að ýta undir þessa þróun [þjóðernishyggju] held ég. Það er kannski ekki áætlan og það er ekki beinlínis [gert] með þetta í huga, en ef við bara skoðum orðalag, hvaða orð eru notuð, við erum svo mikið að tala um samstöðu. Í hverri einustu búð hangir skilti þar sem stendur: veljum íslenskt! Það er að sjálfsgöðu talað um gjaldeyri og innflutning og það allt saman en það virkar náttúrulega á fólk.

Aðrir töldu ekkert eðlilegra en að rekinn væri áróður fyrir því að kaupa vörur framleiddar á Íslandi þar sem nú ríkti bæði kreppa og gjaldeyrishöft.

Það kom fram í þó nokkrum hópum að fólk fannst

Það vera algjör tímaskekkja að vera þjóðernissinni. Í einum hópi voru margir þátttakendur sem ýmist höfðu sjálfir upplifað afleiðingar öfgakenndrar þjóðernishyggu í heimalandi sínu eða áttu foreldra eða ættingja sem höfðu reynslu af slíku. Hér talar kona af reynslu:

Ég hef mjög sterka skoðun á því að það gengur ekki. Við erum búin að prófa það, við erum búin að upplifa alls konar stríð í heimum og þetta og hitt sem er ennþá í gangi en nú er tími breytinga og þessar breytingar eru allar að koma gegn okkar vilja. Ef að ég væri nationalisti – ég myndi gjarnan vera þetta og hitt ... það gengur bara ekki! Þetta er það sem mér finnst. Ég er ekki hér til þess að tilheyra einhverjum sérstökum hópi, ég get ekki talað fyrir alla en ég sem einstaklingur, ég trúi þessu.

Önnur kona sagði:

Ég held að það hafi alltaf verið mjög sterkt í íslensku samfélagi, óttinn við hið ókunna. Og það hefur ekki komið upp á yfirborðið af því að það var breitt samþykki um nauðsyn þess að hafa innflytjendur hér ... og ég, eins og ég segi, held ekki að menntun í sjálfri sér er svona almenn forvörn við því.

Enn annar sagði:

En sko það eru – það er hægt að greina svona munstur um hvernig menn fara að haga sér og núna er reiðin aðallega meðal Íslendinga og beinist gegn öðrum Íslendingum, en eftir það þá eru ennþá margir sem eru atvinnulausir og þeir eru „frustrated“ og reiðir og alltaf, hérna, að leita að skotmarki og eru stöðugt að leita að sökudólgi. Og þá, ef t.d. ríkisstjórnin breytist og bankastjórar breytast, þá eru engin skotmörk þarna og þá er bara farið að leita eitthvert annað og þá kemur að útlendingum. Þegar þetta gerist bara í öðrum löndum er þetta ekki svona „intelligence“, þetta er frekar sko svona tilfinningaleg útrás og ég held að það gæti gerst hérna líka sko.

Í þessum hópi hafði verið minnst á nasismann í Þýskalandi og skelfilegar afleiðingar hans. Hér er innlegg frá þýskri konu sem var í hópnun:

Og það er mjög, mjög satt sem að þú sagðir um landið

mitt og það sem gerðist einmitt – afhverju gerðist þetta? Og þegar við hugsum um niðurleik [niðurlægingu] Þjóðverja eftir fyrri heimsstyrjöldina og það sem gerðist, þessi hrikalega þörf fyrir til að verða aftur stolt af landinu sínu og svona, og þetta er nákvæmlega það sem gerðist.

Hún var þá spurð: Gæti þetta gerst hér?

Já, en náttúrulega erum við ekki að bera það alveg saman hvernig þetta var, en það er eitthvað sem Íslendingar voru svo rosalega stoltir af útrásinni og best í heimi og í útlöndum og núna er bara gert grín að Íslandi í öllum löndum. Ísland er orðið samheiti fyrir að fara á hausinn ... og þannig að það er mikil niðurlæging sem þeir upplifa núna og hafa mikla þörf fyrir að hafa eitthvað uppbyggjandi, að hafa aftur stjórn eða verða stoltir aftur.

Hér töldu sumir að eina leiðin fyrir Íslendinga til að ná sér upp úr þeirri niðurlægingu sem bankahrundi hefði valdið væri að verða hluti af stærri heild, þ.e. ganga í Evrópusambandið.

Það er við hæfi að enda þennan þátt á tilvitnun í einn hópinum og umræður þátttakenda um ótta við aukna þjóðernishyggu:

Mér finnst það sjálfsgagt að við séum að versla íslenskt núna, af því að það er að hjálpa þjóðfélaginu yfir ástandið núna. Alveg sama þó að við komum frá Chile. Ég vil kaupa íslenskt. En ég held ekki að það sé aðallega það sem veldur meiri útlendingaandúð núna af því að það vantar meira, það er erfiðara núna. Heldur það eru aðrir þættir. Ef það eru endalaust útlendingar sem eru að gera eitthvað af sér. Það veldur fordómum. Eins og til dæmis á þessum 18 árum sem ég er búin að búa hérna þá fór ég fyrst að heyra um einhverja alvarlega fordóma gegn útlendingum fyrir um það bil þremur árum síðan. Þar sem verið var að segja við fólk svona „farðu heim til þín“ og svona. Eitthvað svoleiðis. En það er aðallega þegar við erum að taka eitthvað frá Íslendingum. Það varð kanski þannig þegar allt í einu opnaðist fyrir ESB, þá kom fullt af fólki að vinna hérna. En sem betur fer var þessi kúla sem var hérna, það var nóg atvinna fyrir alla, kannski núna er miklu minna, og það eru svo margir sem hafa farið aftur til þeirra landa. En ég tel mig vera Íslending, ég er með ríkisborgararétt og er búin að búa hérna það lengi.

Ég myndi ekki fara heim til mín, þú veist til Chile, ég gæti það ekki. En ég held ekki að það verði þannig nema það haldi áfram til dæmis þjófnaðir eða dópið eða eitthvað svoliðis, sem útlendingar eru að gera í miklum mæli. Ekkert öðruvísi.

Rúmlega þrítugur evrópskur maður, sem búið hefur á Íslandi í sjö ár, tekur þá til máls:

Ég hef verið aðeins að spá í þetta og það sem náttúrulega hjálpar þeim sem eru búnir að búa lengi hér á Íslandi og eru orðin góð í íslensku, geta bjargað sér nokkurn veginn, það getur sloppið til, en maður er að velta fyrir sér ef ástandið fer að versna ennþá meira, hvort það verði ekki horft aðeins meira á það hvort þú sért Íslendingur eða útlendingur. Þá getur þetta farið aðeins úr böndunum og farið aðeins að spá meira í þetta – heyrðu þú færð ekki vinnu af því að þú ert ekki Íslendingur, eða þú færð ekki vinnu af því að þú talar ekki nógu góða íslensku, við veljum frekar þennan. Veljum íslenskt þú veist, en hérna – jújú, ég er aðeins farinn að spá í það, en vonandi verður það ekki.

Rúmlega fertug kona frá Asíu segir:

Ég er ekkert persónulega að óttast sjálf, en þetta gæti komið aðeins meira. En eins og ég er vitni að og sé hjá fólki, þá ... ég á líka nokkra pólska vini, og þeir voru að segja að í vinnunni, þá var búið að reka fimm Pólverja, en þeir voru mjög duglegir og allt það og ekkert vesen neitt, bara af því að fleiri Íslendinga vantaði vinnu sko. En þeir eru ekki með íslenskan ríkisborgararétt eða græna kortið eða neitt þannig, og búnir að vera stutt og þeir eru náttúrulega þeir fyrstu sem eru látnir fara. Þetta er náttúrulega – ég veit ekki nákvæmlega hvernig er ástandið, en eins og þeir segja að það eru

til dæmis skólakrakkar sem vinna, þeir bara hanga og gera ekki neitt, en samt eru þeir að halda vinnunni. En ég get ekki dæmt um það, af því að ég hef ekki séð það sjálf í minni vinnu. En ég bara heyri svona sögur, og mér finnst að þetta gæti komið meira. Það er náttúrulega þannig að fólk sem er að missa vinnuna spyr: af hverju er hún með vinnu en ég sem er með framhaldsskólapróf eða háskólapróf? – hún er bara útlensk og svona. Það gæti komið sko.

Umræðunum lauk á því að ekki væri ósennilegt að nú færi þess að gæta meira að Íslendingar yrðu frekar ráðnir í vinnu en útlendingar: „Það þurfi að fara að pressa á Íslendinga að þurfa að velja. Semsagt segja útlendingum að – heyrðu, þú færð ekki. Ekki bara af því að Íslendingum finnst ekki gott að hafa Pólverja í vinnu.“ Einn benti þá á að nú sýndu Íslendingar meiri áhuga á að fara í störf sem þeir hefðu ekki viljað taka að sér fyrir kreppuna.

Í því sambandi var bent á að í þenslunni hefði verið svo mikill skortur á starfsfólki að verslanir, einkum matvöruverslanir og bakarí, hefðu ráðið til sín fólk sem hefði ekki kunnað neitt í íslensku.

Þarna sérðu líka muninn, að fyrir kreppuna var verið að ráða fullt af fólki, við erum að tala til dæmis um eldri borgara sem tala ekki orð í ensku. Og svo fara þeir kannski í bakaríið. Og þeir eru vanir að biðja um kleinuhring. En svo er afgreiðslustúlka þarna sem skilur ekki hvað er verið að segja. Ég skil vel að Íslendingar, eldri borgarar, að það fari í pirrnar á þeim, að það sé ekki verið að tala íslensku. En ég tel þetta ekki vera fordóma. Heldur bara einhver sjálfsagður hlutur af því að það tala ekki allir Íslendingar ensku. En þetta kemur fyrir kreppuna. Og þetta var í fréttunum langt fyrir kreppuna. En núna getur þetta breyst, með kröfur um að kunna íslensku.

6. Þetta vissu þau um Rauða kross Íslands

Auk spurningalista sem lagðir voru fyrir þátttakendur og greint var frá í öðrum kafla voru eftirfarandi spurningar sem tengjast starfsemi Rauða kross Íslands lagðar fyrir þátttakendur:


- 1a. Þekkir þú til Rauða kross Íslands og starfsemi hans?
- 1b. Gætir þú hugsað þér að starfa sem sjálfbodaliði fyrir Rauða krossinn?
2. Hvað getur Rauði krossinn gert til að aðstoða innflytjendur á Íslandi á þessum erfiðu tímum?
3. Hvernig er lítið á Rauða krossinn í ykkar hópi?
4. Þekkir þú til starfs Rauða krossins í þínu heimalandi?

Spurningar 1a og 1b

Alls þekktu fimmtíu og sjö viðmælendur, eða 79% aðspurðra, til Rauða kross Íslands og starfsemi hans. Fjörutíu og fimm, eða 79% viðmælenda, svaraði spurningu 1b játandi um það hvort þeir gætu hugsað sér að starfa sem sjálfbodaliðar fyrir Rauða kross Íslands. Þrír skiluðu auðu og níu viðmælendur svöruðu spurningunni neitandi, eða 16% aðspurðra.

Spurning 2

Spurning númer tvö var: Hvað getur Rauði krossinn gert til að aðstoða innflytjendur á Íslandi á þessum erfiðu tímum? Ekki stóð á svörum frá þátttakendum í rannsókninni. Nokkrir lögðu fram þá hugmynd að RKÍ gæti staðið að ýmiss konar söfnunum, s.s. á fötum, húsgögnum og fjármunum fyrir fátæka og heimilislausa. Fjöldi þátttakenda nefndi einnig að rík þörf væri fyrir samkomustað þar sem innflytjendur gætu komið saman og deilt reynslu sinni og upplifun af ástandinu í þjóðfélaginu. Margir nefndu einnig að gott væri ef RKÍ gæti tekið að sér að miðla upplýsingum til innflytjenda um þá atburði sem átt hafa sér stað í samfélaginu eftir niðursveiflu íslensks efnahagslífs. Nokkrir þátttakendur lögðu til að RKÍ aðstoðaði atvinnulausa innflytjendur við atvinnuleit og veitti þeim um leið mikilvægar upplýsingar varðandi hinar ýmsu stofnanir og starfsemi þeirra. Einnig voru óskir á lofti um að RKÍ stæði að námskeiðum fyrir atvinnulausa innflytjendur, sem gætu aukið atvinnumöguleika þeirra. Þátttakendur bentu einnig á nauðsyn þess að RKÍ aðstoðaði innflytjendur sem eiga við tungumálaerfiðleika að etja og var ókeypis íslenskukennsla nefnd í þessu sambandi. Bent



var á nauðsyn þess að auka upplýsingastreymi um réttindi innflytjenda, ekki síst á íslenskum atvinnumarkaði og að bjóða þyrfti upp á almenna fræðslu um fjármál. Einn viðmælandi nefndi að á að þessum erfiðu tímum væri mjög áriðandi að auka forvarnir gegn fordómum í garð útlendinga, þar sem margir Íslendingar „halda að við séum hér til þess að stela þeirra vinnu.“


Spurning 3

Mikill meirihluti þátttakenda í rannsókninni taldi að almennt væri Rauði krossinn litinn mjög jákvæðum augum í þeirra hópi. Sem dæmi má nefna unga konu frá Tansaníu sem taldi RK gefa „innflytjendum von“ og önnur taldi að RK væri „málsvari innflytjenda í umræðunni um málefni innflytjenda í fjölmenningslegu samfélagi“. Einn þátttakandi sagði að RK væri í sínum huga sú stofnun sem kæmi til bjargar á tímum mikilla hörmunga: fæddi hungraða, fræddi og veitti sjúkum lækniástoð.

Þó flestir þátttakendanna hafi verið jákvæðir í garð Rauða krossins, mátti einnig greina ákveðna bituð í garð hans frá nokkrum þátttakendum sem sögðust lítið hafa haft af RK að segja. „Hingað til hef ég ekki orðið vör við neina ástoð frá þeim“ ritaði einn þátttakandinn. Einnig töldu nokkrir þátttakendur að RK sem stofnun væri alls ekki nægilega sýnilegur í samfélaginu. Þátttakandi frá Ástralíu taldi að viðhorf í garð RK í hennar hópi lituðust enn dálítið af neikvæðri umfjöllun á síðum ástralskra dagblaða fyrir nokkrum árum síðan.

Spurning 4

Af þeim fimmtíu og sex viðmælendum er svöruðu spurningunni um hvort þeir þekktu til starfsemi Rauða krossins í sínu heimalandi, svöruðu þrjátíu og tveir spurningunni játandi, eða 60%. Einn skilaði auðu og tuttugu og tveir, eða 39%, svöruðu spurningunni neitandi.



7. Niðurstöður rannsóknar

Ásýnd mannlífsins á Íslandi hefur tekið stakkaskiptum á aðeins örfáum árum. Ísland er ekki lengur menningarlega einsleitt eins og það var um aldaradir, heldur er það orðið jafn menningarlega fjölbreytilegt og löndin í kring. Saga innflytjenda á Íslandi og reynsla af sambýli heimamanna við þá er reyndar mjög stutt miðað við nágrannalöndin, bæði í Evrópu og vestan hafs. Það sem einkennir alþjóðlega búferlaflutninga til landsins er hve þeir hafa aukist hratt á aðeins örfáum árum. Innflytjendur á Íslandi er nú nálægt þrjátíu þúsundum, sem jafngildir öllum íbúum Kópavogs eða, ef notaður er annar samanburður, öllum íbúum Vestfjarða, Norðurlands vestra og Austurlands. Það er ekki lítill hópur.

Innflytjendur á Íslandi eru ákaflega sundurleitur hópur innbyrðis og koma víðsvegar að úr heiminum. Þó einkennir það samfélag innflytjenda hér á landi að langstærstur hluti þeirra er af evrópskum uppruna, ljós á hörund og kristinnar trúar. Tæplega helmingur þeirra kemur frá Póllandi. Streymi erlendra ríkisborgara/innflytjenda til landsins hefur fyrst og fremst miðast við þarfir atvinnulífsins, eins og kom glöggst í ljós í efnahagsþenslu undangenginna ára. Í góðæri, þegar næg atvinna er í boði, eru minni líkur á að slái í brýnu á milli aðfluttra og heimamanna en þegar harðnar á dalnum aukast hins vegar líkurnar á því, eins og reynsla annara landa sýnir. Nauðsynlegt er fyrir yfirvöld hér á landi að halda árvekni sinni og stuðla að því í hvívetna að þetta sambýli verði áfram farsælt.

Áður en lengra er haldið er mikilvægt að benda á að þessi rannsókn náði ekki til þess hóps erlendra ríkisborgara á Íslandi sem ef til vill er í hvað viðkvæmasti stöðu. Þetta eru einstaklingar sem koma frá löndum utan ESB, hafa unnið hér skemur en fimm ár og eru ekki komnir með búsetuleyfi. Þeir hafa fengið dvalarleyfi til árs í senn og er leyfið háð því að þeir geti framfleytt sér. Þessir einstaklingar eiga ekki rétt á atvinnuleysisbótum, missi þeir vinnu sína. Þiggi þeir opinbera framfærslu fyrirgera þeir rétti sínum til að öðlast íslenskt ríkisfang. Þetta er sá hópur fólks sem líklegt er að verði „ósýnilegur“ ef svo má að orði komast, einkum þeir sem af einhverjum ástæðum eiga ekki afturkvæmt til síns heimalands og dvelja hér eftir að dvalarleyfi þeirra rennur út. Viðmælendur MIRRA í rannsókninni bentu margir hverjir á viðkvæma stöðu

þessara einstaklinga. Mjög erfitt er að gera sér grein fyrir stærð hópsins en hann getur skipt nokkrum hundruðum.

Hvaða niðurstöður er hægt að draga af viðhorfum meðal innflytjenda sem tóku þátt í rannsókninni Staða innflytjenda á erfiðleikatímum? Fyrst af öllu er rétt að undirstrika að úrtakið var ekki slembiúrtak heldur voru þátttakendur valdir eftir ákveðnum leiðbeiningum svo hægt væri að ná sem mestri breidd í hópana. Úrtakið var lítið – 57 manns frá 25 löndum – og því hæpið að alhæfa um viðhorf og afstöðu allra innflytjenda á Íslandi út frá svo litlu úrtaki. Hins vegar gefa raddir þátttakenda innsýn í reynslu og viðhorf þeirra einstaklinga sem tóku þátt í rannsókninni. Nauðsynlegt er að hafa þetta í huga þegar rýnt er í það sem fram kom í umræðunum.

Langflestir þátttakendur í rannsókninni voru á aldrinum 25-45 ára og mun fleiri konur fengust til þátttöku en karlar, þrátt fyrir að hlutfall karla og kvenna meðal erlendra ríkisborgara sé körlum verulega í hag. Meirhluti þátttakenda hafði búið hér lengur en fimm ár og skipting milli þeirra sem komu frá ESB-löndum og löndum utan ESB var nokkuð jöfn. Meira en tveir þriðju áttu hér fjölskyldu, maka og börn og um helmingur átti aðra ættingja á Íslandi, þ.e. foreldra, systkini eða frændfólk. Flestir komu til Íslands vegna vinnu eða vegna erfiðleika í heimalandinu sem urðu hvatí til að leita að betra lífi. Athyglisvert er hversu hátt menntunarstig þátttakenda var og í þeim efnum var enginn munur á fólki frá Evrópulöndum og löndum utan Evrópu. Reyndar er lítið vitað um hvaða menntun innflytjendur á Íslandi búa yfir og er rannsókn þörf á því sviði.

Fram kom í umræðum að á þeim dögum sem bankahrunið dundi yfir íslenskt samfélag, í byrjun október 2008, hefði upplýsingum verið ábótavant. Þeir sem höfðu best vald á íslensku gekk best að afla sér upplýsinga og eins voru þeir sem voru í góðum tengslum við Íslendinga – gegnum mægðir eða vinnu – betur settir en hinir sem ekki höfðu eins greiðan aðgang að Íslendingum. Þó íslenskukunnátta skipti verulegu máli taldi meirhluti þátttakenda að upplýsingum hefði verið ábótavant. Þetta gildir líka um þá sem dvalið hafa lengi í landinu, hafa mjög gott vald á tungumálinu og tengjast Íslendingum fjölskylduböndum. Margir kvörtuðu einnig yfir því að hafa litlar sem engar upplýsingar fengið um starfsemi bankanna.

Þetta átti bæði við um upplýsingar um lánaskilmála, bæði vegna íbúðalána og annarra lána, og um gjaldeyrishöft.

Athyglisvert var hve margir þátttakendanna höfðu upplifað erfiðar efnahagsaðstæður í heimalandinu. Það voru ekki endilega kreppur á fjármálamörkuðum eða bankakreppur, heldur kreppur sem stöfuðu af vöruskorti, atvinnuleysi, viðskiptabanni, misskiptingu gæða, harðstjórn, einræðisstjórn, stríði og náttúruhamförum. Þessar „kreppur“ voru í mörgum tilfellum viðvarandi í áravís. Fjölmargir höfðu því mikla reynslu af sparnaði og nýtni, áttu erfitt með að skilja eyðslusemi Íslendinga og voru undrandi á mikilli neyslu meðal þeirra. Margir höfðu búið við ótrygga atvinnu í heimalandinu og aldrei kynnst greiðum aðgangi að fjármagni eins og tíðkaðist hér á landi. Margir voru líka á því að skortur væri afstæður, einkum þeir sem höfðu upplifað miklar þrengingar í heimalandi sínu og fannst kreppan á Íslandi lítillæg í samanburði. Þeir sem voru búinir að missa vinnu eða voru óöruggir með vinnu, voru engu að síður uggandi um framtíðina.

Reynsla viðmælenda af upplýsingaflæði fram að kreppu var afar misjöfn. Eins og í mörgum öðrum eignum virðast þeir vera best settir sem eru í góðu sambandi við Íslendinga, annað hvort í gegnum mægðir, vinnu eða vinskap. Margir töluðu um að hafa fengið ómælda hjálp frá þeim. Aðrir nutu góðs af samlöndum sínum, ættmönnum og vinum, sem komnir voru á undan þeim til landsins og voru þeim innanhandar með upplýsingar og ráðgjöf um íslenskt samfélag. Enn aðrir hældu vinnuveitendum sínum, samstarfsfólki og stéttarfélögum fyrir að hjálpa sér og kynna sér réttindi um orlof, veikindadaga, sumarfrí, skattamál og fleira.

Þó meirihlutinn hefði fremur jákvæða reynslu af íslenskum vinnumarkaði, var auðheyrt að framkoma vinnuveitenda var í sumum tilvikum algerlega óásættanleg. Sagt var frá dæmum um mismunun, bæði hvað varðar laun og upplýsingar um réttindi og skyldur á vinnustað.

Mikill meirihluti viðmælendanna hefur eignast vini hér á landi en þó bar flestum saman um að erfitt væri að kynnst Íslendingum, þeir væru mjög alvarlegir í fasi og seinir til þess að hleypa ókunnugum að sér, einkum ef þeir töluðu erlent tungumál. Þá voru vísbendingar á lofti um að erfiðara reyndist fyrir fólk með annan litarhátt en heimamenn að eignast vini hér á landi. Ennfremur töldu sumir viðmælenda miklu skipta er kom að því að eignast hér vini að geta talað einhverja íslensku og að sýna áhuga á að læra hana.

Þegar rætt var hvort viðmælendur hefðu upplifað breytingar á viðmóti Íslendinga í þeirra garð eftir að

kreppan skall á, taldi mikill meirihluti að lítinn sem engan mun væri að merkja á þessu og sumir töldu að enn væri of snemmt að segja til um slíkt. Oft bar þó á góma að sífellt væri verið að spyrja fólk hvort það héldi enn störfum sínum. Einnig bar nokkuð á því í svörum viðmælenda að þótt að þeir hefðu sjálfir ekki upplifað neinar breytingar á viðmóti Íslendinga, þá hefðu þeir skynjað breytingar til hins verra í umræðunni í samfélaginu um fólk af erlendum uppruna og óttuðust hvert framhaldið yrði ef efnahagsástand hér á landi færi ekki fljótlega batnandi.

Meirihluti viðmælenda í rannsókninni hafi myndað góð tengsl innan síns etniska samfélags á Íslandi en einnig voru dæmi um að tengslin væru fremur lítil eða jafnvel alls engin. Orsök lítilla tengsla innan etnískra samfélaga liggur einna helst í því mikla vinnuálagi sem einkenndi líf margra innflytjenda fram að niðursveiflu íslensks efnahagslífs.

Eins og tölur Vinnuálastofnunar sýna, er atvinnuleysi meðal erlendra ríkisborgara meira en almennt gerist í íslensku samfélagi nú á þeim mánuðum sem liðnir eru af árinu 2009. Földi viðmælenda í rannsókn þessari (um 16%) hafði þegar misst vinnu sína og mörgum hafði borist uppsagnarbréf og voru að vinna uppsagnarfrest sinn. Aðrir héldu vinnu sinni en sumir höfðu þurft að taka á sig lækkað starfshlutfall. Þeir viðmælendur sem áttu sér íslenskan maka höfðu einna minnst áhyggjur af afkomu sinni ef svo færi að þeir misstu vinnu sína. Af þeim sem áttu íslenskan maka hafði töluverður fjöldi þegar misst vinnu sína á meðan íslenski makinn hélt enn vinnu sinni.

Töluverðan afkomuótta mátti greina af samtölum við viðmælendur, bæði þá sem þegar höfðu misst vinnu sína og þá er enn héldu henni eða hluta af henni. Í því sambandi var mikið rætt um hve erfitt væri að ná endum saman í niðursveiflunni, þegar allt hækkaði í verði, bæði afborganir af lánum og matvara, á meðan launin stæðu í stað.

Hjá viðmælendum sem komu frá löndum utan ESB/EES mátti greina mikinn ótta við að verða vísað úr landi við atvinnumissi, enda er réttur þeirra til þess að dvelja í landinu háður því að þeir geti framfleytt sér á eigin spýtur. Einnig bar mun meira á afkomuótta hjá þessu fólki, þar sem það getur ekki sótt um félagslega hjálp nema eiga á hættu að fyrirgera rétti sínum til að sækja um búsetuleyfi og síðar meir ríkisborgararétt.

Í umræðum um reynslu af fordómum í eigin garð eða barna sinna var athyglisvert að fyrst í stað vildu fæstir þátttakenda í hópamtölunum gera mikið úr því að hafa sjálfir orðið fyrir fordómum eða aðkasti. Þegar líða fór á fundina og fólk var orðið opnara um eigin hagi kom oft í

ljós að ekki var allt sem sýndist í þeim efnum. Oft var um að ræða börn eða unglínga – meira eða minna drukkna – sem hrópuðu glósur á eftir fólki, eða íslenska karla sem voru að abbast upp á erlendar konur á skemmtistöðum með dónaskap. Einnig voru nefnd nokkur tilvik frá vinnustöðum viðkomandi. Fram kom að í fæstum tilfellum virtust vera tengsl milli kreppuástandsins og neikvæðrar hegðunar. Einnig kom fram þegar líða fór á viðtölin, að nokkrar konur, einkum frá Asíu og suðrænum löndum, höfðu oft orðið fyrir aðkasti og dónaskap karlanna. Þetta var í flestum tilfellum þegar þær voru nýlega fluttar til Íslands og töluðu litla íslensku. Ekkert benti til að börn viðmælenda hefðu orðið fyrir auknum fordómum eða aðkasti í kjölfar kreppunnar. Í samræðunum var hins vegar áberandi hve margir kvörtuðu um skort á umburðarlyndi Íslendinga gagnvart öðrum tungumálum og því að tala íslensku með hreim.

Þegar viðmælendur voru inntir eftir því hvaða

leiðir þeir hefðu til að takast á við kreppuna, skiptust svörin í flokka eftir því hvort fólk hafði vinnu og/eða fyrirvinnu, hvort það óttaðist að missa starf sitt eða hvort það var þegar búíð að missa hluta starfs síns eða orðið atvinnulaust. Það fólk sem var í vinnu hafði minnstar áhyggjur og fæstir þeirra höfðu tekið upp nýja hætti til að takast á við kreppuna. Langflestir lögðu ríka áherslu á mikilvægi fjölskyldunnar og töldu afar mikilvægt að hún stæði saman.

Varðandi ugg um aukna þjóðernishyggju á Íslandi í kjölfar efnahagsþrenginga, var augljóst að mestar áhyggjur komu fram hjá fólki sem er upprunnið í löndum þar sem þjóðernishyggja hefur farið offari. Þetta fólk var meira uggandi og taldi líkur á að þjóðernishyggja myndi aukast, einkum ef atvinnuástand versnaði og efnahagsþrengingar færu vaxandi.

Heimildaskrá

„Atvinnulífð á síðasta ári: 1800 útlendingum veitt atvinnuleyfi.“ (1990, 25. jan.) *Morgunblaðið*.

Bendel, P. (2007). Everything Under Control? The European Union's Policies and Politics of Immigration. Í Ette og Faist (Ritstj.) *The Europeanization of National Policies and Politics of Immigration: Research, Questions and Concepts*. New York: Palgrave Macmillan.

Bygðastofnun og Hagfræðistofnun Háskóla Íslands. (2007). *Hagvöxtur landshluta 1998–2005*. Reykjavík.

Bygðastofnun. (2004, ágúst). *Bygðarlög í sókn og vörn: Norðurland eystra*. Reykjavík.

Castles, S. og Miller, M. (2003). *The Age of Migration* (Third Edition). New York: The Guilford Press.

DeParle, J. (2008, 18. nóv.) „Migrant Money Flow: A \$300 Billion Current.“ *The New York Times*.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið. (2007). *Vefrit 2007:6*.

Dröfn Haraldsdóttir. (2007). *Herinn frá Austur Evrópu: Stækkun ESB og fjárlst flæði fólks*. Óbirt lokaritgerð: Háskóli Íslands, Félagsvísindadeild.

Erlent starfsfólk á íslenskum vinnumarkaði: Vinnumálastofnun (19. okt. 2007).

„Europe: Europe's huddled masses; Migration.“ (2007, 20. jan.) *The Economist*.

ECRI – European Commission against Racism and Intolerance. (2007). *Third Report on Iceland 2007* – www.coe.int/ecri
Efling-stéttarfélag, vefsíða.
http://www.efling.is/um_felagid/?ew_news_onlyarea=SubNewsArea&ew_news_onlyposition=2&cat_id=22793&ew_2_a_id=114185.

Ette, A. og Faist, T. (2007). „Introduction“ í Ette og Faist (Ritstj.), *The Europeanization of National Policies and Politics of Immigration: Research, Questions and Concepts*. New York: Palgrave Macmillan.

Félagsmálaráðuneytið. (2007, jan.). *Stefna ríkisstjórnarinnar um aðlögun innflytjenda*. Reykjavík.

„Frystihús mikið til búin að ráða erlent verkafólk.“ (1987, 6. okt.) *Morgunblaðið*.

„Fulltrúar frá Greenstones á Blönduós í dag“ (2009) 4.júní. www.feykir.is

Guðlaug J. Sturludóttir et al. (2008, sept.). *Ungt fólk, samfélagið og verkalyðshreyfingin. Viðhorfskönnun í maí til júlí 2008*.

Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. (http://www.asi.is/Portaldata/1/Resources/documents/AS__sk_rsla.pdf)
Hagstofa Íslands. 2009. www.hagstofa.is

Hagstofa Íslands. (2009, 16. mars). Mannfjöldi eftir ríkisfangi og fæðingarlandi 1. janúar 2009. *Fréttasafn: Nr. 50/2009*.

Hagstofa Íslands. (2009, 20. jan.). Innflytjendur og einstaklingar með erlendan bakgrunn 1996-2008. *Hagtíðindi, 2009:1*.

Hilda Jana Gísladóttir og Jóhann Ásmundsson. (2007). *Könnun á stöðu innflytjenda á Norðurlandi. Akureyri: Rauði kross Íslands*.

Hjalti Jóhannesson (ritstj.). (2008). *Rannsókn á samfélagsáhrifum álvæðing- og virkjunarframkvæmda á Austurlandi*. Akureyri: Rannsóknarstofnun Háskólans á Akureyri.

Horft til framtíðar – Stefnumótun og aðgerðaáætlun í málefnum innflytjenda. (2009, mars). Reykjavík: Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar.

„Hvað finnst þér um innflutning erlends vinnuafis?“ (1987, 6. okt.). *Morgunblaðið*.

Íris Ellenberger. (2003). *Stefna stjórnvalda í málefnum innflytjenda á Íslandi 1944-2000*. (Óbirt BA ritgerð). Háskóli Íslands, Heimspeikeild.

Jón Daníelsson og Gylfi Zoega. (2009, 12. mars). *The Collapse of a Country*. Greinina má finna á: http://www.hi.is/files/skjol/felagsvisindasvid/GZ_og_JDeng-published-3-jdgz-final.pdf.

Jón R. Hjálmarsson. (1979). *Séð og heyrt á Suðurlandi – 22 Sunnlendingar segja frá*. Selfoss: Suðurlandsútgáfan.

Kristín Erla Harðardóttir. (2007, ágúst). *Könnun á viðhorfum starfsfólks í fiskvinnslu á norðanverðum Vestfjörðum*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

- (2004). *Viðhorf innflytjenda á Vestfjörðum og Austurlandi*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
„*Kröfjur farandverkaþólks njóti forgangs í samningaviðræðum*.“ (1980, 10.feb.). *Morgunblaðið*.

Landspítali Háskólasjúkrahús LSH vefsíða:

[http://www4.landspitali.is/lsh_ytri.nsf/pages/lsh_yfirlitstolur2/\\$FILE/lykiltolur_lsh_080509.pdf](http://www4.landspitali.is/lsh_ytri.nsf/pages/lsh_yfirlitstolur2/$FILE/lykiltolur_lsh_080509.pdf) og
[http://www4.landspitali.is/lsh_ytri.nsf/pages/frettir_4683/\\$FILE/arsskyrsla_lsh_2008.pdf](http://www4.landspitali.is/lsh_ytri.nsf/pages/frettir_4683/$FILE/arsskyrsla_lsh_2008.pdf).

Laun í Skagafirði – úttekt unnin fyrir atvinnu og ferðamálanefnd Skagafjarðar. (október 2004). Útgefandi: Atvinnuþróunarfélag Norðurlands vestra. <http://www.skagafjordur.is/upload/files/Tekjusamanbur%C3%B0ur%20lokaskjal.pdf>

Lindsay, A.C. og Huble, A.M. (2006). Conceptual reconstruction through a modified focus group methodology. *Social Indicator Research*, 79:437–454.

Lög um íslenskan ríkisborgararétt nr. 100/1952.

Massey, D.S. et al. (2005) [1998]. *Worlds in Motion – Understanding International Migration at the End of The Millennium*. Oxford: Clarendon Press.

Mat á áhrifum skerðingar fiskveiðiheimilda í sveitarfélögum á Norðurlandi vestra. (ágúst 2007). Útgefandi: Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra SSNV. <http://www.ssnv.is/Portals/62/Kv%C3%B3tasker%C3%B0ing-sk%C3%BDrsla-loka%C3%BAtg%C3%A1fa%2031.08.07.pdf>

Morgan, D.L. (1996). Focus groups. *Annual Review of Sociology*, 22:129-152.

„Neita að láta erlent fólk afgreiða sig.“ (Sept. 25, 2007). *Fréttablaðið*.

Oscar Clausen. (1967- 1968). *Sögur og sagnir af Snæfellsnesi. I og II*. Hafnarfjörður: Skuggsjá.

Ólafur Arnarson. (2009). *Sofandi að feigðarósi*. Reykjavík: JPV útgáfa.

„Ósamræmi í upplýsingum og aðstöðu erlendra verkamanna.“ (1980, 29. feb.). *Morgunblaðið*.

Papademetriou, D.G. og Somerville, W. (2009, jan.). *Migration and the Economic Downturn: What to Expect in the European Union*. Washington D.C.: Migration Policy Institute.

Peningamál (2009:2). Reykjavík: Seðlabanki Íslands.

Pétur Eiríksson. (2008). *Þýska landnámið*. Reykjavík: Sögufélag.

Philipp, J.C. (2008, sept.). *Migration and Remittances Factbook 2008*. Middletown: Choice.

Portes, A. (2007). Migration, Development, and Segmented Assimilation: A Conceptual Review of the Evidence. *The ANNALS of the American Academy of Political and Social Science*; 610–73.

Reykjavíkurbréf. (1987, 30. ágúst). Morgunblaðið.

Samband íslenskra sveitarfélaga. (2009, jan.). *Stefnumótun Sambands íslenskra sveitarfélaga í málefnum innflytjenda* (sjá: www.samband.is). Reykjavík: Höfundur.

Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra SSNV - Ársskýrsla 2008. <http://www.ssnv.is/>

Sigurgrímur Jónsson, Jón Guðmundsson og Páll Lýðsson. (1989). *Flóabúið – Saga Mjólkurbús Flóamanna í 60 ár*. Selfoss: Mjólkurbú Flóamanna.

Staða á vinnumarkaði. útg. VMST desember 1999-2008. <http://www.vinnuvalastofnun.is/utgefing-efni-og-talnaefni/skyrslu-atvinnuastand>. Reykjavík: Vinnuvalastofnun.

„Tíundi hver fiskverkamaður útlendingur.“ (2002, 27. ágúst). *Fréttablaðið*.

„Tvítýngdur hversdagsleiki.“ (Sept. 25, 2007). *Fréttablaðið*.

“Útlensku starfsfólki sýndur dónaskapur.” Leiðari: (Sept. 25, 2007). *Fréttablaðið*.

Unnur Dís Skaptadóttir. (2006). Fjölmennung og samlögung. *Kirkjuritið*, 72:1, bls. 13-16.

„Útlendingar snúa aftur til Íslands. Betra að vera atvinnulaus hér á landi.“ (2009, 8. maí). *Morgunblaðið*.

„Útlent verkafólk um alla Vestfirði.“ (1978, 29. mars). *Alþýðublaðið*.

„Vestfirðingur flytja inn fleiri stúlkur en áður.“ (1976, 12. nóv.). *Morgunblaðið*.

Wade, R. (2008, 13. des.). A Crisis of The System. *International Herald Tribune*.

Þingsályktunartillaga um málefni innflytjenda: <http://www.althingi.is/altext/135/s/1226.html>

Viðaukar – töflur og gröf

- Viðauki I. Kynningarbréf til þátttakenda í rannsókninni**
- Viðauki II. Spurningalisti**
- Viðauki III. Íbúapróun eftir landshlutum**
- Viðauki IV. Aldursdreifing innflytjenda**

VIÐAUKI I

Kynningarbréf til þátttakenda í rannsókninni

MIRRA, Miðstöð InnflytjendaRannsókna ReykjavíkurAkadémíunni er í samvinnu við Rauða kross Íslands að rannsaka stöðu og líðan innflytjenda á Íslandi á erfiðleikatímum.

Rætt verður við fólk af erlendum uppruna í litlum hópum (rýnihópum), um hluti eins og hvernig lífið var fram að kreppunni, hvernig fólk upplifir ástandið núna, hvort einhverjar breytingar hafi orðið með vinnu, samskipti við Íslendinga og hvernig fjölskyldan tekst á við erfiðleikana. Þátttakendur verða líka beðnir að fylla í eyðublað með skriflegum spurningum. Rannsóknin tekur um 2,5–3 klukkutíma og verður gerð seinni hluta dags að loknum hefðbundnum vinnutíma. Boðið verður upp á léttan kvöldverð.

Það er mjög mikilvægt að heyra raddir innflytjenda til þess að hægt sé að átta sig á ástandi og þörfum í þessum hópi og m.a. bæta þjónustu Rauða krossins við innflytjendur. Þessi rannsókn er algerlega nafnlaus og fyllsta trúnaðar verður gætt. Engar upplýsingar verða skráðar sem hægt er að rekja til ákveðinna einstaklinga.

Starfsfólk MIRRU og Rauða kross Íslands væri ákaflega þakklátt ef þú vildir taka þátt í þessari mikilvægu rannsókn.

MIRRA, the Center for Immigration Research at the Reykjavík Academy, is conducting a research study in cooperation with the Icelandic Red Cross, about how immigrants in Iceland deal with the economic crisis.

The researchers will discuss with people of foreign origin in small groups (focus groups), about topics like how life was before the onset of the crisis, how people perceive the present situation, whether there have been any changes concerning work, interaction with Icelandic people, and how the family copes with difficulties. Participants will also be asked to fill in a form with written questions. The session will take ca 2,5–3 hours, in the late afternoon after ordinary working hours. A light supper will be served.

It is very important to hear what immigrants have to say so as to map the current situation and identify the needs of this group and, among others, improve the service of the Red Cross towards the immigrant population. The study is anonymous and strict confidentiality will be observed. No information that can be traced to individual persons will be registered.

The staff of MIRRA and of the Red Cross would be very grateful if you would agree to participate in this important research.

VIÐAUKI II

Staða innflytjenda á Íslandi á erfiðleikatímum

Samstarfsverkefni MIRRA og RKÍ

Spurningalisti fyrir skrifleg svör

ALMENNT

1. Kyn: karl kona
Aldur _____
2. Upprunaland _____
Ef þú ert gift(ur) eða í sambúð
3. Byr maki þinn / sambúðarmaki líka hér á landi með þér? já nei
4. Fjöldi, aldur og kyn barna á heimilinu:

5. Áttu aðra ættingja á Íslandi (foreldra, systkini, frændur, frænkur)? Hvaða?:

6. Menntun þín: grunnskólapróf
 verkmenntun
 framhaldsskólapróf
 háskólapróf
7. Núverandi starf: _____
Síðan hvenær? _____
Ertu í meira en einu starfi? (t.d. vaktavinnu) Já Nei
Ef svarið er já, vinsamlegast lýstu því _____
8. Fjöldi vinnustunda á viku (venjulega)
 minna en 30 klukkustundir
 30-40 klukkustundir
 40-50 klukkustundir
 50 klukkustundir eða fleiri
9. Ert þú:
atvinnulaus? Já Nei
í námi Já Nei
Ef svarið er já, síðan hvenær? _____
10. Hve lengi hefur þú búið á Íslandi?
2-3 ár 3-5 ár 5-7 ár lengur
11. Hvers vegna fluttir þú til Íslands? _____
Ef þú átt börn sem búa hjá þér á Íslandi:
12. Komu börnin til Íslands um leið og þú? Já Nei
Ef ekki, hve lengi hafa þau verið á Íslandi? _____
13. Áttu einhver börn í heimalandinu? Já Nei
14. Hvers konar dvalarleyfi hefur þú?

- Tímabundið dvalarleyfi
- Ótímabundið búsetuleyfi (dvalið lengur en 4 ár á landinu)
- Íslenskan ríkisborgararétt

FÉLAGSLEG TENGL OG UMHVERFI

15. Hvernig er samband þitt við samtök samlanda þinna eða við annað fólk frá sama landi og þú?

16. Áttu persónulega vini eða kunningja úr hópi

- | | | |
|------------------------|-----------------------------|------------------------------|
| Íslendinga | Já <input type="checkbox"/> | Nei <input type="checkbox"/> |
| Fólks frá öðrum löndum | Já <input type="checkbox"/> | Nei <input type="checkbox"/> |

TUNGUMÁLAFÆRNI OG TUNGUMÁLANOTKUN

17. Hvaða tungumál er talað á heimilinu?

milli fullorðinna _____

milli foreldra og barna _____

18. Hvaða tungumál notar þú?

í vinnunni _____

í daglegum samskiptum við aðra (í verslun, skóla, hjá lækni, í banka, við nágranna o.s.frv.) _____

19. Getur þú talað önnur tungumál en móðurmál þitt?

Hvaða? _____

20. Hvernig finnst þér að þér gangi að tala íslensku?

mjög vel vel sæmilega illa

21. Hvernig finnst þér að þér gangi að skilja íslensku?

mjög vel vel sæmilega illa

22. Langar þig til að taka fleiri námskeið í íslensku?

já nei veit ekki

23. Hve mikið hefur þú fylgst með íslenskum fréttum og atburðum í byggðarlaginu á síðustu árum?

mjög vel vel af og til fylgist ekki með

24. Hve mikið hefur þú getað fylgst með fréttum af kreppunni á Íslandi?

mjög vel vel af og til fylgist ekki með

PERSÓNULEGAR FJÁRHAGSLEGAR AÐSTÆÐUR OG ÁHRIF Á FJÖLSKYLDUNA

25. Hefur þú sent peninga til ættingja í heimalandi þínu á undanförunum árum?

Já Nei

Ef svarið er já: Reglubundið af og til

26. Ef svarið við spurningunni á undan var já:

Getur þú ennþá sent peninga til heimalandsins? Já Nei

Ef svarið hér fyrir ofan var nei, hefur þú áhyggjur af afkomu ættingja í heimalandinu?

Já Nei

Hafa tengslin við ættingja í heimalandinu breyst vegna þess að þú getur ekki lengur sent peninga heim?

Já Nei

27. Hefur þú fengið nægilegar upplýsingar (á móðurmáli þínu eða á tungumáli sem þú skilur) um breytingar á möguleikum til að senda peninga milli landa?

Já Nei

28. Ef þú sendir ennþá peninga til heimalandsins, hefur þú lent í vandamálum við það síðan kreppan byrjaði?

Já Nei

29. Ef svarið við síðustu spurningu var já, hvers vegna.

Vegna þess að flutningar á gjaldeyri eru takmarkaðir

Ég veit ekki nákvæmlega hvers vegna

Annað. Hvað?: _____

Ef þú ert í vinnu núna:

30. Ertu hrædd(ur) um að missa vinnuna? Já Nei

31. Hefur þú orðið fyrir:

fækkun á vinnutímum? Já Nei

lækkun á launum? Já Nei

32. Hefur þú ástæðu til að halda að þú munir fá verri meðferð í kreppunni en íslenskir vinnufélagar þínir?

Já Nei

33. Hefur þú og fjölskylda þín þurft að skera niður daglegan kostnað vegna kreppunnar?

Já Nei

Ef svarið er já, hvernig?

hætt að kaupa skólamáltíðir fyrir börnin

minnkað íþrótt- og frístundastarf barnanna

hætt að láta börnin vera á "frístundaheimili"^{69*}

kaupa ódýrari mat

búin að selja bílinn

Annað. Hvað?: _____

34. Finnst þér að efnahagskreppan hafi haft áhrif á heilsu og líðan þína og fjölskyldunnar, til dæmis börnin?

Já Nei

35. Ef svarið var já, hefur þú leitað eftir aðstoð? Já Nei

hjá lækni

hjá sálfræðingi eða félagsráðgjafa

hjá skólahjúkrunarfræðingi eða öðru starfsfólki skóla

hjá presti eða trúarleiddoga

hjá öðrum, hverjum? _____

36. Hefur þú þurft að sækja um fjárhagslega aðstoð vegna kreppunnar?

Já

Nei

37. Óttast þú að það hafi neikvæð áhrif á möguleika þína til að fá framlengt dvalarleyfi / búsetuleyfi / ríkisborgararétt ef þú sækir um aðstoð? Já Nei

RAUÐI KROSS ÍSLANDS

38. Þekkir þú til Rauða kross Íslands og starfsemi hans?

Já

Nei

Gætir þú hugsað þér að starfa sem sjálfboðaliði fyrir Rauða krossinn?

Já

Nei

39. Hvað getur Rauði krossinn gert til að aðstoða innflytjendur á Íslandi á þessum erfiðu tímum?

40. Hvernig er lítið á Rauða krossinn í ykkar hópi? _____

41. Þekkir þú til starfs Rauða krossins í þínu heimalandi?




Já




Nei

VIÐAUKI III


ÍBÚAÞRÓUN EFTIR LANDSHLUTUM 1999-2008

Heimild: Byggðastofnun og Hagstofa Íslands






Íbúafróun á Austurlandi 1999-2008




Íbúafróun á Suðurlandi 1999-2008



VIÐAUKI IV

Aldursdreifing innflytjenda janúar 2008



Heimild:

Karl Sigurðsson, Vinnumálastofnun. Erlent starfsfólk á íslenskum vinnumarkaði – þróun og horfur. Ráðstefna Alþjóðahúss og Mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar um atvinnumál útlendinga, 6. nóvember 2008.